

SKEL



ÁRSSKÝRSLA
2023



Ársskýrsla 2023

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	5
Stjórn	6
Vegferðin	8
Ávarp forstjóra	11
Fjárhagur 2023	12
Eignasafn	18
Stefna	34
Sjálfbærni	36
Ársreikningur 2023	39
Stjórnarháttayfirlýsing	73
Sjálfbærniskýrsla	85

Okkar hlutverk er að þróa tækifæri með langtíma verðmætasköpun að leiðarljósi

Jón Ásgeir Jóhannesson Stjórnarformaður | Tók fyrst sæti 2019

Jón Ásgeir er stofnandi Bónuss, fjárfestir og ráðgjafi. Áður starfaði Jón sem forstjóri Haga. Hann hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum en hann hefur sinnt stjórnarformennsku fyrir Haga og síðar Baug Group ásamt stjórnarstörfum fyrir Iceland Foods og Magazin du Nord, auk fjölda annarra innlendra félaga.

Jón Ásgeir situr einnig í stjórn Strengs hf. og Heimkaups ehf. og er varamaður í stjórn 365 hf. og Lyfjavalshf. Jón er formaður starfskjaranefndar SKEL.

Ávarp stjórnarformanns

Ekkert orkuleysi hefur einkennt rekstur SKEL síðustu 12 mánuði. Mikið starf hefur verið unnið frá því vegferð SKEL hófst árið 2020 með innkomu Strengs inn í Skeljung. Með einföldun á rekstri eininga og fjárfestingum til að stækka félögin hefur eigið fé vaxið úr 9 milljörðum í tæpa 38 milljarða. Á vegferðinni hefur verið horft til þess sem hefur verið kallað „buy and build“ en á sama tíma hafa augu stjórnar og starfsmanna verið á skráðum eignum SKEL þar sem forstjóri félagsins hefur setið í stjórnnum bæði Kaldalóns og VÍS. Við höfum einnig unnið að því að gera eignir seljanlegri en gott dæmi um það er að á liðnu ári voru keyptar 55 íbúðir í 5 milljarða viðskiptum þar sem hluti kaupverðs var greiddur með eignarhlut í fasteignaþróunarfélaginu Reir Þróun. Á liðnu ári markaði stjórn félagsins þá stefnu að fjárfestingar félagsins skyldu í auknum mæli vera færðar erlendis, þannig að um 30% af eignum félagsins verði utan Íslands eftir tvö ár. Í raun er þó ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða þegar haft er í huga að árið 2018 var um 40% af hagnaði félagsins að koma frá starfsemi Magn í Færeyjum.

Markmið félagsins er að í eignasafni félagsins séu á hverjum tíma sjö grunnfjárfestingar þar sem sterkur efnahagur SKEL verður nýttur til að styðja við þróun og vöxt fjárfestinganna. Verkefnið er í sjálfu sér einfalt: Við kaupum, bætum og seljum eða kaupum bætum og höldum. Buffet sagði einhverju sinni ekki kaupa hlutabréf sem þú ert ekki til í að eiga í 10 ár. Margt er til í þeirri speki og rétt að hafa hana í huga.

Orku- og aðgerðarleysi stjórnvalda hefur háð samfélaginu í orkumálum, en öllum ætti að vera ljóst að vonlaust er að stjórnvöld nái markmiðum sínum í orkuskiptum á tilsettum tíma en hér á landi líkt og annars staðar hafa óraunhæf markmið verið sett. Það er aldrei gott að setja sér markmið sem fyrirséð er að verði ekki náð. Slíkir draumórar snúast á endanum gegn markmiðum, þar sem fólk missir trúnnu á því að þeim verði nokkurn tímann náð. Bretland hefur frestað markmiðum sínum í orkuskiptum um 5 ár og viðurkennt að áður sett markmið í málaflokknum hafi verið óraunhæf. Framtaksleysi stjórnámálanna hefur orðið til þess að við erum á þeim ótrúlega stað að þurfa að láta verksmiðjur á landsbyggðinni ganga fyrir olíu í stað rafmagns. Með því er allur ávinningur af rafbílavæðingunni fyrir bí á einu bretti. Hvernig gat það gerst að eitt orkuríkasta land heims sé orkulaust?

Orkuleysi stjórnvalda sést einnig vel þegar horft er til öryggismála þjóðarinnar. Þjóðin þarf að koma sér upp tækjakosti til að vernda eignir þegar náttúruvá blasir við. Við hjá SKEL höfum bent á hversu fráleitt það sé að vera ekki með öryggisbirgðir af olíu í landinu á hverjum tíma. Olía er enn bæði aðal- og varaorkugjafi í landinu. Öll starfsemi í landinu myndi lamast um leið og olía væri á þrotum. Þetta á ekki bara við um olíu, heldur virðast stjórnvöld ekkert hafa hugsað um öryggisbirgðir þegar kemur að öðrum



nauðsynjum, hvort sem um er að ræða matvæli, lyf eða annað. Stjórnvöld verða að marka sér heildstæða stefnu í þessum málum, sérstaklega þegar ástandið í heiminum er ótryggt. Á næsta ári mun einbeiting stjórnar og starfsmanna að stórum hluta beinast að því að sinna fjárfestingum sem þegar eru á borðinu. Undirbúningur vegna skráningar Styrkáss á aðalmarkað mun halda áfram og verði samruni Orkunnar, Heimkaupa og Samkaupa að veruleika er fyrirséð að mikið púður verði sett í vinnu við skráningu hins sameinaða félags. Gríðarlegt tækifæri liggur í því að búa til öflugt félag á smásölumarkaði með sterka kjölfestu fjárfesta, þ.e. SKEL annarsvegar og Kaupfélag Suðurnesja hins vegar. Margir gætu sagt að þar sitji ólíkir aðilar við borðið en ég trúi því að þekking beggja muni nýtast nýju félagi vel á vegferð sinni gangi sameining eftir.

Skráð eða ekki skráð. Ég sagði í ræðu minni á síðasta aðalfundi að líta mætti á skráð fjárfestingarfélag eins og SKEL sem tilraun. Trú stjórnar á því að skráning henti félaginu vel er smám saman að aukast. Við höfum séð aukningu í fjölda hluthafa sem er mjög jákvætt. Staðreyndin er sú að það þarf að auka fjölda einstaklinga á hlutabréfamarkaði. Bankarnir þurfa að einfalda kaup og sölu hlutabréfa en sú aðgerð þarf ekki að vera flókin. Stjórnvöld þurfa einnig að horfa til skattalegrar meðferðar og gera hana einfaldari en er í dag. Kannski verða hlutabréf seld í Heimkaup einn daginn – hver veit!

Ég vil þakka hluthöfum og starfsmönnum félagsins fyrir gott samstarf á árinu. Starfsmenn félagsins er samstæður hópur, sem er að byggja upp öflugt fjárfestingarfélag sem vonandi mun laða að sér fleiri fjárfesta á komandi árum, bæði innlenda sem erlenda.

Góðar kveðjur,
Jón Ásgeir

Stjórn



Nanna Björk Ásgrímsdóttir

Meðstjórnandi | Tók fyrst sæti 2021

Nanna Björk er fjárfestir en hún hefur verið í eigin fjárfestingum frá 2006. Hún hefur komið að rekstri fjölmargra verslana, bæði hér heima og erlendis, ýmist sem eigandi og fjárfestir eða stjórnandi, t.d. All Saint, Whistles, Karen Millen, Shoe Studio og Warehouse. Þá starfaði hún hjá Kaupþing Bank, Corporate Finance við almenn lögfræðistörf 2001-2003 og á Lex lögmannsstofu við almenn lögfræðistörf 1999-2000. Nanna Björk er með LLM-meistaragráðu í Evrópurétti frá Háskólanum í Stokkhólmi og embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands.

Nanna situr einnig í stjórn RES 2 ehf., RES 9 ehf. og Eldra ehf. Nanna situr í starfskjaranefnd SKEL.



Sigurður Kristinn Egilsson

Meðstjórnandi | Tók fyrst sæti 2021

Sigurður er stofnandi Arcur Finance sem sérhæfir sig m.a. í fjármögnun fyrirtækja ásamt ýmsum sérhæfðum verkefnum. Frá 1998-2007 starfaði Sigurður á eigna-stýringasviði Kaupþings banka, frá 2007-2010 starfaði hann á eignastýringasviði bankans erlendis og leiddi uppbyggingu á alþjóðlegu sjóðasviði fyrir fagfjárfesta. Frá árinu 2010-2016 veitti Sigurður forstöðu eignastýringar og sérhæfðra sjóða hjá ALM Verðbréfum sem fjármagnaðir voru af lífeyrissjóðum. Þá hefur hann setið í stjórn Meniga fyrir hönd fjárfesta. Sigurður er stjórnarformaður NeckCare Holding ehf. Sigurður útskrifaðist sem véla- og iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla Íslands og er auk þess með löggildingu í verðbréfavíðskiptum.

Sigurður er stjórnarformaður Arcur ehf. og situr einnig í stjórn Neckcare ehf., Zeda ehf., Mælifjallið ehf., REC Studio ehf. og REC Sjóðum ehf. Sigurður er varaformaður stjórnar SKEL og situr einnig í endurskoðunarnefnd.



Birna Ósk Einarsdóttir

Meðstjórnandi | Tók fyrst sæti 2023

Birna Ósk er framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðs-sviðs APM Terminals, sem rekur innviði fyrir hafnir um allan heim en áður áður en hún hóf störf þar aflaði hún sér viðtækrar reynslu í íslensku atvinnulífi með áherslu á sölu, markaðsmál, þjónustu og vöruþróun. Hún sat í framkvæmdastjórnnum Símans, Landsvirkjunar og Icelandair frá 2011-2022. Birna Ósk hefur umtalsverða reynslu af stjórnarsetu, meðal annars í Gildi lífeyrissjóði, Já hf., CRI hf., Eyri Vexti og Skeljungu.

Birna situr einnig í stjórn Mílu hf., Brekkumýri ehf., Sunstone IV hf., og Sunstone III ehf. Birna situr í starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd SKEL.




Guðni Rafn Eiríksson

Meðstjórnandi | Tók fyrst sæti 2023

Guðni Rafn er eigandi og forstjóri Skakkaturns ehf. umboðs-aðila Apple á Íslandi. Guðni hefur viðtæka reynslu af fjárfestingum á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum. Áður starfaði hann m.a við verðbréfamiðlun hjá Kaupþingi banka frá árunum 2005-2007 starfaði síðar hjá Eyrir Invest en hefur sinnt eigin fjárfestingum frá árinu 2009. Guðni útskrifaðist með BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og er auk þess með löggildingu í verðbréfavíðskiptum.

Guðni er stjórnarformaður Skerjabrautar ehf., Klapparholts ehf., Grásteinsmýri hf., RES 9 ehf., M Invest ehf., Blue Ghost ehf. Guðni er sömuleiðis stjórnarmaður í Hraunhafnartanga ehf., GE Capital ehf., Skakkaturn ehf., Árkór ehf., 2E ehf., Fögruhæð ehf., Bustravel Iceland ehf., Fasteignafélaginu L4 ehf., Edra ehf. Streng hf. og Metatron ehf. Guðni situr í endurskoðunarnefnd SKEL.

Vegferðin



Við erum umbreytinga- fjárfestar og nýtum styrk okkar, reynslu og þekkingu til að breyta fyrirtækjum og rekstri þeirra til að auka arðsemi og verðmætasköpun

Ávarp forstjóra

Á árinu 2023 tóku leiðarljósin á ferðalagi okkar í SKEL að skína skærar. Fjárfestingar félagsins þroskuðust vel og aðferð SKEL við fjárfestingar og þróun eigna varð þátttakendum á markaði sýnilegri.

Styrkás tók til starfa á árinu en stefna þess er að verða leiðandi þjónustufyrirtæki við íslenskt atvinnulíf. Fjárfestingasjóðurinn Horn IV gekk til liðs við okkur og keypti nýtt hlutafé sem gefið var út til frekari sóknar í takt við boðaða stefnu félagsins. Við erum bjartsýn á íslenskt efnahagslíf og teljum að félag eins og Styrkás eigi mikinn og arðbæran vöxt inni í þeirri uppbyggingu sem framundan er hérlandis. Hluthafar stefna á skráningu félagsins í Kauphöll ekki seinna en árið 2027.

Þróun eigna á smásölumarkaði var í samræmi við það sem við höfðum kynnt í kauphöll. Við endurskipulögðum Heimkaup og þar er í undirbúningi frekari uppbygging á lyfsölumarkaði og undirbúningur á nýrri lágvöruverðsverslun. Rekstur Orkunnar var virkilega góður og vel umfram kynntar áætlanir. Á árinu fjárfesti Orkan í orkuskiptum og innleiddi rekstur Löðurs í sinn eigin rekstur, en félögin höfðu verið rekin sjálfstætt að mestu.

Í desember keypti SKEL Eignarhaldsfélagið Bjarma ehf., sem er eigandi að 5% hlutafjár í Samkaupum hf. Bjarmi er aðili að tveimur hluthafasamkomulögum sem veita félaginu rétt á að skipa stjórnarmann annars vegar og forkaupsrétt að hlutafé hins vegar. Hluthafasamkomulagið fellur niður við skráningu Samkaupa, sem er fyrirhuguð á þessu ári, samkvæmt hluthafasamningi. Við í SKEL teljum umtalsverð tækifæri felast í sameiningu Samkaupa og smásölueininga sem SKEL á í heild eða að hluta. Verði af samruna yrði til öflugt félag með góða tekjudreifingu og ýmis tækifæri til frekari þróunar. Félagið yrði áhugaverður valkostur fyrir fjárfesta í Kauphöll Íslands.

Töluverðar breytingar urðu á fasteignasafni félagsins á árinu. SKEL fjárfesti í 55 íbúðum við Stefnisvog í Reykjavík og greiddi fyrir þær með hluta af eignum sínum í þróunarfélaginu REIR þróun ehf. Jafnframt var gerður kaupréttarsamningur um 35 íbúðir til viðbótar á sama stað. Með viðskiptunum þá eignaðist SKEL tekjuberandi eignir í stað þróunareigna og frestaði tekjuskattsskuldbindingu. SKEL er áfram eigandi að ýmsum fasteigna- og fasteignaþróunareignum sem við erum bjartsýn á beri ávöxt til lengri tíma.

Í takt við tilkynningu á þriðja ársfjórðungi þá jók félagið við skráða hlutafjáreignir sínar á þriðja ársfjórðungi. Var það mat félagsins á þeim tíma að óþarfa svartsýni einkenndi verðlagningu á markaði. Það reyndist rétt og var hagnaður af skráðum hlutabréfum, öðrum en af Kaldalóni og VÍS nam 492 m.kr. á árinu.

Skráðar eignir félagsins tóku miklum breytingum á árinu. VÍS tók afgerandi skref í átt að mótaðri stefnu um að verða




söludrifið fyrirtæki sem tæki þátt í breytingum á fjármála-markaði. Síðar á árinu kynnti félagið jákvæðan viðsnúning í sölu á vörum sínum, í fyrsta skipti í sex ár. Fyrirtækið sameinaðist Fossum og fékk SIV starfsleyfi fyrir sjóða- og eignastýringu. Í dag er félagið gjörbreytt og byggir á þremur stöðum; tryggingum, eignastýringu og fjárfestingabanka-starfsemi. Eignarhlutur SKEL í VÍS breyttist ekki á árinu.

Kaldalón náði á árinu öllum þeim markmiðum sem stjórn félagsins setti fyrir skráningu á aðalmarkað og fylgdi því eftir með skráningu á fjórða ársfjórðungi. SKEL hefur tekið virkan þátt í umbreytingu félagsins úr íbúðaðróunarfélagi í skráð fasteignafélag á aðalmarkaði. Það hefur verið gefandi og skemmtilegt verkefni og á sama tíma forskrift að því hvernig við viljum sem hluthafi nálgast umbreytingarverkefni. Vegferðin er skýr, tímasett og hugsuð til lengri tíma.

Við erum umbreytingafjárfestar og nýtum styrk okkar, reynslu og þekkingu til að breyta fyrirtækjum og rekstri þeirra til að auka arðsemi og verðmætasköpun. Verkefni okkar geta verið flókin en við skipuleggjum framgang þeirra og gefum þeim þann tíma sem þau þurfa. Ferðalagið er oft langt en leiðin er vel vörðuð.

Alvar H. Reykjalón



Hagnaður ársins

5.410 m.kr.

50 ma.kr

Heildareignir

38 ma.kr

Eigið fé

16%

Arðsemi eigin fjár

63%

Nýleg viðskipti
eða skráð verð

5,7 ma.kr

Handbært fé og
ríkisskuldabréf

1,4 ma.kr

Greiðslur til
hluthafa

Efnahagur 31.12.2023

Efnahagsreikningur

M.kr.	31.12.23	31.12.22
Handbært fé	3.139	4.731
Ríkisskuldabréf	2.524	2.116
Skráð verðbréf	9.396	4.921
Aðrar fjáreignir á gangvirði	27.138	23.137
Fjárfestingafasteignir á gangvirði	6.107	690
Aðrar eignir	1.442	2.910
Eignir samtals	49.745	38.505
Eigið fé	37.610	33.430
Skuldir vegna fasteigna	3.674	0
Aðrar skuldir við lánastofnanir	4.768	2.473
Tekjuskattsskuldbinding	1.892	2.014
Aðrar skuldir	1.949	589
Skuldir samtals	12.135	5.075
Eigið fé og skuldir samtals	49.745	38.505

Eigið fé á hlut

20,0 kr.

Eignir m.kr

	6.316		5.663
	Tekjuberandi fasteignir		Handbært fé og Ríkisskuldabréf
9.697			
Styrkás			
	3.931	3.000	2.839
	Heimkaup, Lyfjaval	Kaldalón	Gallon
9.173	3.738	2.707	2.681
Orkan, Löður, Fasteignir	Aðrar skráðar eignir	Lán, kröfur og aðrar eignir	VÍS

Rekstur 2023

Rekstrarreikningur 1.1 - 31.12.23

M.kr.	2023	2022
Gangvirðisbreyting fjáreigna	5.939	18.850
Fjármunatekjur (-gjöld)	96	539
Aðrar tekjur	162	736
Rekstrartekjur	6.198	20.125
Laun og launatengd gjöld	(596)	(823)
Önnur rekstrargjöld	(313)	(431)
Rekstrargjöld	(910)	(1.253)
Hagnaður fyrir skatta	5.288	18.871
Tekjuskattur	122	(1.354)
Hagnaður ársins	5.410	17.517

Hagnaður ársins

5.410 m.kr.

1,9%

af eigin fé

Rekstrargjöld
Tekið tillit til kaupréttá
og kaupauka

5.168

m.kr.

Gangvirðisbreyting
óskráðra eigna

772

m.kr.

Gangvirðisbreyting
skráðra verðbréfa

Yfirlit gangvirðisbreytinga

	1H	2H	2023
Orkan – Löður	2.527	1.711	4.238
Styrkás – Skeljungur – Klettur	(725)	1.393	668
Gallon	(47)	(34)	(81)
Heimkaup - Lyfjaval	331	(292)	39
Annað óskráð	102	(236)	(133)
Samtals óskráð	2.188	2.542	4.731
Kaldalón	(302)	537	235
VÍS	111	(66)	45
Annað skráð	67	425	492
Samtals skráð	(124)	896	772
Klettagarðar 8-10	0	436	436
Samtals selt	0	436	436

5.939 m.kr.
Samtals gangvirðisbreytingar

Forsendur gangvirðisbreytinga

Orkan - Löður

Hækkun frá fyrra mati Orkunnar má rekja til mikils rekstrarbata. EBITDA ársins 2023 var 56% yfir áætlun og áætlun fyrir árið 2024 er svipuð. Þá er fjárfestingaþörf minni en áður þar sem fjárfesting í hraðhleðslustöðvum fór mikið til fram á síðasta ári. Hækkun vaxtaberandi skulda og ávöxtunarkröfu verka hins vegar til lækkunar. Verðmat Löðurs hækkar um rúm 10% á milli ára. Fjárfesting í nýjum stöðvum var talsverð á árinu 2023 og áskriftarmódel er í prófunum þessa stundina.

Styrkás

Félög Styrkáss ganga vel og var EBITDA umfram áætlanir á árinu. Áfram er gert ráð fyrir heilbrigðum vexti. Í lok árs átti móðurfélagið um 3,1 milljarða í handbæru fé. Bókfært verð miðast við verð á Styrkási í viðskiptum með Stólpa en það er um 3% undir niðurstöðu verðmats.

Gallon

Rekstraráætlanir sambærilegar þeim sem stuðst var við í fyrri virðismötum. Hærri ávöxtunarkrafa verkar til lækkunar en breyting á órekstartengdum eignum (EBK) verkar til hækkunar.

Heimkaup - Lyfjaval

Tekjuvöxtur Lyfjaval var góður á árinu og eru apótekin sem hafa verið opnuð undanfarin ár að bæta jafnt og þétt við sig. Verðmat Lyfjaval hækkar um 400 m.kr. á milli ára. Að sama skapi þá hefur taprekstur af netverslun á árinu 2023 áhrif til lækkunar en verðmatið var lækkað um 600 m.kr. af þeim sökum. Búið er að ná betri tókum á netversluninni. Virði 100% eigin fjár Heimkaupa er um 4,8 milljarðar. Þar af stendur Lyfjaval undir 2,9 milljörðum, skattalegt tap félagsins er yfir 3 milljarða og eignarhlutur í Brauð & Co og Sbarro eru metnir á rúmlega 500 m.kr. Verslunarreksturinn, netverslun og 9 búðir sem veltu um 6,4 milljarða árið 2023, er því metinn á um 1 milljarð.

Eignasafn

Áhersla á umbreytingu á árinu 2023

Kaldalón á
aðalmarkað

Styrkás hefur
starfsemi af krafti

Orkufelagið
og Klettagarðar selt


Endurskipulagning
Heimkaupa

VÍS eflist
og sækir fram


Orkan tekur forystu

Vægi fasteigna og
skráðra eigna eykst

Könnunarviðræður
við Samkaup



Heildareignir 49.745 m.kr.



Umbreyting á aldargömlu tryggingafélagi í stafrænt þjónustufyrirtæki með áherslu á sókn og sölu

VÍS útvíkkar starfsemi sína og stofnar SIV eignastýringu



1F 2023



1H 2022

2H 2022

SKEL byggir upp stöðu í VÍS

Stjórn VÍS hefur markað stefnu sem felur í sér ákveðin kaflaskil í rekstri félagsins

- ✓ Vænlegri fjárfestingakostur
- ✓ Skýr sýn á vöxt
- ✓ Söludrifið tryggingafélag
- ✓ Virkur þátttakandi í fjámalastarfsemi

Breytingu úr rótgrónu tryggingafélagi í vaxtafyrirtæki á fjármálamarkaði

Breyting á stjórn

Nýtt skipurit og framkvæmdastjórn



Virði 8,23% hlutar

2.681 m.kr.

3F 2023

2F 2023

4F 2023

Viðræður um sameiningu VÍS og Fossa Fjárfestingarbanka

Félagið eykur sölu tryggingavara í fyrsta skipti í 6 ár



Ný samstæða verður til

„Sameining til sóknar“
Tryggingamarkaður
Eignastýringamarkaður
Fjárfestingabankastarfsemi



Kaup á Kletti tilkynnt (tæki, dekk, vinnuvélar og viðgerðir)

1F 2022

4F 2022

3F 2022

„Verkefnið er að auka þjónustu við íslenskt atvinnulíf með ytri og innri vexti”

„Þrefalda (EBITDA) (1.130 m.kr) Skeljungs og skráning á aðalmarkað eftir 3-5 ár”



„Byggja ofan á sterkar stoðir og útvíkkandi starfsemi með auknu vöruframboði og þjónustu”

„Áhersla á innri vöxt og hnitmiðaðar yfirtökur og samstarf”

„Uppbygging á leiðandi þjónustufyrirtæki við atvinnulífið með 5 kjarnasvið”



Styrkás stofnað sem móðurfélag Skeljungs og Kletts með þann tilgang að vera leiðandi þjónustufyrirtæki við atvinnulífið með 5 kjarnasvið



Endanlegur kaupsamningur um Stólpa Gáma og tengdum félögum auk fasteigna og lóða

2H 2023

1H 2023

2024

Horn IV gerir áskriftarsamning að andvirði 3.500 m.kr. og eignast 29,5%


Sterkt hluthafasamkomulag, þar sem stefnt er að skráningu í Kauphöll 2027



EBITDA 2024Á*
2.699 m.kr.

*Samstæða Styrkáss með Stólpa Gámum

„Uppbygging á þjónustufyrirtæki við atvinnulífið”



Markmið

- Byggja ofan á sterkar stoðir og útvíkka starfsemi með auknu vöruframboði og þjónustu (e. complementary integration)
- Áhersla á innri vöxt og hnitmiðaðar yfirtökur og samstarf
- Uppbygging á leiðandi þjónustufyrirtæki við atvinnulífið með 5 kjarnasvið

Stólpi –Gámar

- Styrkás undirritar kaupsamning vegna kaupa á Stólpa Gámum ehf. og tengdum félögum
- Heildarvirði 3.549 m.kr. er greitt með reiðufé og hlutafé í Styrkási
- Máttarstólpi (seljandi) eignast 8,7% í Styrkási
- Með kaupunum verður til sterkt félag sem myndar nýjan kjarna í eignaumsýslu og leigustarfsemi

Framtíðarsýn

- Klára kjarnasviðin – Umhverfi og Iðnað
- Ná fram rekstrarsamlegð í gegnum móðurfélag
- Nýta slagkraft samstæðunnar til sóknar á fyrirtækjamarkaði
- Kynna félagið fyrir viðskiptavinum og markaðsaðilum
- Hluthafasamkomulag, þar sem stefnt er að skráningu í Kauphöll 2027

Samstæða 2024Á

Framlegð
9.435 m.kr.

EBITDA
2.699 m.kr.

Virði eigin fjár (69,4%)
9.697 m.kr.



Þróun eigna á smásöllumarkaði



Könnunarviðræður við Samkaup



- Þetta net útsölustaða með nauðsynjavöru
- 64 Verslanir Samkaupa
 - 73 Orkustöðvar
 - 14 Þvottastöðvar
 - 7 Lyfjaval
 - 9 Verslanir Heimkaupa

Sameinað félag yrði eitt öflugasta fyrirtæki landsins á matvöru-, lyfsölu- og eldsneytismarkaði með áherslu á þjónustu um allt land


Smásala (matvara)
Samkaup eru með útbreitt net og sterka stöðu víða á landinu. SKEL áætla að velta Samkaupa geti aukist umtalsvert með verslunareiningum Heimkaupa og mikil samlegðartækifæri séu fólgin í sameiningu þessara eininga. Sameinað félag væri vel í stakk búið til að fjárfesta og styrkja sína stöðu á markaði.

Eldsneyti, hleðsla og þvottur
Orkan er með sterka markaðshlutdeild á eldsneytismarkaði og stefnir að forystu í orkuskiptum. Þá er Löður með ráðandi hlutdeild á markaði bílþvotta.


Lyf
Metnaðarfull áform um vöxt og mörkun sérstöðu Lyfjaval hafa litið dagsins ljós. Fyrirtækið er eina lyfjaverslunin sem starfrækir bílalúgur. Mikil og vaxandi eftirspurn er eftir þeirri þjónustu og mun fyrirtækið svara henni.

	Sameinað félag (pro forma)
Tekjur 2022	72 m.kr.
EBITDA Áætlun 23	6,2 ma.kr.*
Eignir 2022	37 ma.kr.
Helstu vörumerki	  
Stöðugildi	848

*Áætlun EBITDA með IFRS16, byggt á mati SKEL, uppreiknað m.v. verðbólgu og meðaltekjuvöxt samkeppnisaðila.



Skiptum á þróunareignum fyrir tekjuberandi fasteignir



Kaupsamningur - 55 íbúðir afhentar í lok árs 2023

Reiðufé	400
Framsal á REIR þróun	1.100
Lántaka og annar kostnaður	3.468
Stimpilgjöld greidd með reiðufé	
	4.968 m.kr

55 íbúðir
5.905 fm.
840 þús. verð á fm.
Leigutekjur á ári 240 m.kr.
NOI 200 m.kr. (4%)

Kaupréttarsamningur – 35 íbúðir afhentar í lok árs 2024

Reiðufé	334
Framsal á REIR þróun	640
Lántaka	2.270
	3.244 m.kr

35 íbúðir
3.816 fm.
850 þús.kr. á fm.

Samantekt

- Vildum einfalda eignasafnið og sjáum að íbúðarþörf er ekki mætt á markaði í dag
- SKEL keypti 55 íbúðir sem voru afhentar í árslok 2023. Allar keyptar íbúðir hafa verið leigðar út og nema leigutekjur samtals 240 m.kr. á ári
- Samtals nemur frestaður söluhagnaður SKEL um 9,5 milljörðum króna vegna seldra fasteigna á árunum 2021-2022
- Af þeim sökum er SKEL með tekjuskattsskuldbindingu að fjárhæð 1.834 m.kr. í lok árs 2023
- Frestaður skattur vegna söluhagnaðar kemur til greiðslu ef ekki er endurfjárfest í sambærilegum eignum á árinu 2023 og 2024
- Endurfjárfestingaþörf ársins 2023 er mætt með þessum kaupum á 55 íbúðum
- Þegar tillit er tekið til skattalegs hagræðis þá er arðsemi eigin fjár af fjárfestingunni áætluð um 18% á föstu verðlagi
- SKEL gerði samhliða samning um kauprétt að 35 íbúðum til viðbótar á árinu 2024. Nýti SKEL kaupréttinn mun félagið hafa selt allan eignarhlut sinn í Reir þróun í skiptum fyrir íbúðirnar

	Stefna	2023
Eignir	Allt að 50% skráð	23%
	Amk. 50% óskráð	74%
	Allt að 30% erlendar	3%
Skuldir	25% að jafnaði	9% Bankaskuldir
	Hefðbundin á fasteignir	7% Fasteignaskuldir
		4% Tekjuskattsskuldbinding
Rekstur	Undir 2% af eigin fé (tekið tillit til kaupréttar og keyptra réttinda)	1,9%
Greiðslur til hluthafa	1,5% af heildareignum félagsins að frádreginni þeirri fjárhæð sem nýtt verður í kaup á eigin bréfum	Greiddur arður 600 m.kr. Endurkaup 742 m.kr. Samtals 1.342 m.kr. (2,7%)



Sjálfbærni

Guðrún Nielsen

Forstöðumaður fjármála og rekstrar

Þrið 2023 fól í sér áframhaldandi mótun á áherslum í sjálfbærnistefnu og viðmiðum félagsins. Mikil vinna fór í að móta umhverfis- félags- og stjórnarhætti í starfsemi sem fjárfestingafélag. Þar sem SKEL er með litla yfirbyggingu og fáa starfsmenn lá ljóst fyrir að félagið getur aðallega haft áhrif á þessa þætti í gegnum fjárfestinar. SKEL leggur áherslu á að félög sem fjárfest er í sýni fram á bætingu í sjálfbærniþáttum á milli ára en við höfum sett fjárfestingum sjálfbærniramma sem er bæði fyrir okkur til þess að mæla árangur félaganna en einnig rammi fyrir stjórnendur fjárfestingaeigna til að fara eftir og hafa til hliðsjónar þegar viðkomandi félög eru að móta sjálfbærnistefnu sína.

SKEL leitast eftir því að auka jákvæð áhrif sín á samfélagið og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið, starfsfólk, samfélagið og umhverfið. SKEL hefur lagt áherslu á að félög í eignasafninu gefi viðskiptavinum sínum valkosti í vöruframboði, þannig að þeim standi til boða að velja umhverfisvænni vörur og þjónustu. Þá hefur vægi fjárfestinga í eignasafninu sem tengjast kaupum, sölu og þjónustu vegna jarðefnaeldsneytis lækkað úr 49% í 37% frá árinu 2022.

SKEL hóf vinnu við innleiðingu CSRS löggjafar Evrópu-
sambandsins á árinu en eitt verkefna sem fylgir þeirri
innleiðingu er að fyrirtæki geri tvöfalda mikilvægis-
greiningu. Í tengslum við mikilvægisgreininguna voru
tekin viðtöl við ólíka haghafa, en athygli vakti að mikill
samhljómur var á milli aðila um fjárhagslegt mikilvægi
SKEL og áhrif þess á samfélagið. Niðurstaða greiningar-
innar var að þeir þættir sem teljast hafa tvöfalt mikilvægi
fyrir SKEL eru; vel rekin félög, að þekkjá áhrif okkar á
samfélagið, minnkun loftlagsáhrifa með því að auka vægi
endurnýjanlegra orkugjafa í fjárfestingum og vörufram-
boði og beita áhrifum í gegnum stjórnir til að bæta
stjórnarhætti.

Meira um þetta í sjálfbærniskýrslu félagsins.



SKEL hefur mótað sjálfbærniramma fyrir fjárfestingaeignir sínar.
Félagið leggur áherslu á að sjá árangur milli ára og mun fylgja því eftir með þessum mælikvörðum.

Umhverfispættir	Félagspættir	Stjórnarhættir
Innleiða stefnur: • Umhverfisstefna • Sjálfbærnistefna	Innleiða stefnur: • Mannauðsstefna • Jafnréttisstefna • Eineltisstefna • Mannréttindastefna • Stefna um fjölbreytileika	Innleiða stefnur: • Aðgerðir gegn spillingar- og mútumálum • Starfskjarastefna • Stefna um birgja og birgismat • Öryggisstefna • Siðareglur
Minnka vægi jarðefnaeldsneytis í vöruframboði Auka endurnýjanlega orkugjafa í vöruframboði Auka umhverfisvænt vöruframboð	Óútskýrður kynbundinn launamunur +/- 4% Setja markmið um kynjahlutföll starfsmanna Starfsánægja mæld	Innleiða góða stjórnarhætti skv. leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Nasdaq og SA

Tvöföld mikilvægisgreining framkvæmd með haghöfum.

Tvöföld mikilvægisgreining			
Mjög mikilvægt			1 2 3 4
Mikilvægt	5	6 7 8	9 10
Nokkuð mikilvægt			
	Minna mikilvægt	Mikilvægt	Mjög mikilvægt

■ Tvöfalt mikilvægi
■ Mikilvægt
■ Minna mikilvægt

- Vel rekin félög
- Þekkja áhrif okkar á samfélagið
- Minnka lofstlagsáhrif með því að auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa í fjáfestingum og vöruframboði
- Beita áhrifum í gegnum stjórnir og góða stjórnarhætti
- Félögin verði skráningarhæf
- Velferð starfsfólks
- Velgengni félags og hagsmunir starfsmanna fari saman
- Kynjafjölbreytni og aðgerðir gegn mismunun
- Virðing fyrir mannréttindum
- Áhættu- og öryggisstjórnun

Áhrif á samfélag



Ársreikningur
2023

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

SKEL fjárfestingafélag hf. (hér eftir „SKEL“, „félagið“) er hlutafélag skráð á Nasdaq Nordic Iceland. SKEL starfar sem fjárfestingafélag, með þann tilgang að skapa verðmæti fyrir hluthafa og aðra haghafa með langtímahugsun að leiðarljósi. Stefna SKEL er að vera umbreytingafjárfestir og þannig veita stuðning og aðstoð við þau félög, stjórnendateymi og frumkvöðla sem ákveðið er að fjárfesta í hverju sinni. Stjórnendur og starfsfólk SKEL styðji þannig samstarfsaðila sína við að fullnýta alla möguleika fyrirtækjanna sem þau stýra, hvort sem um er að ræða rótgróin rekstrarfélög eða góða viðskiptahugmynd.

Ársreikningur SKEL fjárfestingafélags hf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslenskum lögum um ársreikninga.

Félagið uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS 10 til þess að flokkast sem fjárfestingafélag. Dóttur- og hlutdeildarfélög flokkast því sem fjárfestingaeignir og ekki er gerður samstæðureikningur. Fjárfestingaeignir og -skuldir eru metnar á gangvirði og er matsbreytingin færð í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS 9.

Starfsemi félagsins er útsett fyrir margvíslegri fjárhagsáhættu: markaðsáhættu (þar á meðal verðáhættu, gjaldeyrisáhættu og vaxtaáhættu), lausafjáráhættu og útlánaáhættu. Nánar vísast til skýringar 3 um áhættustýringu og umfjöllun um fjárhagslegar stærðir tengdar helstu áhættuþáttum.

Fjárfestingatekjur voru 5.939 millj.kr. á árinu (2022: 18.850 millj.kr.) og hagnaður ársins var 5.410 millj.kr. (2022: 17.517 millj.kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2023 námu eignir félagsins 49.745 millj.kr. (2022: 38.505 millj.kr.) og skuldir 12.135 millj.kr. (2022: 5.075 millj.kr.). Eigið fé nam 37.610 millj.kr. (2022: 33.430 millj.kr.) og var eigið fé á hvern hlut 20,02 kr. Eiginfjárhlutfall var 75,6%.

Önnur atriði

Á árinu sem er að líða hrinti SKEL í framkvæmd mörgum af þeim áformum sem hafa verið kynnt undanfarin ár. Gengið var frá kaupum á Kletti – sölu og þjónustu ehf. í byrjun árs og hafist handa við að byggja upp alhliða þjónustufyrirtæki við atvinnulífið. Einnig voru fest kaup á Klettagörðum 8-10 ehf. sem hýsir starfsemi Kletts en félagið var svo selt aftur á haustmánuðum, með nýjum leigusamningi.

Í sumar seldi Orkan allan verslunarrekstur og lyfsölu til Heimkaupa en gefið hafði verið út á markaðinn í lok síðasta árs að verslanahluti Orkunnar væru í endurskipulagningu. Með þessu verður bæði Orkan með mun einfaldari rekstur og Heimkaup styrkist til muna.

Á haustmánuðum setti SKEL á laggirnar félagið Styrkás. Horn IV slhf. skráði sig fyrir hlutafé í Styrkás að andvirði 3.500 millj.kr. eða því sem nam 29,54% af heildarhlutafé félagsins. Með hlutafjáraukningunni er Styrkás í kjörstöðu til að ýta úr vör framtíðasýn hluthafa um að byggja félagið upp sem leiðandi þjónustufyrirtæki á fyrirtækjamarkaði sem hefur styrk til að þjónusta innviða- og atvinnuvegafjárfestingu. Markmið Styrkáss er að byggja ofan á sterkar stoðir samstæðunnar með innri og ytri vexti á sviði orku og efnavöru, tækja og búnaðar, umhverfis, iðnaðar og eignaumsýslu. Innan samstæðu félagsins í dag eru Skeljungur og Klettur sem eru leiðandi félög á sínum sviðum.

SKEL undirritaði á árinu samning um kaup á 55 íbúðum við Stefnisvog og samhliða kauprétt á 35 íbúðum í viðbót en ætlunin er að leigja íbúðirnar út. SKEL hefur mikla reynslu og þekkingu á fasteignamarkaði. Stjórnendur SKEL telja að gerjun sé framundan á fasteignamarkaði, m.a. vegna breytinga hjá stórum leigufélögum og fjölgun íbúa á Íslandi.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 1.936 millj. kr. Atkvæðisrétti í SKEL er þannig háttað að 1 kr. jafngildir 1 atkvæði. Hlutfé félagsins er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq og njóta allir hlutir sömu réttinda. Hluthafar félagsins voru 1.029 í lok árs samanborið við 1.006 í lok árs 2022. Tíu stærstu hluthafar félagsins voru:

	Nafnverð hlutafjár	
Hluthafi	m.kr.	Eignahlutur
Strengur hf.	969	50,1%
Birta lífeyrissjóður	173	8,9%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	167	8,6%
TCA ECDF III Holding S.á.r.l.	97	5,0%
NO.9 Investments Limited	51	2,6%
RES 9 ehf.	39	2,0%
Eftirlaunasjóður FÍA	24	1,2%
Hofgarðar ehf.	16	0,8%
Gildi - lífeyrissjóður	12	0,6%
Fossar fjárfestingarbanki hf.	10	0,5%
10 stærstu hluthafar samtals	1.559	80,5%
Aðrir hluthafar (1.019 talsins)	319	16,5%
Samtals útistandandi hlutir	1.878	97,0%
Eigin hlutir	58	3,0%
Heildarhlutfé skv. samþykktum	1.936	100,0%

Á aðalfundi SKEL fjárfestingafélags þann 9. mars 2023 var stjórn félagsins veitt heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé. Framkvæmdar voru tvær endurkaupaáætlanir á árinu og átti félagið í lok árs 57.554.742 eigin hluti sem samsvarar 3,0% af heildarhlutafé félagsins. Kaupverð hinna keyptu hluta nam 742 millj.kr. Einnig var samþykkt á aðalfundi að veita stjórn heimild til að hækka hlutfé félagsins um 200 milljónir að nafnvirði, í eitt skipti eða oftari og að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum til slíkrar hlutfjárhækkunar.

Auk þess samþykktu hluthafar á aðalfundi SKEL þann 9. mars 2023 að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 600 milljónum króna. Greiðsla arðs fór fram þann 12. apríl 2023.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði út arður til hluthafa á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023 að fjárhæð 750 millj.kr. Samkvæmt samþykktri arðgreiðslustefnu félagsins er stefna stjórnar að greiða árlega út arð sem nemur 1,5% af heildareignum félagsins að frádreginni þeirri fjárhæð sem nýtt verður í kaup á eigin bréfum fram að boðun næsta aðalfundar. Arður vegna ársins 2023 og endurkaup frá síðasta aðalfundi nema 1.492 millj.kr. sem er 3,0% af heildar eignum SKEL í árslok.

Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur SKEL fjárfestingafélags hf. leggja ríka áherslu á að góðir stjórnarhættir séu hafðir að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda undirstaða bæði trausts og skilvirkni og treysta þannig samband allra haghafa félagsins. Félagið leitast við að fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" útgefnun af Viðskiptaráði Íslands. NASDAQ OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins (leiðbeiningar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is). Stjórnin hefur einnig sett sér starfsreglur sem byggja að miklu leyti á ofangreindum leiðbeiningum og er meðal annars ætlað að skilgreina verksvið stjórnar og forstjóra frekar.

Í stjórn SKEL eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar félagsins.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í viðaukanum *Stjórnarháttayfirlýsing* sem fylgir ársreikningnum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sjálfbærniupplýsingar

SKEL leggur áherslu á að sýna ábyrgð, sem þátttakandi í samfélaginu, og að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi. Félagið hefur tekið saman yfirlit um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, auk þess að fjalla um stefnu félagsins í sjálfbærnimálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið má finna í viðaukanum *Sjálfbærniupplýsingar* sem fylgir ársreikningnum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Stjórn og forstjóri SKEL fjárfestingafélags hf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 8. febrúar 2024

Stjórn

Jón Ásgeir Jóhannesson, formaður

Birna Ósk Einarsdóttir

Guðni Rafn Eiríksson

Nanna Björk Ásgrímsdóttir

Sigurður Kristinn Egilsson

Forstjóri

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa SKEL fjárfestingafélags hf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skel fjárfestingafélags hf. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 16. apríl 1982 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfellt síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Mat fjáreigna færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, þrep 3

Mat fjáreigna færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, þrep 3

Félagið færir fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Bókfært verð fjáreigna nam í árslok 2023 samtals 39.058 millj. kr. þar af óskráðar eignir skilgreindar í þrepi þrjú 27.138 millj. kr. eða 54,6% heildareigna. Í rekstrarreikningi er færð gangvirðisbreyting vegna óskráðra fjáreigna í þrepi þrjú að fjárhæð 5.170 millj. kr. Í skýringum 2.3 og 3.2 er fjallað um gangvirðismat fjáreigna í gegnum rekstrarreikning.

Við mat á óskráðum fjáreignum þurfa stjórnendur að gefa sér forsendur um ýmsa þætti sem hafa áhrif á matið. Þess vegna er mat á óskráðum fjáreignum lykilþáttur í endurskoðun okkar

Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á forsendur verðmata á óskráðum fjáreignum félagsins Í þeirri vinnu fólst meðal annars:

- Lagt mat á aðferðir, forsendur og útreikninga félagsins á verðmæti óskráðra eigna með aðstoð verðmatssérfræðinga KPMG.
- Lagt mat á virkni reiknilíkana stjórnenda og þriðja aðila sem verðmötin voru unnin í.
- Staðfest með aðstoð verðmatssérfræðinga að fjáreignir flokkist rétt í gangvirðisstigi í skýringu 3.2 og 9.
- Skýringar vegna óskráðra fjáreigna yfirfarnar og staðfestum að viðeigandi upplýsingar komi fram.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóri að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi Skel fjárfestingafélags hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort ársreikningur Skel fjárfestingafélags fyrir árið 2023 með skráarheitið 549300HQOKYY8SFBUW85-2023-12-31-is.zip hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð ársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa ársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með áliti okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að ársreikningur Skel fjárfestingafélags hf. fyrir árið 2023 með skráarheitið 549300HQOKYY8SFBUW85-2023-12-31-is.zip sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Matthías Þór Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 8. febrúar 2024

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu

	Skýr.	2023	2022
Gangvirðisbreyting fjáreigna	3.2	5.942	12.904
Gangvirðisbreyting fjárfestingafasteigna	3.2	(2)	5.947
Fjármunatekjur	7	627	718
Tekjur af fjárfestingastarfsemi		6.566	19.568
Aðrar rekstrartekjur	5	162	736
Laun og launatengd gjöld	14	(596)	(823)
Annar rekstrarkostnaður	6	(313)	(431)
		(748)	(518)
Rekstrarhagnaður		5.819	19.050
Fjármagnsgjöld	8	(531)	(179)
Hagnaður fyrir tekjuskatt (EBT)		5.288	18.871
Tekjuskattur	16	122	(1.354)
Hagnaður ársins		5.410	17.517
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hlut	13	2,81	9,05
Þynntur hagnaður á hlut	13	2,81	9,05

Skýringar á blaðsíðum 13-32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	11	3.139	4.731
Ríkisskuldabréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	9	2.524	2.116
Skráð verðbréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	9	9.396	4.921
Aðrar fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	9	27.138	23.137
Fjárfestingafasteignir	9	6.107	690
Lán og kröfur á tengd félög	23	845	2.129
Skammtímakröfur	20	570	323
Rekstrarfjármunir		23	30
Langtímakröfur	19	0	428
Leigueignir		4	0
Eignir samtals		49.745	38.505
Eigið fé			
Hlutfé		1.878	1.936
Yfirverðsreikningur hlutfjár		2.525	3.210
Bundnir eiginfjárreikningar		19.517	14.200
Óráðstafað eigið fé		13.690	14.084
Eigið fé samtals	12	37.610	33.430
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	17	1.892	2.014
Langtímaskuldir vegna fjárfestingafasteigna	21	3.526	0
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	21	1.764	0
Skuldir við tengd félög	23	1.504	57
Langtímaskuldir samtals		8.687	2.071
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	21	3.004	2.473
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	21	147	42
Aðrar skammtímaskuldir	22	294	490
Leiguskuldbindingar		4	0
Skammtímaskuldir samtals		3.449	3.004
Skuldir samtals		12.135	5.075
Eigið fé og skuldir samtals		49.745	38.505

Skýringar á blaðsíðum 13-32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		5.410	17.517
Leiðrétt fyrir:			
Afskriftir		8	35
Gangvirðisbreyting fjáreigna og fjárfestingafasteigna	9	(5.939) (	18.850)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7,8	(96) (	539)
Tekjuskattur	16	(122)	1.354
Kaupréttarsamningar		113	0
Veltufé til rekstrar án vaxta og tekjuskatts		(627) (	483)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	20	(247)	477
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	22	(196) (	4.801)
		(443) (	4.324)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		(1.070) (	4.806)
Innborgaðar vaxtatekjur	7	224	601
Greidd vaxtagjöld	8	(368) (	178)
Handbært fé til rekstrar		(1.213) (	4.384)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3.2	(13) (	8)
Fjárfest í fjárfestingafasteignum		(5.420)	0
Söluverð fjárfestingafasteigna	3.2	0	7.431
Fjárfesting í dótturfélögum	3.2	0 (	200)
Fjárfesting í verðbréfum	3.2	(10.110) (	19.700)
Sala verðbréfa	3.2	7.255	11.126
Arður frá fjárfestingaeignum	7	167	168
Kröfur á tengd félög og langtímakröfur, breyting	23, 20	1.712	7.650
Fjárfestingahreyfingar		(6.409)	6.466
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(600) (	500)
Endurkaup eigin bréf		(742)	0
Afborganir langtímaskulda og leigusamninga	21	(277) (	3.347)
Tekin ný langtímalán		5.673	0
Skuld við tengd félög		1.447	0
Skammtímalán, breyting	21	531 (	1.216)
Fjármögnunarhreyfingar		6.031 (	5.063)
Lækkun á handbæru fé		(1.592) (	2.980)
Handbært fé í byrjun árs		4.731	7.711
Handbært fé í lok ársins		3.139	4.731
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Söluverð rekstrarfjármuna		0	4.233
Söluverð dóttur- og hlutdeildarfélaga		7.930	0
Fjárfest í félögum og fasteignum		(8.900) (	3.221)
Kröfur á tengd félög		970 (	1.500)
Hækkun skammtímaskulda		0	488

	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kauprettar- samninga	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2023						
Eigið fé hluthafa 31.12.2022	1.936	3.210	501	85	13.614	33.430
Hagnaður ársins					14.083	5.410
Keypt eigin bréf	(58)	(685)			5.410	(742)
Greiddur arður 0,31 kr. á hlut					(600)	(600)
Innleystar gangvírðisbreytingar					(736)	0
Bundið vegna gangvírðisbreytinga					5.939	0
Bundið vegna kauprettarsamninga			113			113
Staða 31.12.2023	1.878	2.525	501	197	18.818	37.610
2022						
Eigið fé hluthafa 31.12.2021	1.936	3.210	501	1	400	16.329
Hagnaður ársins					10.281	17.517
Greiddur arður 0,26 kr. á hlut					17.517	(500)
Innleystar gangvírðisbreytingar					(500)	0
Bundið vegna gangvírðisbreytinga					(5.636)	0
Innleystr kauprettarsamningar				(1)	18.850	(18.850)
Bundið vegna kauprettarsamninga				85		(1)
Staða 31.12.2022	1.936	3.210	501	85	13.614	85

	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kauprettar- samninga	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2023						
Eigið fé hluthafa 31.12.2022	1.936	3.210	501	85	13.614	33.430
Hagnaður ársins					14.083	5.410
Keypt eigin bréf	(58)	(685)			5.410	(742)
Greiddur arður 0,31 kr. á hlut					(600)	(600)
Innleystar gangvírðisbreytingar					(736)	0
Bundið vegna gangvírðisbreytinga					5.939	0
Bundið vegna kauprettarsamninga			113			113
Staða 31.12.2023	1.878	2.525	501	197	18.818	37.610
2022						
Eigið fé hluthafa 31.12.2021	1.936	3.210	501	1	400	16.329
Hagnaður ársins					10.281	17.517
Greiddur arður 0,26 kr. á hlut					17.517	(500)
Innleystar gangvírðisbreytingar					(500)	0
Bundið vegna gangvírðisbreytinga					(5.636)	0
Innleystr kauprettarsamningar				(1)	18.850	(18.850)
Bundið vegna kauprettarsamninga				85		(1)
Staða 31.12.2022	1.936	3.210	501	85	13.614	85

Skýringar

1. **Félagið**
SKEL fjárfestingafélag hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík.

Tilgangur félagsins er að starfa sem fjárfestingafélag, þ.e. að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með fjárfestingum.

Stjórn SKEL fjárfestingafélags hf. samþykkti ársreikninginn 8. febrúar 2024.

2. **Samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum**
Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa ársreiknings eru settar fram hér að neðan. Þeim hefur verið beitt fyrir öll ár sem sýnd eru, nema annað sé tekið fram utan.

- 2.1 **Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð hlutabréf. Reikningsskil félagsins byggja á gangvirði í gegnum rekstur.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

- 2.2 **Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill**
Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

- 2.3 **Fjármálagerningar**

(a) Flokkun Eignir
Félagið flokkar fjárfestingar sínar út frá viðskiptamódeli félagsins til að stýra þessum fjáreignum og samningsbundnu sjóðstreymi fjáreignanna. Safni fjáreigna er stýrt og afkoma metin á gangvirðisgrunni. Félagið einbeittir sér fyrst og fremst að gangvirðisupplýsingum og notar þær upplýsingar til að meta afkomu eignanna og taka ákvarðanir. Félagið tilgreinir engin hlutabréf á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Skuldabréfaeignir félagsins eru að stærstum hluta seljanlegar og skráðar á verðbréfamörkuðum og geta verið keyptar og seldar eftir aðstæðum hverju sinni. Þær eru keyptar í þeim tilgangi að ávaxta lausafé og nýta tækifæri sem skapast geta á markaði frekar en að innheimta samningsbundið greiðsluflæði. Þar af leiðandi eru fjárfestingar í skuldabréfum metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

(b) Skráning, afskráning og mat
Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi – dagsetningin sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestinguna. Fjáreignir, fjárskuldir og afleiður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður um leið og til hans er stofnað.

Fjáreignir eru afskráðar þegar réttur til að taka á móti sjóðstreymi úr fjáreignunum er liðinn eða hefur verið fluttur og félagið hefur flutt frá sér í meginatriðum alla áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Eftir upphaflega skráningu eru allar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning metnar á gangvirði. Hagnaður og tap sem stafar af breytingum á gangvirði fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru settar fram í yfirliti yfir heildarafkomu undir liðnum *Gangvirðisbreytingar fjáreigna* á því tímabili sem áhrifin koma fram.

Skýringar

- 2.3 **Fjármálagerningar, frh.**
(c) Gangvirðismat
Gangvirði er það verð sem fengist fyrir að selja eign eða eiga í viðskiptum með afleiður í skipulegum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi. Gangvirði fjáreigna sem ekki er verslað með á virkum markaði er ákvarðað með matsaðferðum. Sjá nánari umfjöllun um gangvirðismat og matsaðferðir í skýringu 3.2.

(d) Tilfærslur á milli stiga gangvirðisstigveldisins
Tilfærslur á milli stiga gangvirðisstigveldisins telst hafa átt sér stað í upphafi reikningsskilatímabilsins.

(e) Aðrar kröfur
Aðrar kröfur eru upphaflega færðar á gangvirði og eru síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Önnur kröfustaða er geymd til innheimtu.

Á hverjum uppgjörssdegi skal félagið meta framlag í afskriftarreikning á fjárhæð sem jafngilda væntanlegu útlánatapi út líftíma kröfunnar ef útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphaflegri skráningu. Hafi útlánaáhættan ekki aukist verulega á uppgjörssdegi frá upphaflegri skráningu skal framlagið jafngilda 12 mánaða væntu útlánatapi. Verulegir fjárhagserfiðleikar gagnaðila, líkur á að mótaðili fari í gjaldþrot eða fjárhagslega endurskipulagningu og vanskil á greiðslum eru allt taldar vera vísbendingar um möguleg útlánatöp. Ef útlánaáhættan eykst að því marki að færa þarf kröfu niður þá reiknast vaxtatekjur miðað við brúttó bókfært verð leiðrétt fyrir niðurfærslu. Veruleg aukning á útlánaáhættu er skilgreind af stjórnendum sem hvers kyns krafa sem er komin meira en 30 dögum fram yfir gjalddaga. Sérhver krafa sem er komin meira en 90 dögum eftir gjalddaga er varúðarfærð.

(f) Jöfnun fjármálagerninga
Fjáreignum og -skuldum er jafnað saman og samanlögð fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur til að jafna fjárhæðunum er fyrir hendi og ætlunin er að gera upp viðskiptin á jöfnuðum grunni (net basis) eða innleysa eignina og gera upp skuldina samtímis. Skuldajöfnunarrétturinn má ekki vera háður atburðum í framtíðinni og verður að vera til staðar í venjulegum rekstri og ef um vanskil eða gjaldþrot félagsins eða gagnaðila er að ræða.

(g) Handbært fé
Handbært fé nær yfir innlán í banka og aðrar skammtímafjárfestingar á virkum markaði með gjalddaga innan þriggja mánaða eða skemur.

(h) Vaxtatekjur og vextir af fjáreignum færðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
Vextir eru færðir með aðferð virkra vaxta. Til vaxtatekna teljast vextir af handbæru fé. Vextir af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning innihalda vexti af skuldabréfum.

- 2.4 **Arðstekjur**
Arðstekjur eru færðar þegar réttur til greiðslu er staðfestur, líklegt er að efnahagslegur ávinningur tengdur arðinum renni til félagsins og hægt er að meta fjárhæð arðsins með áreiðanlegum hætti.

- 2.5 **Viðskiptakostnaður**
Viðskiptakostnaður er kostnaður sem fellur til við að afla fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þau fela í sér gjöld og þóknanir sem greiddar eru til ráðgjafa, miðlara og söluaðila. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning sem kostnaður þegar til hans stofnast.

- 2.6 **Veð**
Reiðufé sem félagið leggur fram að veði er flokkað sem handbært fé og tilgreint sem bundið reiðufé í skýringu 11. Hvað varðar önnur veð en reiðufé, þar sem veðhafi á rétt samkvæmt samningi eða venju til að selja eða endurveðsetja eignina, þá eru þær tilgreindar í skýringu 9.

2.7 Skuldbindingar utan efnahags

Félagið hefur gert samninga með söluréttum þar sem krafa getur myndast á SKEL að kaupa eignir af mótaðila sínum. Skuldbindingunum er haldið utan efnahags þar sem óvíst er að til þeirra komi. Einnig hefur félagið gengist í ábyrgð vegna leigu á húsnæði eins dótturfélags. Heildarfjárhæð skuldbindinga utan efnahags er að finna í skýringu 3.1.2.

2.8 Starfsþættir

Stjórnendur skilgreina félagið sem einn starfsþátt og birtir félagið því ekki starfsþáttayfirlit.

2.9 Starfskjör og kaupréttarsamningar

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

Gangvirði kaupréttarsamninga við starfsmenn er metið á samningsdegi og verður gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda á því tímabili sem starfsmennirnir ávinna sér kauprétti. Mótfærsla er færð á sérstakan lið meðal eigin fjár. Árleg gjaldfærsla er leiðrétt með tilliti til fjölda kaupréttar sem vænst er að ávinnast. Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes aðferðinni. Við matið eru notaðar forsendur um gengi hlutabréfa á matsdegi, gengi í kaupréttarsamningum, vænt flökt á gengi hlutabréfa, gildistíma samninganna, væntar arðgreiðslur og áhættulausa vexti (byggt á ríkisverðbréfum).

3. Fjárhagsleg áhætta

3.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins er útsett fyrir margvíslegri fjárhagsáhættu: markaðsáhættu (þar á meðal verðáhættu, gjaldeyrisáhættu og vaxtaáhættu), lausafjáráhættu og útlánaáhættu.

Stjórn og stjórnendur SKEL leitast við að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og verklagsferlum. Með þeim hætti er tryggt skilvirkni í starfsemi félagsins, áreiðanleiki upplýsinga og hlítu við lög. Forstjóri og fjármálastjóri bera ábyrgð á greiningu og mati á fjárhagslegum og rekstrarlegum áhættum félagsins. Þeir taka ennfremur virkan þátt í mótun áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Hjá félaginu starfar ekki sérstakur áhættustjóri. Þá eru mánaðarlegir fundir haldnir með stjórn þar sem stjórn er upplýst um helstu áhættuþætti í rekstri félagsins hverju sinni. Stjórn og stjórnendur geta með þeim hætti brugðist tímanlega við áhættum sem steðja að. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að áhættustjórnun sé í samræmi við stefnur félagsins og að eftirlitsaðgerðir taki á áhættum í starfseminni. Áhættustýring er yfirfarin árlega með tilliti til breytinga í helstu áhættuþáttum í starfsemi félagsins.

Félagið er einnig óvarið fyrir rekstraráhættu eins og vörsluáhættu. Vörsluáhætta er hættan á tapi verðbréfa í vörslu sem stafar af gjaldþroti eða vanrækslu vörsluaðila. Þrátt fyrir að viðeigandi lagarammi sé til staðar sem útilokar hættu á að verðbréf sem vörsluaðili hefur í vörslu tapist, þá gæti geta félagsins til að flytja verðbréf skerst tímabundið.

Allar fjárfestingar í verðbréfum hafa í för með sér áhættu á fjármagnstapi. Hámarkstap fjármagns á keyptum valréttum, langtíma hluta- og skuldabréfum takmarkast við gangvirði þeirra. Á samningsbundnum kaupréttum, stuttum framtíðarstöðum og á skortseldum hlutabréfum og skuldum getur hámarkstap verið ótakmarkað. Hámarkstap á samningsbundnum söluréttum, löngum framtíðarsamningum og framvirkum gjaldmiðlasamningum er takmarkað við áætluð samningsverðmæti.

Notkun félagsins á skuldsetningu og lántökum getur aukið hversu útsett félagið er fyrir þessari áhættu, sem aftur getur aukið hugsanlega ávöxtun sem félagið getur náð. Forstjóri og fjármálastjóri félagsins stýra þessum áhættuskuldbindingum á einstökum verðbréfum.

Félagið notar mismunandi aðferðir til að mæla og stýra hinum ýmsu tegundum áhættu sem það er útsett fyrir; þessar aðferðir eru útskýrðar í skýringu 3.1.1.-3.1.3.

3.1.1 Markaðsáhætta

(a) Verðáhætta

Félagið er berskjaldað fyrir verðáhættu hlutabréfa og fjárfestingaeigna. Þetta stafar af fjárfestingum þar sem verð er óvíst í framtíðinni. Þar sem fjármálagerningar, til dæmis hlutabréf, eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum, mun verðið einnig sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Í b-lið „Gjaldeyrisáhætta“ hér að neðan er tilgreint hvernig þessum þætti verðáhættu er stýrt og hvernig hún er mæld. Stefna félagsins er að stýra verðáhættu með dreifingu og vali á verðbréfum og öðrum fjármálagerningum innan ákveðinna marka sem stjórn félagsins setur.

Gangvirði hlutabréfa, skuldabréfa og fjárfestingafasteigna sem útsett eru fyrir verðáhættu þann 31. desember eru:

	Gangvirði	
	31.12.2023	31.12.2022
Skráð hlutabréf.....	9.105	4.921
Óskráð hlutabréf.....	27.114	22.936
Fjárfestingafasteignir.....	6.107	690
Óskráð skuldabréf.....	24	201
Skráð skuldabréf.....	2.815	2.116
	45.165	30.864

Félagið var í heildina útsett fyrir verðáhættu á eftirfarandi eignum:

	31.12.2023	31.12.2022
Hlutabréf.....	36.219	27.857
Fjárfestingafasteignir.....	6.107	690
Skuldabréf.....	2.838	2.317
	45.165	30.864

Félagið stýrir einnig áhættu sinni fyrir verðáhættu með því að flokka fjárfestingasafnið eftir starfsemi. Stefna félagsins er að dreifa fjárfestingaeignum á milli flokka og takmarka þannig áhættu félagsins af einstökum flokki. Taflan hér að neðan er yfirlit yfir helstu flokka starfsemi innan hlutabréfasafnsins (þar með talið hlutabréf á stigi 1, 2 og 3), að fráðregnum skortseldum verðbréfum.

	31.12.2023	31.12.2022
Flokkun fjárfestinga		
Neytendamarkaður.....	34%	32%
Fyrirtækjamarkaður.....	23%	39%
Fasteignir.....	23%	10%
Fjármálamarkaður.....	10%	9%
Innviðir.....	7%	9%
Annað.....	3%	0%
	100%	100%

(b) Gjaldeyrisáhætta

Félagið starfar á alþjóðavettvangi og á bæði handbært fé og verðbréf í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum, starfrækslugjaldmiðlinum. Gjaldeyrisáhætta, eins og hún er skilgreind í IFRS 7, myndast þar sem verðmæti framtíðarviðskipta með eignir og skuldir sveiflast vegna breytinga á erlendum gjaldmiðlum. Stjórnendur hafa eftirlit með gjaldeyrisjöfnuði félagsins og er hann sýndur í töflunni hér að neðan.

Félagið á í gjaldeyrisvarnarviðskiptum í þeim tilgangi að stýra gjaldeyrisjöfnuði og þar með gjaldeyrisáhættu.

Þegar félagið mótar sér sýn á framtíðarstefnu erlendra gjaldmiðla og hugsanleg áhrif þeirra á félagið er tekið tillit til samsetningu eignasafnsins. Félagið getur einnig orðið fyrir óbeinum áhrifum af áhrifum gengisbreytinga á tekjur tiltekinna fyrirtækja sem félagið fjárfestir í, jafnvel þótt verðbréf þeirra fyrirtækja séu í krónum. Af þeirri ástæðu getur næmnigreiningin hér að neðan ekki endilega gefið til kynna heildaráhrif vegna framtíðarbreytinga á gengi gjaldmiðla.

Skýringar

3.1.1 Markaðsáhætta, frh.

Yfirlit yfir gjaldeyrisáhættu

Töflurnar fyrir neðan sýna samantekna gjaldeyrisáhættu félagsins 31. desember 2023 og 31. desember 2022. Fjárhæðir utan efnahagsreiknings sýna nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga félagsins.

31. desember 2023	EUR	SEK	DKK	USD
Eignir				
Handbært fé.....	24	0	2	34
Verðbréf.....	872	1.008	0	0
Framvirkir samningar	0	0	0	24
	896	1.009	2	58
Skuldir				
Skuldir.....	0	712	0	0
Hrein staða í efnahagsreikningi.....	896	297	2	58
Hrein gjaldeyrisstaða.....	896	297	2	58

31. desember 2022	DKK	USD
Eignir		
Handbært fé.....	127	7
Verðbréf.....	2.975	284
	3.102	291
Skuldir		
Skuldir.....	0	0
Hrein staða í efnahagsreikningi.....	3.102	291
Hrein staða utan efnahagsreiknings.....	(1.385)	284
Hrein gjaldeyrisstaða.....	1.717	575

Félagið notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir tímabilið sem ársreikningurinn nær til

	31.12.2023	31.12.2022	Breyting %
DKK/ISK.....	20,016	20,372	-1,7%
SEK/ISK.....	13,004	13,622	-4,5%
USD/ISK.....	137,98	142,04	-2,9%
EUR/ISK.....	149,14	151,5	-1,6%

Í samræmi við stefnu félagsins fylgist fjármálastjóri með gjaldeyrisáhættu félagsins daglega.

Taflan hér að neðan sýnir næmni eigna og skulda félagsins fyrir breytingum á gjaldeyrishreyfingum þann 31. desember 2023. Greiningin byggir á þeim forsendum að viðkomandi gengi krónunnar hafi hækkað/lækkað um það hlutfall sem fram kemur í töflunni hér að neðan, með öllum öðrum breytum óbreyttum.

Gjaldmiðill	Möguleg gengisbr. 2023	Áhrif á virði
Sænsk króna (SEK).....	+/- 10%	24
Bandaríkjadalur (USD).....	+/- 10%	5
Evra (EUR).....	+/- 10%	72

Skýringar

3.1.1 Markaðsáhætta, frh.

(c) Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta stafar af áhrifum sveiflna á vöxtum á markaði á gangvirði fjáreigna og fjárskulda og framtíðarsjóðstreymi. Félagið á verðbréf með föstum vöxtum sem útsetja það fyrir gangvirðisáhættu vaxta. Félagið á einnig skuldir og reiðfué með breytilegum vöxtum í íslenskum krónum sem útsetja félagið fyrir vaxtaáhættu sjóðstreymis.

Sundurliðun vaxtaberandi eigna og skulda eftir því sem fyrr er endurverðlagning vaxta eða gjalddagi:

31.12.2023	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé og ígildi handbærs fjár.....	3.139				3.139
Ríkisskuldabréf.....			1.497	1.027	2.524
Fyrirtækjaskuldabréf.....		29	959	300	1.289
Fjáreignir að undanskildum afleiðum	3.139	29	2.456	1.327	6.951
Afleiðusamningar.....			335	545	880
Fjáreignir samtals	3.139	29	2.791	1.872	7.831

Fjárskuldir	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Samtals
Skuldir við lánastofnanir.....	2.292	6.167			8.459
Skuldir við tengda aðila.....		1.465			1.465
Fjárskuldir að undanskildum afleiðum	2.292	7.632	0	0	9.924
Afleiðusamningar.....	940				940
Fjárskuldir samtals	3.232	7.632	0	0	10.864

Heildarendurverðlagningarbil vaxta	(93)	(7.603)	2.791	1.872	(3.033)
---	-------	----------	-------	-------	----------

31.12.2022	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé og ígildi handbærs fjár.....	4.731				4.731
Ríkisskuldabréf.....			1.487	629	2.116
Fyrirtækjaskuldabréf.....			201		201
Fjáreignir að undanskildum afleiðum	4.731	0	1.688	629	7.048
Afleiðusamningar.....	1.373			284	1.657
Fjáreignir samtals	6.103	0	1.688	913	8.705

Fjárskuldir	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Samtals
Skuldir við lánastofnanir.....	1.750	271			2.021
Fjárskuldir að undanskildum afleiðum	1.750	271	0	0	2.021
Afleiðusamningar.....	1.682				1.682
Fjárskuldir samtals	3.432	271	0	0	3.703

Heildarendurverðlagningarbil vaxta	2.671	(271)	1.688	913	5.001
---	-------	--------	-------	-----	-------

Skýringar

3.1.2 Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan að félagið hafi ekki nægjanlegt laust fé til að gera upp skuldbindingar sínar þegar þær falla á gjalddaga eða geti aðeins gert það á kjörum sem eru verulega óhagstæð.

Félagið fjárfestir í afleiðusamningum og skuldabréfum og óskráðum hlutabréfafjárfestingum sem ekki er verslað með á virkum markaði. Þar af leiðandi geta komið upp þær aðstæður að félagið geti ekki losað um þessar fjárfestingar sínar hratt og nálægt gangvirði þeirra til þess að uppfylla lausafjárpörf sína eða bregðast við sérstökum atburðum eins og rýrnun á láns hæfi útgefanda.

Félagið hefur einnig gert samninga með sölurétti þar sem krafa getur myndast á félagið að kaupa eign af mótaðila sínum í samningnum. Einnig hefur félagið gengist í ábyrgð fyrir leigusamning hjá dótturfélagi sínu. Heildarfjárhæð mögulegra skuldbindinga vegna opinna söluréttá er 819 m.kr. og ábyrgða 258 m.kr. í árslok 2023.

Í árslok 2023 eru handbært fé og ríkisskuldbréf 164% af skammtímaskuldum félagsins.

Í samræmi við stefnu félagsins er fylgst með lausafjárahættu daglega.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

31. desember 2023	Umsamið					
	Bókfært verð	sjóð-streymi	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður						
Vaxtaberandi skuldir	9.963	11.298	3.392	2.373	4.118	1.415
Viðskiptaskuldir og aðrar						
skammtímaskuldir	294	294	294			
	10.257	11.592	3.686	2.373	4.118	1.415

3.1.3 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef mótaðili félagsins stendur ekki við umsamdar skuldbindingar sínar. Félagið stundar ekki umfangsmikla útlánastarfsemi og lánar aðallega til mótaðila sem eru í eigu félagsins, félagið þekkir vel og hefur aðkomu að stjórn.

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	2023	2022
Lán og kröfur á tengda aðila	845	2.129
Langtímakröfur	0	428
Skammtímakröfur	570	323
	1.415	2.880

Árið 2023 voru kröfur að fjárhæð 5,3 millj.kr. afskrifaðar.

Færð er varúðarniðurfærsla krafna að fjárhæð 68 m.kr. sem er vegna einnar kröfu.

3.2 Gangvirðismat

Gangvirði fjáreigna og skulda sem verslað er með á virkum mörkuðum miðast við skráð markaðsverð við lokun viðskipta á lokadegi ársins. Félagið notar síðasta markaðsverð fyrir bæði fjáreignir og fjárskuldir. Ef umtalsverð hreyfing á gangvirði verður eftir lokun viðskipta fram að miðnætti á lokadegi ársins, verður matsaðferðum beitt til að ákvarða gangvirði.

Fjárfestingarfasteignir félagsins voru metnar af óháðum þriðja aðila og byggði verðmatið annarsvegar á nýlegum viðskiptaverðum með sambærilegar eignir og hins vegar sjóðstreymismati.

Skýringar

3.2 Gangvirðismat, frh.

Gangvirði fjáreigna og skulda sem ekki er verslað með á virkum markaði er ákvarðað með því að nota verðmatsaðferðir. Félagið notar margvíslegar aðferðir og gefur sér forsendur sem byggja á markaðsaðstæðum. Verðmatsaðferðir sem notaðar eru fyrir óstaðlaða fjármálagerninga eins og valrétti, gjaldeyrisskiptasamninga og aðrar afleiður, fela í sér notkun á sambærilegum nýlegum viðskiptum á armslengdar grundvelli, tilvísun í aðra gerninga sem eru í meginatriðum eins, greining á núvirtu sjóðstreymi, verðlagningarlíkönum valréttá og öðrum verðmatsaðferðum sem almennt eru notaðar af markaðsaðilum með það að markmiði að nýta markaðs upplýsingar sem mest og treysta eins lítið og mögulegt er á sértækar upplýsingar.

Verðmatslíkön eru alltaf mat eða nálgun á verðmæti sem ekki er hægt að ákvarða með vissu og matsaðferðir sem notaðar eru endurspeglá kannski ekki að fullu alla þætti sem skipta máli fyrir stöðuna sem félagið tekur. Verðmat er því leiðrétt, þar sem við á, til að taka tillit til viðbótarþátta, þar á meðal lausafjárahættu og mótaðilaáhættu.

Félagið notar þrepaskiptingu til þess að skýra mismunandi flokka við mati á gangvirði. Þrepin eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

Þrep 1: Skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Fjárfestingar þar sem verðmæti miðast við skráð markaðsverð á virkum mörkuðum og eru því flokkuð í 1. stig, eru skráð hlutabréf og ríkisskuldbréf. Félagið aðlagar ekki skráð verð fyrir þessa gerninga.

Þrep 2: Aðrar forsendur en skráð verð samkvæmt fyrsta þrepi sem hægt er að greina fyrir eignina eða skuldina, ýmist beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verði).

Fjármálagerningar sem átt er í viðskiptum með á mörkuðum sem ekki eru taldir vera virkir en eru metnir á grundvelli skráðs markaðsverðs, tilboða söluaðila eða annarra verðmatsaðferða sem stutt er af sjáanlegum breytum eru flokkaðir í 2. þrep. Þar sem 2. stigs fjárfestingar innihalda stöður sem ekki er verslað með á virkum mörkuðum og/eða eru háðar yfirfærslutakmörkunum, getur verðmat verið aðlagð til að endurspeglá óseljanleika og/eða óframseljanleika, sem eru almennt byggðar á tiltækum markaðsupplýsingum.

Þrep 3: Forsendur sem notaðar eru við mat eignar eða skuldar eru ekki byggðar á fáanlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Fjárfestingar sem flokkast innan 3. stigs hafa umtalsverðar ógreinanlegar breytur, þar sem viðskipti með þau eru fátíð. Þriðja stigs gerningarnir innihalda hlutabréf fyrirtækja og fjárfestingaeigna. Þar sem sjáanleg verð eru ekki tiltæk fyrir þessi verðbréf hefur félagið notað matsaðferðir til að fá fram gangvirði.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárfestingaeignir félagsins eftir flokkum metnar á gangvirði 31. desember 2023.

Eignir	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum:				
Fyrirtækjamarkaður.....	34	0	9.740	9.774
Neytendamarkaður.....	872	0	13.628	14.501
Fjármálamarkaður.....	4.252	0	211	4.463
Fasteignir.....	3.085	0	451	3.535
Innviðir.....	0	0	2.839	2.839
Annað.....	862	0	225	1.087
Skuldabréf:				
Skuldabréf fyrirtækja.....	291	0	44	335
Ríkisskuldbréf.....	2.524	0	0	2.524
Fjárfestingafasteignir.....	0	0	6.107	6.107
	11.920	0	33.245	45.165

3.2 Gangvirðismat, frh.

Gangvirði fjáreigna og skulda sem ekki er verslað með á virkum markaði er ákvarðað með því að nota verðmatsaðferðir. Félagið notar margvíslegar aðferðir og gefur sér forsendur sem byggja á markaðsaðstæðum. Verðmatsaðferðir sem notaðar eru fyrir óstaðlaða fjármálagerninga eins og valrétti, gjaldeyrisskiptasamninga og aðrar afleiður, fela í sér notkun á sambærilegum nýlegum viðskiptum á armslengdar grundvelli, tilvísun í aðra gerninga sem eru í meginatriðum eins, greining á núvirtu sjóðstreymi, verðlagningarlíkönum valréttar og öðrum verðmatsaðferðum sem almennt eru notaðar af markaðsaðilum með það að markmiði að nýta markaðs upplýsingar sem mest og treysta eins lítið og mögulegt er á sértækar upplýsingar.

Verðmatslíkön eru alltaf mat eða nálgun á verðmæti sem ekki er hægt að ákvarða með vissu og matsaðferðir sem notaðar eru endurspegla kannski ekki að fullu alla þætti sem skipta máli fyrir stöðuna sem félagið tekur. Verðmat er því leiðrétt, þar sem við á, til að taka tillit til viðbótarþátta, þar á meðal lausafjárahættu og mótaðilaáhættu.

Félagið notar þrepaskiptingu til þess að skýra mismunandi flokka við mati á gangvirði. Þrepin eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

Þrep 1: Skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Fjárfestingar þar sem verðmæti miðast við skráð markaðsverð á virkum mörkuðum og eru því flokkuð í 1. stig, eru skráð hlutabréf og ríkisskuldabréf. Félagið aðlagar ekki skráð verð fyrir þessa gerninga.

Þrep 2: Aðrar forsendur en skráð verð samkvæmt fyrsta þrepi sem hægt er að greina fyrir eignina eða skuldina, ýmist beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verði).

Fjármálagerningar sem átt er í viðskiptum með á mörkuðum sem ekki eru taldir vera virkir en eru metnir á grundvelli skráðs markaðsverðs, tilboða söluaðila eða annarra verðmatsaðferða sem stutt er af sjáanlegum breytum eru flokkaðir í 2. þrep. Þar sem 2. stigs fjárfestingar innihalda stöður sem ekki er verslað með á virkum mörkuðum og/eða eru háðar yfirfærslutakmörkunum, getur verðmat verið aðlagð til að endurspegla óseljanleika og/eða óframseljanleika, sem eru almennt byggðar á tiltækum markaðsupplýsingum.

Þrep 3: Forsendur sem notaðar eru við mat eignar eða skuldar eru ekki byggðar á fáanlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Fjárfestingar sem flokkast innan 3. stigs hafa umtalsverðar ógreinanlegar breytur, þar sem viðskipti með þau eru fátið. Þriðja stigs gerningarnir innihalda hlutabréf fyrirtækja og fjárfestingaeigna. Þar sem sjáanleg verð eru ekki tiltæk fyrir þessi verðbréf hefur félagið notað matsaðferðir til að fá fram gangvirði.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárfestingaeignir félagsins eftir flokkum metnar á gangvirði 31. desember 2023.

Eignir	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum:				
Fyrirtækjamarkaður.....	34	0	9.740	9.774
Neytendamarkaður.....	872	0	13.628	14.501
Fjármálamarkaður.....	4.252	0	211	4.463
Fasteignir.....	3.085	0	451	3.535
Innviðir.....	0	0	2.839	2.839
Annað.....	862	0	225	1.087
Skuldabréf:				
Skuldabréf fyrirtækja.....	291	0	44	335
Ríkisskuldabréf.....	2.524	0	0	2.524
Fjárfestingafasteignir.....	0	0	6.107	6.107
	11.920	0	33.245	45.165

3.2 Gangvirðismat, frh.

Eftirfarandi tafla sýnir eignir félagsins eftir flokkum metnar á gangvirði 31. desember 2022.

Eignir	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum:				
Fyrirtækjamarkaður.....	0	0	10.775	10.775
Neytendamarkaður.....	0	0	8.697	8.697
Fjármálamarkaður.....	2.636	0	0	2.636
Fasteignir.....	2.285	0	544	2.829
Innviðir.....	0	0	2.920	2.920
Skuldabréf:				
Skuldabréf fyrirtækja.....	0	0	201	201
Ríkisskuldabréf.....	2.116	0	0	2.116
Fjárfestingafasteignir.....	0	0	690	690
	7.037	0	23.827	30.864

Verðmat 3. stigs eigna er endurskoðað á sex mánaða fresti eða oftar ef þurfa þykir. Metið er hversu viðeigandi breytur verðmatslíkansins eru, sem og matsniðurstaðan með ýmsum matsaðferðum og aðferðum sem almennt eru viðurkenndar sem staðlaðar. Við val á heppilegasta verðmatslíkaninu er haft í huga niðurstöður hvaða líkans hafa í gegnum tíðina verið best í takt við raunveruleg markaðsviðskipti.

Við mat á gangvirði stærstu óskráðu félaganna í eigu SKEL er stuðst við sjóðstreymisgreiningu (e. Discounted Cash Flow, DCF) og bæði notað frjálst fjárstreymi til fyrirtækis (e. Free Cash Flow to Firm, FCFF) og arðgreiðslulíkan (e. Dividend Discount Model, DDM). Gangvirðismatið er byggt á rekstraráætlun stjórnenda hvers félags. Spástærðir eru margar hverjar byggðar á raunbreytingu undirliggjandi stærða og í kjölfarið er innbyggt verðbólguálag áhættulausra vaxta notað sem mat á framtíðarverðbólgu í fjárstreymi, sérstöku fyrirtækjaálagi bætt við ávöxtunarkröfu eigin fjár sem tekur m.a. mið af seljanleika félaganna, óvissu um framgang rekstraráætlana og ýmsum óvissuþáttum í rekstrarumhverfi félaganna. Sjá helstu forsendur verðmata í töflu fyrir neðan. Verðmöt óskráðra eigna eru framkvæmdar af óháðum þriðja aðila sem eru sérfræðingar í verðmötum fyrirtækja. Í þeim tilfellum þegar hægt er að finna nýlegt viðskiptaverð í viðskiptum við ótengda aðila þá er miðað við slíkt verð frekar en niðurstöður verðmata.

		Orkan Samstæða	Heimkaup Samstæða	Styrkás Samstæða	Gallon
Drög 2023	Framlegð/ Tekjur	4.692	9.793	14.650	580
	EBITDA	2.051	315	1.948	285
	EBIT	1.468	18	1.727	155
Áætlun 2024	Framlegð	5.189	12.966	15.817	598
	EBITDA	2.161	196	1.985	289
	EBIT	1.710	32	1.755	159
	Fjárfestingar	733	1.332	216	200
Virðismat	WACC	13,8%	18,1%	13,7%	11,80%
	Rekstrarvirði (EV)	13.164	5.216	13.727	2.189
	Virði hlutafjár	9.173	5.438	13.727	2.839
Bókfært virði SKEL	Rekstrarvirði (EV)	13.164	4.616	13.291	2.189
	Virði hlutafjár	9.173	4.838	13.972	2.839
	Eignarhlutur SKEL %	100%	81%	69%	100%
	Virði hlutafjár SKEL	9.173	3.931	9.697	2.839
Verðlagning	EV/EBITDA 2023	6,4x	n/a	6,8x	7,7x
	EV/EBITDA 2024S	6,1x	n/a	6,7x	7,6x
	EV/EBIT 2023	9,0x	n/a	7,7x	14,1x
	EV/EBIT 2024S	7,7x	n/a	7,6x	13,7x

Skýringar

3.2 Gangvirðismat, frh.

Afstemming á breytingum á gangvirði eigna

31.12.2023	Skráð verðbréf	Fjárfestinga fasteignir	Óskráð verðbréf	Afleiðu- samningar	Samtals
Staða 31.12.2022.....	7.037	690	23.150	(13)	30.864
Endurflokkun 1.1.2023.....	201	0	(201)	0	0
Gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning.....	772	(2)	5.218	(48)	5.939
Viðbætur.....	6.372	5.420	3.739	0	15.532
Sala.....	(2.463)	0	(4.792)	0	(7.255)
Afleiðusamningur færður meðal skulda.....	0	0	0	84	84
Staða 31. desember 2023.....	11.920	6.107	27.114	24	45.165

31.12.2022	Skráð verðbréf	Fjárfestinga fasteignir	Óskráð verðbréf	Afleiðu- samningar	Samtals
Staða 31.12.2021.....	0	0	0	0	0
Endurflokkun 1.1.2022.....	0	2.166	8.462	0	10.628
Gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning.....	(813)	5.947	13.929	(13)	19.050
Viðbætur.....	18.976	8	759	0	19.743
Sala.....	(11.126)	(7.431)	0	0	(18.557)
Staða 31. desember 2022.....	7.037	690	23.150	(13)	30.864

Áhrif ógreinanlegra forsendna á 3 þreps gangvirðismat

Félagið telur gangvirðismötin vera viðeigandi nálgun á gangvirði eignanna en breytingar á forsendum eða matsaðferðum getur haft veruleg áhrif á niðurstöður verðmatanna. Breyting upp á 10% á verðmötum myndi hafa eftirfarandi áhrif á hagnað fyrir skatta:

	+10%	-10%
Fjárfestingafasteignir.....	611	(611)
Hlutabréf.....	2.711	(2.711)
Skuldabréf.....	2	(2)
	3.325	(3.325)

Flutningur á milli þrepa

Félagið metur í lok hvers uppgjörstímabils hvort fjáreignir og fjárskuldir sem metnar eru á gangvirði hafi færst á milli þrepa í þrepaskiptingunni með því að yfirfara flokkunina. Á árunum 2023 og 2022 voru engar tilfærslur á milli þrepa.

4. Mikilvægar forsendur reikningshaldlegs mats

Stjórnendur gera áætlanir og gefa sér forsendur um framtíðina. Matið sem af þessu leiðir mun sjaldan jafngilda nákvæmlega raunverulegum niðurstöðum. Áætlanir og forsendur sem eru sérstaklega viðkvæmar fyrir breytingum og geta valdið verulegri leiðréttingu á bókfærðu verði eigna og skulda eru útlistuð hér að neðan.

(a) Gangvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á virkum markaði

Gangvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á virkum markaði getur verið ákvarðað af félaginu með því að nota þekktar verðmatsaðferðir. Þar sem engin markaðsgögn eru tiltæk getur félagið metið stöður með eigin líkönum, sem eru byggð á verðmatsaðferðum og aðferðum sem almennt eru viðurkenndar sem staðlaðar í greininni. Líkönin sem notuð eru til að ákvarða gangvirði eru yfirfarin og endurskoðuð reglulega af starfsfólki hjá SKEL fjárfestingafélagi. Líkönin sem notuð eru fyrir skuldabréf eru byggð á hreinu núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, leiðrétt eftir því sem við á fyrir lausafjástöðu og lánsfjár- og markaðsáhættuþáttum.

Líkönin nota greinanleg gögn, að því marki sem unnt er. Stjórnendur þurfa þó að beita mati fyrir breytur sem ekki eru greinanlegar á markaði. Breytingar á forsendum um þessa þætti gætu haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerninga. Næmni fyrir ógreinanlegum gögnum byggist á væntingum stjórnenda um mögulegar breytingar á þessum gögnum, að teknu tilliti til sögulegra sveiflna og mats á framtíðarhreyfingum á markaði.

Ákvörðun um hvað teljist „greinanlegt“ krefst verulegs mats félagsins. Félagið lítur svo á að greinanleg gögn séu markaðsgögn sem eru aðgengileg, dreift reglulega eða uppfærð, áreiðanleg og sannreynanleg, ekki séreign og veitt af óháðum aðilum sem taka virkan þátt í viðkomandi markaði.

Skýringar

4. Mikilvægar forsendur reikningshaldlegs mats, frh.

(b) Starfrækslugjaldmiðill

Stjórnin telur íslensku krónuna vera þann gjaldmiðil sem best sýnir efnahagsleg áhrif undirliggjandi viðskipta, atburða og aðstæðna. Krónan er gjaldmiðillinn sem félagið mælir frammistöðu sína í og tilkynnir um afkomu sína.

5. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:	2023	2022
Leigutekjur	58	181
Stjórnarlaun	56	0
Aðrar tekjur	49	555
Aðrar rekstrartekjur samtals	162	736

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2023	2022
Aðkeypt lögfræðiaðstoð og önnur þjónusta	87	78
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	61	118
Húsnæðiskostnaður	51	75
Skráningarkostnaður og annar tengdur kostnaður	47	61
Upplýsingatækni	32	47
Aðkeypt ráðgjöf og þjónusta vegna kaupa og sölu á eignum	27	16
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	8	35
Annar rekstrarkostnaður samtals	313	431

7. Fjármunatekjur

	2023	2022
Vaxtatekjur af handbæru fé	200	164
Vextir af kröfum og skuldabréfum	138	337
Arðstekjur	167	168
Gengismunur	122	49
	627	718

8. Fjármagnsgjöld

	2023	2022
Vaxtagjöld	463	175
Varúðarniðurfærsla lánveitinga	68	0
Önnur fjármagnsgjöld	0	5
	531	179

Skýringar

9. Eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur

Eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur sundurliðast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
	Gangvirði	Gangvirði
Ríkisskuldabréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
RIKB 24 0415	1.497	1.487
RIKS 26 0216	1.027	629
	2.524	2.116

Skráð verðbréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Kaldalón hf. (2023: 15,37%)	3.000	2.285
Vátryggingafélag Íslands hf. (2023: 8,23%)	2.681	2.636
Önnur skráð verðbréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	3.715	0
	9.396	4.921

Aðrar óskráðar fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Orkan IS ehf. (100%), innifelur Löður ehf. (100%)	9.173	8.671
Styrkás hf. (69,4%), innifelur Skeljung ehf. (100%) og Klett ehf. (100%)	9.697	7.800
Gallon ehf. (100%)	2.839	2.920
Heimkaup ehf. (81%) innifelur Lyfjaval ehf. (100%)	3.931	26
Sp/f Orkufélagið	0	2.975
Önnur óskráð félög	1.498	745
	27.138	23.137

Fjárfestingafasteignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Íbúðarhúsnæði	4.968	0
Atvinnuhúsnæði	1.139	690
	6.107	690

Heildareignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur

	45.165	30.864
Breytingar á gangvirði fjáreigna og fjárfestingafasteigna:	2023	2022
Innleyst	736	5.636
Óinnleyst	5.204	13.214
	5.939	18.850

Eftirfarandi fjárfestingaeignir eru nýttar sem trygging vegna veðlána að fjárhæð 8.442 m.kr. í árslok 2023:

Eignir	Markaðsverð
Fasteignir	5.273
Kaldalón hf.	3.000
Vátryggingafélag Íslands hf.	2.681
Aðrar skráðar eignir	1.787
	12.741

Skýringar

9. Eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur, frh.

Lýsing á óskráðum félögum í eignasafni

Orkan IS ehf. er fyrirtæki á neytendamarkaði. Orkan rekur 73 eldsneytisstöðvar auk þess að selja vetni, metan og bjóða rafhleðslu. Orkan á að fullu Löður ehf. en seldi á árinu verslunarrekstur sinn til Heimkaupa. Orkan á eignarhlut í Heimkaup (81%), Blæ ehf., áður Íslenska Vetnisfélagið, (50%) og Straumlind ehf. (34%). Löður ehf. rekur 14 bílþvottastöðvar, 12 á höfuðborgarsvæðinu, eina á Akureyri og aðra í Reykjanesbæ. Allar stöðvarnar eru reknar undir eigin vörumerki.

Heimkaup ehf. rekur heimkaup.is. Á árinu 2023 voru 9 verslanir undir merkjum Orkunnar, 10-11 og Extra seldar af Orkunni ehf. til Heimkaupa ehf. auk eignarhluta Orkunnar í félögum í veitingarekstri undir vörumerkjunum Brauð og co., Gló og Sbarro. Heimkaup keypti einnig 100% hlut Orkunnar í Lyfjaval ehf. Lyfjaval ehf. rekur 7 apótek undir eigin vörumerki sem og netverslun með lyf og tengdar vörur.

Styrkás hf. var stofnað á árinu sem móðurfélag utan um 100% eignarhluti í Skeljungi ehf. og Kletti sölu og þjónustu ehf. Skeljungur sinnir sölu og þjónustu við fyrirtæki með eldsneyti, efnavöru og áburð. Félagið sinnir hluta af þjónustu sinni í gegnum eftirfarandi dóttur- og hlutdeildarfélög Barkur ehf. (67%), EAK ehf. (33%), Fjölver ehf. (33%) og Ecomar ehf. (67%). Klettur er leiðandi í sölu og þjónustu vinnuvéla, aflvéla, rafstöðva, lyftara, rafgeyma, hleðslukrana, hjólbarða, vöruflutninga- og hópferðabíla, gíra og skrúfubúnaðar. Klettur er umboðsaðili fyrir Caterpillar (CAT) og Scania á Íslandi og er með 6 starfsstöðvar á Íslandi.

Gallon ehf. á og rekur orkuinnviði, þ.e. sex birgðastöðvar í Reykjavík, á Akureyri, Eskifirði, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum. Birgðatankar félagsins eru 36 og geymslurými fyrir um 90m lítra af eldsneyti. Gallon ehf. á 25%

10. Framvirkir samningar

Framvirkir samningar eru skuldbinding til að kaupa eða selja fjármálagerning í framtíðinni á ákveðnu verði.

Eftirfarandi eru stöður undirliggjandi eignar og skuldar framvirkra samninga í lok árs:

Eign	2023	2022
Skuldabréfaafleiður	545	284
Söluréttarsamningur	335	0
Gjaldeyrisafleiður	0	1.373
	880	1.657
Skuld		
Skuldabréfaafleiður	521	297
Söluréttarsamningur	419	0
Gjaldeyrisafleiður	0	1.385
	940	1.682
Gangvirði opinna framvirkra samninga í árslok 2023	(60)	(25)

11. Handbært fé og ígildi handbærs fjár

	2023	2022
Handbært fé á bankareikningum	2.975	4.656
Bundið handbært fé	164	75
	3.139	4.731

12. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam í árslok 1.936 milljónum króna samkvæmt samþykktum þess (2022: 1.936 milljónir króna). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirverðsreikningur eigin fjár:
Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

Lögbundinn varasjóður:
Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnvirði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.

Bundinn gangvirðisreikningur:
Færa skal sömu fjárhæð vegna matsbreytingar á fjáreignum tilgreindum á gangvirði af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af að teknu tilliti til skattáhrifa eftir því sem við á.

Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu eru ekki fyrir hendi.

Varasjóður kaupréttar:
Áætlaður kostnaður vegna kaupréttarsamninga er gjaldfærður yfir ávinnslutímabil kaupréttanna, með mótfærslu á varasjóð á meðal eigin fjár. Við nýtingu eða niðurfellingu kaupréttar er varasjóður endurflokkaður á óráðstafað eigið fé.

Óráðstafað eigið fé:
Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.

Arður:
Félagið greiddi árið 2023 arð vegna 2022 að fjárhæð 600 millj.kr (0,310 kr á hlut). Tillaga er gerð til greiðslu arðs vegna fjárhagsársins sem endaði 31. desember 2023 að fjárhæð 750 millj.kr (0,400 kr á hvern útistandandi hlut) og verður tillagan lögð fram til samþykktar á aðalfundi félagsins þann 7.mars 2024.

13. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu.

	2023	2022
Hagnaður ársins	5.410	17.517
Vegið meðaltal útistandandi hluta		
Hlutfé í ársbyrjun	1.936	1.936
Áhrif endurkaupa eigin bréfa	(13)	0
Vegið meðaltal fjölda hluta á árinu	1.923	1.936
Grunnhagnaður á hlut	2,81	9,05

13. Hagnaður á hlut, frh.

Þynnt vegið meðaltal útistandandi hluta		
Hlutir 1. janúar	1.936	1.936
Áhrif endurkaupa eigin bréfa	(13)	0
Áhrif kaupréttarsamninga	0	0
Þynntur veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	1.923	1.936
Þynntur hagnaður á hlut	2,81	9,05

14. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
	2023	2022
Laun	293	517
Gjaldfærsla vegna kaupréttasamninga	113	85
Gjaldfærð keypt starfsréttindi	60	45
Mótframlag í lífeyrissjóð	61	94
Önnur laun og launatengd gjöld	69	82
Laun og launatengd gjöld samtals	596	823
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf		
Stöðugildi í árslok	6	7

Þann 7. apríl 2022 var tveimur stjórnendum veittur kaupréttur að hlutum í félaginu. Eigendur kaupréttarins eiga þá rétt á að kaupa hluti í félaginu á markaðsvirði þess dags sem rétturinn var veittur leiðrétt (til hækkunar) með 7% föstum ársvöxtum frá úthlutunardegi og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil. Nýtingarverð þann 7.4.2022 var 16,4280 á hlut.

Kaupréttinum fylgja hvorki réttur til arðsgreiðslna né atkvæði og var verðmæti kaupréttarins reiknað með því að nota Black-Scholes verðmatslíkanið og markaðsvexti og flökt á útgáfudegi. Á árinu voru 113 m.kr. gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna kaupréttanna.

Samningsverð kaupréttar á hlut m.t.t. arðgreiðslna	19,77 - 22,64
Ávinnslutímabil	3 ár

Hreyfing kaupréttarsamninga greinast þannig:	Hlutir (í þúsundum)
Staða 1. janúar 2023	96.802
Veittir kaupréttir á árinu	0
Staða 31. desember 2023	96.802

Forsendur sem notaðar eru við mat á gangvirði á veitingardegi kaupréttar	
Gangvirði á undirritunardegi (m.kr.)	338
Hlutabréfaverð á undirritunardegi	17,1
Samningsverð	16,428
Vænt flökt	22%
Væntur líftími (vegið meðaltal)	3 ár
Áhættulausir vextir	5,13%

Uppreiknað samningsverð kaupréttar í árslok 2023 m.t.t. arðgreiðslna	18,148
--	--------

Skýringar

15. Þóknun til endurskoðenda
Þóknanir til endurskoðanda félagsins með vsk greinast þannig:

Table with 3 columns: Description, 2023, 2022. Rows include Endurskoðun ársreiknings, Önnur þjónusta, and Þóknanir samtals.

16. Tekjuskattur
Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu og frestaður tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða meðal annarrar heildarafkomu í yfirliti um heildarafkomu.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með efnahagsskuldbindingaraðferðinni vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman ef til staðar er lagaleg heimild til að jafna tekjuskatt til greiðslu á móti skatteign og þær heyra undir sömu skattyfirvöld.

Skatteign er færð vegna yfirfæranlegs skattalegs taps, skattaívilnana og frádráttarbærra tímabundinna mismuna að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Table with 3 columns: Description, 2023, 2022. Rows include Hagnaður fyrir tekjuskatt, Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall, Óskattskyldar tekjur vegna gangvirðisbreytinga, Aðrir liðir, Tekjuskattur í rekstrarreikningi, and a summary row for Hagnaður fyrir tekjuskatt.

Skýringar

17. Tekjuskattsskuldbinding
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

Table with 3 columns: Description, 31.12.2023, 31.12.2022. Rows include Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun, Samsköttun, Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi, Tekjuskattur til greiðslu, and Tekjuskattsskuldbinding í árslok.

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði:

Table with 3 columns: Description, 2023, 2022. Rows include Fjárfestingafasteignir og rekstrarfjármunir, Frestun söluhagnaðar um tvenn áramót, Framvirkir samningar, Viðskiptakröfur, Frestun gengismunar, Aðrir liðir, and Tekjuskattsskuldbinding í árslok.

Félagið hefur frestað skattlagningu söluhagnaðar eigna um tvenn áramót árin 2021 og 2022. Frestaður söluhagnaður frá árinu 2021 nemur 3.909 millj. kr. og frestaður söluhagnaður frá árinu 2022 nemur 5.586 millj.kr. Á árinu 2023 fjárfesti félagið í 55 íbúðum í Stefnisvogi og var stofnverð þeirra fært niður á móti áður frestuðum söluhagnaði. Tekjuskattur lögaðila mun hækka tímabundið í 21% árið 2024 vegna tekna þess árs. Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð miðað við 20% tekjuskattsshlutfall þar sem flestir liðir skattskuldbindingar eru til lengri tíma en eins árs. Frestaður söluhagnaður af eignum sem mögulega kemur til tekna 2024 ef félagið endurfjárfestir ekki nemur um 5,6 milljörðum króna. Ef þessi frestaði hagnaður kæmi til tekna 2024 hefði það um 56 millj.kr. áhrif á tekjuskattsskuldbindingu félagsins til hækkunar.

18. Fasteignamat og vátryggingarverð
Vátryggingarverð fjárfestingafasteigna nam í lok árs 2023 samtals 3.534 millj. kr. (2022: 362 millj. kr.). Fasteignamat fjárfestingafasteigna nam í lok árs 2023 samtals 4.609 millj. kr. (2022: 259 millj. kr.). Vátryggingarverð véla, áhalda og tækja félagsins nam í árslok 2023 64 millj. kr. (2022: 167 millj. kr.).

19. Langtímakröfur
Langtímakröfur greinast þannig:
Vaxtaberandi langtímakröfur

Table with 3 columns: Description, 2023, 2022. Rows include Nafnverð viðskiptakrafna, Niðurfærsla krafna, Kröfur á hið opinbera, Næsta árs afborgun langtímakrafna, Aðrar kröfur, Fyrirfram greiddur kostnaður, and Aðrar skammtímakröfur í lok ársins.

Hægt er að finna frekari upplýsingar um láns- og gengisáhættu og virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna í skýringu um áhættustýringu (skýring 3.3).

Skýringar

21. **Vaxtaberandi skuldir**
Þessi skýring veitir upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Skýring um áhættustýringu (skýring 3) inniheldur frekari upplýsingar um vaxtaáhættu, gjaldmiðlagengisáhættu og lausafjánhættu.

	2023	2022
Staða vaxtaberandi skulda 1.1.	2.515	7.077
Lántaka á árinu	6.198	0
Afborganir vaxtaberandi lána	(272)	(4.562)
Breytingar tengdar fjármögnunarhreyfingum	5.927	(4.562)
Staða vaxtaberandi skulda 31.12.	8.442	2.515

Langtímaskuldir	2023	2022
Verðtryggð langtímalán ISK vegna fjárfestingafasteigna	3.674	0
Óverðtryggð langtímalán ISK	1.764	42
Vaxtaberandi langtímaskuldir með næsta árs afborgunum	5.438	42
Næsta árs afborgun	(147)	(42)
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5.291	0

Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	147	42
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	2.292	2.473
Skammtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum	712	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	3.151	2.515

Vaxtaberandi skuldir samtals	8.442	2.515
------------------------------------	-------	-------

Skilmálar vaxtaberandi skulda		2023	
	Lokagjalddagar	Meðalvextir	Bókfært verð
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:			
Skammtímaskuldir í SEK	2024	7,0%	712
			712
Skuldir í íslenskum krónum:			
Óverðtr. langtímalán	2025	11,7%	1.764
Verðtr. langtímalán	2028	4,0%	3.674
Óverðtr. skammtímalán	2024	11,3%	2.292
			7.730
Vaxtaberandi skuldir samtals			8.442

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:	2023	2022
2023	0	42
2024	147	0
2025	1.911	0
2026	147	0
2027	147	0
Síðar	3.085	0
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	5.438	42

Skýringar

22. Aðrar skammtímaskuldir	2023	2022
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Skuld við ríkissjóð	14	11
Tekjuskattur til greiðslu	0	63
Ógreiddar launaskuldbindingar	98	282
Áfallnir vextir lána	0	27
Viðskiptaskuldir	85	41
Ýmsar skammtímaskuldir	97	66
Aðrar skammtímaskuldir samtals	294	490

23. **Tengdir aðilar**
Skilgreining tengdra aðila
Stórir hluthafar, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur auk félaga í meirihlutaeigu þessara aðila teljast vera tengdir aðilar félagsins. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila	2023	2022
Keyptar vörur og þjónusta af dóttur- og hlutdeildarfélögum	45	45
Seldar vörur og þjónusta til dóttur- og hlutdeildarfélaga	286	2
Kröfur í lok ársins á dóttur- og hlutdeildarfélög	33	116
Viðskiptaskuldir í lok ársins á dóttur- og hlutdeildarfélög	40	0
Langtímaskuldir í lok ársins við dóttur- og hlutdeildarfélög	1.465	57
Skuldabréf útgefin af dóttur- og hlutdeildarfélögum	812	2.013

Laun stjórnar			
	Stjórnar- laun	Mótframlag í lífeyrissjóð	Fjöldi hluta í árslok
2023			
Birna Ósk Einarsdóttir, stjórnarmaður	4	1	-
Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, fv. stjórnarmaður	1	0	-
Guðni Rafn Eiríksson, stjórnarmaður	5	1	158
Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður	10	1	251
Nanna Björk Ásgrímsdóttir, stjórnarmaður	5	1	252
Sigurður Kristinn Egilsson, varaformaður	8	1	-
Þórarinn Arnar Sævarsson, fv. stjórnarmaður	1	0	-
Samtals	34	5	

	Stjórnar- laun	Mótframlag í lífeyrissjóð	Fjöldi hluta í árslok
2022			
Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður	10	1	251
Sigurður Kristinn Egilsson, varaformaður	7	1	-
Þórarinn Arnar Sævarsson, stjórnarmaður	5	1	96
Nanna Björk Ásgrímsdóttir, stjórnarmaður	5	1	235
Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, stjórnarmaður	4	1	-
Birna Ósk Einarsdóttir, fv. varaformaður	1	0	-
Samtals	32	5	

Skýringar

23. Tengdir aðilar, frh.

Laun og hlunnindi framkvæmdastjórnar

Forstjóri félagsins, Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, var með 78 m.kr. í föst laun og hlunnindi árinu 2023. Einskiptisgreiðslur á árinu námu 90 m.kr. og móttframlag í lífeyrissjóð var 25,4 m.kr. Forstjóri átti kauprétti að 64 milljónum hluta í árslok.

	Föst laun & Móttframlag		Fjöldi hluta í árslok	
2022	hlunnindi í lífeyrissjóð		Kaupréttir	Hlutabréf
Ásgeir H. Reykfjörð Gylfason, forstjóri*	36	32	64	-
Fyrirverandi stjórnendur**	129	23	-	-
	165	55	64	0

(*) Á árinu 2022 eru gjaldfærðar 45 millj. kr. auk launatengdra gjalda alls 55 millj. kr. vegna keyptrar starfsréttinda forstjóra. Að auki verða gjaldfærðar 60 millj. kr. árin 2023 og 2024 og 15 millj. kr. árið 2025, auk launatengdra gjalda. Heildarfjárhæðin var greidd á árinu 2022. Greiðslan var skilyrt og skuldbindur forstjóri sig til að starfa hjá félaginu í að minnsta kosti fram í apríl 2025. Ef lágmark starfstíma er ekki náð skal hann endurgreiða félaginu hlutfallslega. Í efnahagsreikningi eru færðar 83 millj. kr. meðal veltufjármuna vegna þessa. Forstjóri félagsins greiddi fullan tekjuskatt af heildarfjárhæðinni á árinu 2022.

(**) Með fyrirverandi stjórnendum er átt við fyrirverandi forstjóra og framkvæmdastjóra sviða.

24. Atburðir eftir lok reikningsskiladags og önnur mál

Undirritun yfirlýsingar um könnunarviðræður vegna samruna Samkaupa, Heimkaupa og Orkunnar
SKEL fjárfestingafélag hf. („SKEL“) og Samkaup hf., kt. 571298-3769 („Samkaup“) hafa undirritað yfirlýsingu um að hefja könnunarviðræður vegna mögulegs samruna Samkaupa og tiltekinna félaga í samstæðu SKEL, nánar tiltekið:

- Samkaupa, sem reka 64 matvöruverslanir víðsvegar um landið undir fjórum vörumerkjum (Samkaup, Nettó, Kjörbúðin og Iceland) sem spanna allt frá lágvöruverðsverslunum til þægindaverslana.

- Orkunnar IS ehf. („Orkan“) sem starfrækir 73 orkustöðvar, 14 þvottastöðvar undir merkjum Löðurs, 6 hraðhleðslustöðvar, 2 vetnisstöðvar og 1 metanstöð. Þá á félagið 32 fasteignir og lóðir víðs vegar um landið, auk annarra eigna.

- Heimkaupa ehf. („Heimkaup“) sem reka 7 apótek undir merkjum Lyfjavalis og 9 þægindaverslanir undir merkjum 10-11, Extra og Orkunnar, auk annarra eigna.

SKEL telur að með sameiningu ofangreindra félaga yrði til fjárhagslega sterkt fyrirtæki með ákjósanlega samsetningu tekna og sterka markaðshlutdeild. SKEL mun greina frá framvindu viðræðna í kauphöll.



Stjórnarháttayfirlýsing 2023

Stjórnarháttayfirlýsing

1. Stjórnarhættir SKEL

Stjórn og stjórnendur SKEL fjárfestingafélags hf. („SKEL“) leggja ríka áherslu á að fylgja góðum stjórnarháttum. Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda undirstaða trausts og ábyrgrar stjórnunar en hvort um sig stuðlar að vandaðri ákvarðanatöku og góðum samskiptum milli hluthafa, stjórnar, starfsmanna og annarra hagaðila félagsins.

Stjórnarhættir SKEL eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins, s.s. ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög, markaðssvikareglugerð ESB, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.

SKEL er með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands (Nasdaq Iceland hf.)¹ og ber því sömuleiðis að taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfu 2021. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands.²

Stjórnarhættir félagsins eru sömuleiðis í samræmi við innri reglur félagsins sem má finna á heimasíðu félagsins www.skel.is.³

2. Helstu þættir í störfum stjórnar á starfsárinu

2.1. Stefnumörkun SKEL

SKEL starfar sem fjárfestingafélag, með þann tilgang að skapa verðmæti fyrir hluthafa og aðra haghafa með langtíma hugsun að leiðarljósi og það markmið að minnka vægi jarðefnaeldsneytis í rekstri félagsins með fjölgun tekjustoða og fjárfestinga. Stefna SKEL er að vera umbreytingafjárfestir og þannig veita stuðning og aðstoð við þau félög, stjórnendateymi og frumkvöðla sem ákveðið er að fjárfesta í hverju sinni. Stjórnendur og starfsfólk SKEL styðji þannig samstarfsaðila sína við að fullnýta alla möguleika fyrirtækjanna sem þau stýra, hvort sem um er að ræða rótgróin rekstrarfélög eða góða viðskiptahugmynd.

Á árinu sem er að líða hrinti stjórn SKEL í framkvæmd mörgum af yfirlýstum markmiðum félagsins. Í byrjun árs var gengið frá kaupum á Kletti – sölu og þjónustu og hafist handa við að byggja upp alhliða þjónustufélag við atvinnulífið. Á haustmánuðum setti SKEL svo á lagginnar félagið Styrkás. Horn IV slhf. hefur skráð sig fyrir hlutafé í Styrkás að andvirði 3.500.000.000 kr. eða því sem nemur 29,54% af heildarhlutafé félagsins. Með hlutafjárukningunni er Styrkás í kjörstöðu til að ýta úr vör framtíðasýn SKEL og annarra hluthafa um að byggja félagið upp sem leiðandi þjónustufyrirtæki á fyrirtækjamarkaði sem hefur styrk til að þjónusta þá innviða- og atvinnuvegafjárfestingu sem framundan er. Markmið Styrkáss er að byggja ofan á sterkar stoðir samstæðunnar með innri og ytri vexti á sviði orku og efnavöru, tækja og búnaðar, umhverfis, iðnaðar og eignaumsýslu. Innan samstæðu félagsins í dag eru Skeljungur og Klettur sem eru leiðandi félög á sínum sviðum.

Í sumar seldi Orkan allan verslunarrekstur og lyfsölu til Heimkaupa en gefið hafði verið út á markaðinn í lok síðasta árs að verslanahluti Orkunnar væru í endurskipulagningu. Með þessu verður bæði Orkan með mun einfaldari rekstur og Heimkaup styrkist til muna og getur með þessu nýtt betri innkaup og hafið frekari sókn á markaði. Heimkaupum starfar nú sem eignarhaldsfélags utan um Lyfjaval ehf., 10-11, EXTRA og eignarhluti í veitingastöðum og Brauð og co. Gréta María Grétarsdóttir hefur tekið við sem forstjóri Heimkaupa og mun leiða verkefnið. Norvik ehf. hefur jafnframt skrifað sig fyrir 500 m. kr. af nýju hlutafé.

¹ <http://business.nasdaq.com/list/Rules-and-Regulations/European-rules/nasdaq-iceland/index.html>

² <https://leidbeiningar.is/leidbeiningar>

³ <http://skel.is/stjornarhaettir/stefnur-og-reglur>

Gengið var frá uppgjöri vegna sölu á 48,3% eignarhlut SKEL í Orkufélaginu, móðurfélagi P/F Magn í Færeyjum. Salan markar ákveðin tímamót í sögu félagsins, sem hefur þá yfirlýstu stefnu að draga úr vægi sölu jarðefnaeldsneytis í eignasafni félagsins.

SKEL hefur sem stærsti hluthafi Kaldalóns gengt stefnumarkandi hlutverki við uppbyggingu á Kaldalóni hf. á árinu. Í nóvember var gengið frá skráningu hlutabréfa Kaldalóns á aðalmarkað. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á mörkuðum hafa íslenskir og erlendir fjárfestar sýnt félaginu mikinn áhuga frá skráningu á Aðalmarkað. SKEL trúir því að undanfarnir mánuðir endurspegli að til lengri tíma muni tilfærsla Kaldalóns af First North yfir á Aðalmarkað muni styrkja stöðu félagsins verulega.

SKEL undirritaði á árinu samning um kaup á 55 íbúðum við Stefnisvog 2 og kauprétt á 35 íbúðum við Stefnisvog 12 en ætlunin er að leigja íbúðirnar út. SKEL hefur mikla reynslu og þekkingu á fasteignamarkaði. Stjórnendur SKEL telja að gerjun sé framundan á fasteignamarkaði og hafa lýst því yfir að markmið félagsins sé að þyngja vægi fasteigna í eignasafni.

SKEL hefur sem næststærsti hluthafi í VÍS og í gegnum stjórnarsetu stutt vegferð félagsins á árinu sem markast að stórum hluta af sameiningu við Fossa fjárfestingabanka en kaupin voru formlega frágengin í október sl. Sameinað félag verður öflugt fyrirtæki á fjármálamarkaði með viðtækar starfsheimildir til fjármálaþjónustu. Horft er til þess að áhrif af sameiningu felist fyrst og fremst í tækifærum til vaxtar og sóknar.

2.2. Endurskoðun skipulags og stjórnarháttar

SKEL tók skipulag og stjórnarhætti samstæðunnar til heildstæðar endurskoðunar árið 2022, með það að markmiði efla og styrkja góða stjórnarhætti innan félagsins. Stefnur voru ýmist einfaldaðar, uppfærðar eða felldar út til að eiga betur við um félagið í núverandi mynd.

Stjórn í samráði við stjórnendur hélt áfram að rýna innri reglur félagsins árið 2023 og uppfæra þar sem við á. Á árinu voru eftirfarandi stefnur og reglur félagsins endurskoðaðar:

- Upplýsingastefna félagsins var endurskoðuð til að endurspeglar ákvörðunar stjórnar um birtingu uppgjör SKEL tvisvar á ári í stað ársfjórðungslega.
- Minniháttar breytingar voru gerðar á sjálfbærnistefnu félagsins.

Þá samþykkti stjórn SKEL:

- Nýja áhættustefnu.
- Nýja skattastefnu.

Árið 2022 var tekin ákvörðun um að stefnur og reglur SKEL gildi ekki á samstæðugrunni. Rekstrarfélög í meirihlutaeigu SKEL hafa sett sér stefnur og reglur um stjórnarhætti í starfsemi sinni eftir því sem við á.

3. Innra eftirlit og áhættustjórnun

3.1. Innra eftirlit

Það er hlutverk stjórnar, ásamt forstjóra, að hafa forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma, og jafnframt að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits skuli vera formlegt og skjalfest og að virkni þess skuli sannreynð reglulega. Markmið með innra eftirlit er að tryggja með sem bestum hætti skilvirkni í starfseminni, áreiðanlegar upplýsingar og hlífni við lög og reglur. Ekki er starfandi innri endurskoðandi hjá félaginu en ytri endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum.

Regluvörður, skipaður af stjórn, hefur umsjón með að reglum um innherjaupplýsingar og viðskipti innherja sé fylgt. Núverandi regluvörður félagsins er Árni Gestsson, lögmaður, og staðgengill regluvarðar er Guðrún Nielsen. Auk þess veitir LEX lögmannsstofa sérfræðiráðgjöf á sviði regluvörslu.

Endurskoðendur eru kjörnir til eins árs í senn á aðalfundi. Ársreikningur félagsins er endurskoðaður í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Stjórn fær árlega í hendur sérstaka endurskoðunarskýrslu frá endurskoðendum með helstu athugasemdum er snúa að innra eftirliti.

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Endurskoðunarnefnd fer m.a. yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar í tengslum við reikningsskilaferlið. Nefndin hefur því það hlutverk að fara yfir uppgjör m.a. hvort til staðar sé virkt innra eftirlit við gerð reikningsskila.

3.2. Áhættustjórnun

Stjórn og stjórnendur SKEL leitast við að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og verklagsferlum. Í desember 2023 samþykkti stjórn SKEL formlega sérstaka áhættustefnu fyrir félagið. Í áhættustefnu félagsins er fjallað um helstu efnisþætti og framkvæmd áhættustýringar félagsins, bæði hvað varðar fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Markmið með stefnunni er að skilgreina áhættuviðmið félagsins til skemmri og lengri tíma og formfesta vinnulag til greiningar, mats og stýringar á helstu áhættuþáttum félagsins og stuðla þannig að auknu öryggi í rekstri félagsins og minni líkum á því að hagsmunir hluthafa og annarra hagaðila skerðist.

Í áhættustefnu SKEL er ennfremur leitast við að hafa áhættustýringu í starfsemi félagsins sem einfaldasta til að tryggja rekjanleika og í samræmi við þau lög og reglum sem gilda um starfsemi félagsins sem og innri reglur félagsins. Stjórnendur og starfsmenn félagsins hafa þannig góða yfirsýn yfir þá áhættuþætti sem til staðar eru hjá félaginu og geta metið hugsanleg áhrif þeirra á afkomu félagsins. Með því móti eru starfsmenn félagsins betur í stakk búnir til að stýra áhættu félagsins og, eftir atvikum, forðast áhættu, draga úr eða auka hana.

Stjórn SKEL ber ábyrgð á mótun og setningu áhættustefnu félagsins. Forstjóri og fjármálastjóri taka ennfremur virkan þátt í mótun áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Forstjóri og fjármálastjóri bera ábyrgð á að þeim sé framfylgt, bæði er varðar fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Samráð er haft við regluvörð um lögfræðileg álitamál við innleiðingu og framfylgni við stefnu þessa. Á mánaðarlegum stjórnarfundum SKEL er stjórn haldið upplýstri um helstu áhættuþætti í rekstri félagsins hverju sinni. Stjórn og stjórnendur geta með þeim hætti brugðist tímanlega við áhættum sem steðja að. Hjá félaginu starfar ekki sérstakur áhættustjóri.

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að áhættustjórnun sé í samræmi við stefnur félagsins og að eftirlitsaðgerðir taki á áhættum í starfseminni. Áhættustýring er yfirfarin árlega með tilliti til breytinga í helstu áhættuþáttum í starfsemi félagsins.

Áhættustefna SKEL byggir á lögum og reglur sem gilda um starfsemi félagsins sem og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfu 2021.

3.3. Stjórnskipan

Í samþykktum SKEL er ekki gert ráð fyrir kosningu fulltrúanefndar, sem samkvæmt 3. mgr. 73. gr. hlutafélagalaga skal, ef til hennar er stofnað, hafa eftirlit með því hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Slíkri nefnd hefur því ekki verið komið á fót hjá félaginu.

3.4. Stjórn SKEL

Aðalfundur SKEL kýs árlega fimm stjórnarmenn til starfa í stjórn félagsins. Í samræmi við 24. gr. samþykktu félagsins fer stjórn þess með æðsta vald félagsins milli hluthafafunda og er hlutverk hennar að annast um öll málefni félagsins, taka ábyrgð á þeim og sjá til þess að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Ennfremur ber stjórn félagsins að hafa umsjón með að viðhlítandi stjórn sé á reikningshaldi félagsins og meðferð fjármuna þess.

Fjallað er um helstu þætti í störfum stjórnar á starfsárinu í kafla 2 að framan.

3.5. Árangursmat stjórnar

Stjórn leggur árlega mat á árangur félagsins í heild og einnig á eigin störf, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu forstjóra og annarra daglegra stjórnenda. Þá metur stjórnin þróun félagsins reglulega innan ársins og gætir að því að hún sé í samræmi við markmið þess. Árangursmatið var framkvæmt í desember 2023 og janúar 2024 og niðurstöður matsins voru kynntar stjórn SKEL og farið var yfir niðurstöður þess með tilnefningarnefnd í janúar 2024. Niðurstöður matsins voru góðar.

3.6. Upplýsingar um stjórnarmenn

Stjórn SKEL hf.:

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, STJÓRNARFORMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2019

Fæðingarár:	1968
Menntun:	Próf frá Verzlunarskóla Íslands.
Aðalstarf:	Fjárfestir.
Starfsferill:	Annar stofnanda Bónus, einn af stofnendum Orkunnar, forstjóri og stjórnarformaður Haga og síðar Baugur Group. Víðtæk stjórnunarreynsla, t.d. fyrir Iceland Foods og Magazin du Nord og fjölmörg önnur íslensk fyrirtæki. Sjálfstæður fjárfestir og ráðgjafi.
Önnur trúnaðarstörf:	Stjórnarformaður Strengs hf. og varamaður í stjórn 365 hf.
Eignarhluti í SKEL:	365 hf. á 60,5% hlut í M25 Holding ehf. sem á 47,94% hlut í Streng hf. sem á 969.152.089 hluti í SKEL eða sem nemur 50,06% atkvæða. 365 hf. er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs.
Stöður hjá SKEL:	Stjórnarformaður SKEL, varamaður í stjórn Lyfjavalis og stjórnarmaður hjá Heimkaup. Formaður starfskjaranefndar SKEL.
Hagsmunatengsl:	365 hf. á 60,5% hlut í M25 Holding ehf. sem á 47,94% hlut í Streng hf. sem á 969.152.089 hluti í SKEL eða sem nemur 50,06% atkvæða. 365 hf. er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs.

Að mati tilnefningarnefndar SKEL er Jón Ásgeir Jóhannesson óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

NANNA BJÖRK ÁSGRÍMSDÓTTIR, STJÓRNARMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2021

Fæðingarár:	1974
Menntun:	LLM Mastersgráða í Evrópurétti frá Háskólanum í Stokkhólmi 2001. Embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2000 og ýmsum námskeiðum frá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands í viðskiptagreinum auk námskeiðum við Heimspekideild Háskóla Íslands.
Aðalstarf:	Eigin fjárfestingar.
Starfsferill:	Nanna Björk hefur verið í eigin fjárfestingum frá 2006 til dagsins í dag. Nanna Björk hefur viðtæka reynslu í smásölu og hefur komið að rekstri fyrirtækja í smásölu bæði hér heima og erlendis ýmist sem eigandi og fjárfestir eða stjórnandi. Má þar nefna fyrirtæki eins og All Saints, Whistles, Karen Millen, The Shoe Studio Group og Warehouse. Á árunum 2004-2006 var Nanna fjárfestir og rekstraraðili í The Shoe Studio Group UK. Á árunum 2003-2004 vann Nanna sem rekstrarstjóri hjá Karen Millen UK fyrir Bandaríkin, Skandinavíu og Evrópu auk þess sem hún vann við lögfræðistörf og almenna samningagerð þar. Nanna starfaði hjá Kaupþing Bank, Corporate Finance við almenn lögfræðistörf 2001-2003 og á Lex lögmannsstofu við almenn lögfræðistörf 1999-2000.
Önnur trúnaðarstörf:	Nanna er stjórnarmaður í RES 2 ehf., RES 9 ehf. og Eldra ehf.
Eignarhluti í SKEL:	Nanna og eiginmaður hennar, Sigurður Bollason, eru 50,1% eigendur RES 9 ehf, sem á 47,94% hlut í Streng hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í SKEL, sem nemur 50,06% atkvæða.
Stöður hjá SKEL:	Stjórnarstjóri hjá SKEL og seta í starfskjaranefnd SKEL.
Hagsmunatengsl:	RES 9 ehf. á 47,94% hlut í Streng hf. sem heldur á hlutum í SKEL. Eiginmaður Nönnu, Sigurður Bollason, er stjórnarmaður í Streng hf.

Að mati tilnefningarnefndar SKEL er Nanna Björk Ásgrímsdóttir óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháð stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

SIGURÐUR KRISTINN EGILSSON, VARAFORMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2021	
Fæðingarár:	1974
Menntun:	Verkfræðingur með löggildingu í verðbréfavíðskiptum.
Aðalstarf:	Starfsmaður Arcur ehf.
Starfsferill:	Frá 1998-2007 starfaði Sigurður Kristinn á eignastýringasviði Kaupþings banka og var síðustu 5 árin yfirmaður eignastýringar fagfjárfesta sem sérhæfir sig í stýringu eigna fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki og stofnanir. Frá 2007-2010 starfaði hann á eignastýringasviði bankans erlendis og leiddi uppbyggingu á alþjóðlegu sjóðasviði fyrir fagfjárfesta. Frá árinu 2010-2016 veitti Sigurður Kristinn forstöðu eignastýringar og sérhæfðra sjóða hjá ALM Verðbréfum sem fjármagnaðir voru af lífeyrissjóðum.
Önnur trúnaðarstörf:	Stjórnarformaður Arcur ehf. Sigurður er sömuleiðis stjórnarmaður í NeckCare ehf., Zeda ehf., Mælifjallið ehf., REC Studio ehf. og REC Sjóðum ehf.
Eignarhluti í SKEL:	Enginn.
Stöður hjá SKEL:	Varaformaður stjórnar SKEL og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd SKEL.
Hagsmunatengsl:	Engin.

Að mati tilnefningarnefndar SKEL er Sigurður Kristinn Egilsson óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

BIRNA ÓSK EINARSDÓTTIR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2023	
Fæðingarár:	1976
Menntun:	B.Sc í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2001, M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2008, AMP (Advanced Management Program), IESE Business School, 2015.
Aðalstarf:	Framkvæmdastjóri sölu- þjónustu- og markaðssviðs APM Terminals.
Starfsferill:	Ýmis sérfræði- og stjórnunarstörf hjá Símanum frá árinu 2001, t.a.m. kynningafulltrúi, ráðningastjóri, stjórnendaráðgjafi, forstöðumaður verkefnastofu og markaðsmála, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs, framkvæmdastjóri vöru- og nýsköpunarsviðs og framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs. Framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar 2017-2018. Framkvæmdastjóri þjónustuuþplifunar og áður stefnumótunar og viðskiptaþróunar Icelandair, 2018-2019. Framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Icelandair hf. 2019-2022.
Önnur trúnaðarstörf:	Stjórnarmaður í Mílu hf., Brekkumýri ehf., Sunstone IV hf. og Sunstone III ehf.
Eignarhluti í SKEL:	Enginn.
Stöður hjá SKEL:	Stjórnarstörf hjá SKEL, nefndarstörf í starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd SKEL.
Hagsmunatengsl:	Engin.

Að mati tilnefningarnefndar SKEL er Birna Ósk Einarsdóttir óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

GUÐNI RAFN EIRÍKSSON, STJÓRNARMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2023	
Fæðingarár:	1977
Menntun:	B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands auk þess að vera með löggildingu í verðbréfavíðskiptum.
Aðalstarf:	Eigandi og forstjóri Skakkaturns ehf. umboðsaðila Apple á Íslandi.
Starfsferill:	Guðni hefur viðtæka reynslu af fjárfestingum á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum. Áður starfaði hann m.a við verðbréfamiðlun hjá Kaupþingi banka frá árunum 2005-2007 starfaði síðar hjá Eyrir Invest en hefur sinnt eigin fjárfestingum frá árinu 2009.
Önnur trúnaðarstörf:	Stjórnarformaður Skerjabrautar ehf., Klapparholts ehf., Grásteinsmýri hf., RES 9 ehf., M Invest ehf., Blue Ghost ehf. Guðni er sömuleiðis stjórnarmaður í Hraunhafnartanga ehf., GE Capital ehf., Skakkaturn ehf., Árkór ehf., 2E ehf.,

Eignarhluti í SKEL:	Fögruhæð ehf., Bustravel Iceland ehf., Fasteignafélaginu L4 ehf., Edra ehf. Streng hf. og Metatron ehf. Guðni er hluthafi í RES 9 ehf. í gegnum félag sitt GE Capital ehf. sem er 100% í eigu Guðna. Res 9 ehf. á 48% hlut í Streng hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í SKEL, sem nemur 50,06% atkvæða.
Stöður hjá SKEL:	Stjórnarmaður í SKEL og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd SKEL.
Hagsmunatengsl:	GE Capital ehf. félag í fullri eigu Guðna er 31,45% hluthafi í RES 9 ehf. RES 9 ehf. á 47,94% hlut í Streng hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í SKEL, sem nemur 50,06% atkvæða.

Að mati tilnefningarnefndar SKEL er Guðni Rafn Eiríksson óháður félaginu, daglegum stjórnendum en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

3.7. Starfshættir stjórnar

Samkvæmt starfsreglum stjórnar er stjórnarformaður málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni stjórnar s.s. gagnvart forstjóra, starfsmönnum, hluthöfum félagsins samkvæmt nánari reglum þar að lútandi. Samkvæmt sjálfbærnisstefnu leggur félagið áherslu á að eiga góð samskipti við hagaðila.

Formleg samskipti stjórnar og hluthafa eiga sér stað á hluthafafundum. Hluthafar geta þó ávalt komið sjónarmiðum sínum á framfæri eða sett fram spurningar til stjórnar í gegnum tölvupóstfangið fjarfestar@skel.is sem ritari stjórnar hefur umsjón með og tilkynnir stjórn um allar tillögur eða spurningar hluthafa. Stjórn hefur yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim. Í aðdraganda aðalfundar er stærstu hluthöfum félagsins (sem eiga 1% eða meira í félaginu) boðið á formlegan fund með formanni og varaformanni stjórnar.

Fjárfestar geta hvenær sem er sent athugasemdir og fyrirspurnir til stjórnar á tölvupóstfangið fjarfestar@skel.is Forstjóri móttækur slíka tölvupósta og kemur á framfæri við stjórnina þeim póstum sem eiga heima á borði stjórnar.

3.8. Fundir og fundargerðir stjórnarfunda

Fundargerðir stjórnar eru í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti um fyrirtækja. Í hverri fundargerð er bókun yfirlýsing fundarmanna um hæfi stjórnar og forstjóra til umræðu um og afgreiðslu mála sem eru á dagskrá fundarins. Ritari stjórnar skal þó yfirfara hagsmunaskrá stjórnarmanna fyrir boðun stjórnarfunda og opnun á gögn í stjórnargátt. Í þeim tilvikum sem hagsmunatengsl stjórnarmanna kunna að vera til staðar vegna dagskrárliðar vikur stjórnarmaður af fundi og fær viðkomandi stjórnarmaður ekki aðgang að gögnum málsins fyrr en eftir atvikum að því tiltekna máli er lokið, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Stjórn var ákvörðunarbær á fundum ársins, fyrir utan mál er sneru að samskiptum SKEL við Streng ehf., en þar var ákveðið að stjórnarmennirnir Jón Ásgeir Jóhannesson, Nanna Björk Ásgrímsdóttir og Guðni Rafn Eiríksson myndu víkja af fundi vegna mögulegra hagsmunaárekstra. Stjórnarmenn sem hafa hagsmunatengsl við Streng komu ekki að afgreiðslu þeirra mála. Þá véc Sigurður Kristinn Egilsson af fundum stjórnar þar vegna umfjöllunar um mál er sneru að Arcur Finance ehf.

Fjöldi funda og mæting stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda á fundi starfsársins var með eftirfarandi hætti:

Stjórn SKEL fundaði 16 sinnum frá aðalfundi 2023 og fram til og með 8. febrúar 2023 þegar ársreikningur félagsins var samþykktur. Full mæting var á öllum fundum.

Endurskoðunarnefnd SKEL fundaði 6 sinnum frá skipun eftir aðalfund 2023 og fram til og með 8. febrúar 2024. Full mæting var á öllum fundum.

Starfskjaranefnd SKEL fundaði 5 sinnum frá skipun eftir aðalfund 2023 og fram til og með 8. febrúar 2024. Full mæting var á öllum fundum.

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir mætingu stjórnarmanna á stjórnarfundi og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarmaður	Tímabil	Stjórn	Endurskoðunarnefnd	Starfskjaranefnd
Jón Ásgeir Jóhannesson	9.3.2023-8.2.2024	16		5
Birna Ósk Einarsdóttir	9.3.2023-8.2.2024	16		5
Nanna Björk Ásgrímsdóttir	9.3.2023-8.2.2024	16		5
Sigurður Kristinn Egilsson	9.3.2023-8.2.2024	16	6	
Guðni Rafn Eiríksson	9.3.2023-8.2.2024	16	6	

3.9. Undirnefndir

Á liðnu starfsári störfuðu tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, sem og ein undirnefnd hluthafa, tilnefningarnefnd.

3.9.1.Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu hjá SKEL. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar er markmið hennar að koma á fót gagnsæju og skýru fyrirkomulagi við tilnefningar á stjórnarmönnum fyrir aðalfund félagsins. Ferlinu er ætlað að gera hluthöfum kleift að taka upplýstari ákvörðun við kosningu á frambjóðendum til setu í félagsstjórninni. Tveir utanaðkomandi og óháðir aðilar, annar með reynslu af ráðningum og hinn lögfróður, skulu kosnir árlega af hluthöfum á aðalfundi félagsins til setu í nefndinni til eins árs í senn. Þriðji nefndarmaðurinn skal tilnefndur af stjórn.

Á aðalfundi SKEL 2023 kusu hluthafar eftirtalda frambjóðendur í nefndina: Almar Þ. Möller, lögmaður á Mörkinni Lögmannsstofu, og Álfheiði Evu Óladóttur, stjórnunarráðgjafa og framkvæmdastjóra hjá Skilvirk. Þá tilnefndi stjórn SKEL Birnu Ósk Einarsdóttur, stjórnarmann, til setu í nefndina. Almar, Álfheiður og Birna eru öll óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var Almar Þ. Möller kjörinn formaður nefndarinnar. Nefndin hefur komið saman 6 sinnum vegna undirbúnings tillögu fyrir aðalfund 2023. Full mæting var á fundum nefndarinnar af hálfu óháðra nefndarmanna, en nefndarmaður sem var tilnefndur af stjórn sat ekki nema fyrsta fund nefndarinnar. Nefndin hefur fundað bæði með stjórnarmönnum félagsins, forstjóra og stórum hluthöfum. Þá hefur tilnefningarnefndin fundað með frambjóðendum til stjórnar SKEL. Starfsreglur nefndarinnar má finna á heimasíðu SKEL.⁴

3.9.2.Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar SKEL og er sem slík skipuð af stjórn til eins árs í senn, á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar er markmið hennar að leitast við að tryggja gæði reikningsskila og annarra fjármálaupplýsinga og óhæði endurskoðenda. Endurskoðunarnefnd ber að starfa í samræmi við íslensk lög, reglum og góðum stjórnarháttum. Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða
- eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings
- setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki
- mat á óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis

Endurskoðunarnefnd fer einnig yfir og metur gæði fjárhagslegra upplýsinga og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og endurskoðendum. Hún fer árlega yfir skýrslu endurskoðanda um störf sín og óhæði og mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Nefndin skal jafnframt fylgja eftir innleiðingu þeirra ábendinga sem fram koma í skýrslu endurskoðanda.

Þá rýnir endurskoðunarnefnd áhættu- og skattastefnu félagsins og gerir tillögur til stjórnar um breytinga þar á eftir því sem tilefni er til.

Á starfsárinu 2023-2024 sátu í nefndinni stjórnarmennirnir Guðni Rafn Eiríksson og Sigurður Kristinn Egilsson, ásamt Sigrúnu Guðmundsdóttur, löggiltum endurskoðanda. Sigrún Guðmundsdóttir var kjörin formaður nefndarinnar. Sigrún og Sigurður eru óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og endurskoðendum en Guðni Rafn telst einn ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu.

Starfsreglur nefndarinnar má finna á heimasíðu SKEL. ⁵

3.9.3.Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd er einnig undirnefnd stjórnar SKEL og þannig skipuð af stjórn til eins árs í senn, á fyrsta fundi eftir aðalfund. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar er markmið hennar að auka skilvirkni, skerpa á verklagi og efla starfshætti stjórnar er snúa að starfskjörum innan félagsins.

Hlutverk starfskjaranefndar er eftirfarandi:

- Rýna starfskjarastefnu
- Undirbúningur upplýsingagjafar og tillagna til aðalfundar vegna starfskjarastefnu
- Samningagerð við forstjóra og aðra stjórnendur sem heyra undir stjórn
- Eftirlit með innleiðingu og frávikum frá starfskjarastefnu
- Áhættustjórnun vegna starfskjara
- Mat á eigin störfum

Á starfsárinu 2023-2024 sátu í nefndinni Jón Ásgeir Jóhannesson, Birna Ósk Einarsdóttir og Nanna Björk Ásgrímsdóttir. Birna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Jón Ásgeir er óháður félaginu, daglegum stjórnendum en ekki stórum hluthöfum. Nanna Björk Ásgrímsdóttir er óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháð stórum hluthöfum í félaginu. Jón Ásgeir var kjörinn formaður nefndarinnar. Nefndin fundaði fimm sinnum á árinu. Full mæting var á fundum nefndarinnar. Starfsreglur nefndarinnar má finna á heimasíðu SKEL. ⁶

3.10. Framkvæmdastjórn

Forstjóri skal annast daglegan rekstur félagsins og í þeim efum fara eftir stefnu og fyrirmælum sem stjórn gefur. Hlutverk, ábyrgð og umboð forstjóra er nánar skilgreint í starfslýsingu sem forstjóri og stjórn samþykktu í nóvember 2022.

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason, forstjóri, fæddur árið 1982. Ásgeir var ráðinn forstjóri SKEL í apríl 2022. Ásgeir sinnir einnig stjórnarstörfum í félögum í eigu SKEL og er stjórnarformaður Kaldalóns, Orkunnar, Styrkáss og Skeljungs. Ásgeir situr einnig í stjórn VÍS. Ásgeir er með BA og ML gráður í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og er með lögmannsréttindi. Áður starfaði Ásgeir sem aðstoðarbankastjóri Arion banka hf. Hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Kviku banka hf., yfirlögfræðings MP banka hf., lögmaður á LOGOS lögmannsþjónustu í Reykjavík og London og þar áður hjá Straumi fjárfestingarbanka hf. árin 2004-2009. Ásgeir var meðlimur í framkvæmdahópi um losun fjármagnshafta árið 2015 sem lauk störfum með gerð stöðugleikasamninga það ár. Ásgeir sinnti stundakennslu við Háskólann í Reykjavík um árabíl í verðbréfamarkaðsrétti o.fl. Ásgeir á enga hluti í SKEL en er með kaupréttarsamning við félagið sem nemur 62.000.000 hluta. Kaldalón er leigusali hluta starfsstöðva Orkunnar, Löðurs og Kletts. Engin hagsmunatengsl eru gagnvart samkeppnisaðilum SKEL eða stórum hluthöfum félagsins.

4. Stefna um fjölbreytileika

⁴ <https://skel.is/um-skel/undirnefndir>⁵ <https://skel.is/um-skel/undirnefndir>⁶ <https://skel.is/um-skel/undirnefndir>⁷ <http://skel.is/stjornarhaettir/stefnur-og-reglur>

⁵ <https://skel.is/um-skel/undirnefndir>⁶ <https://skel.is/um-skel/undirnefndir>⁷ <http://skel.is/stjornarhaettir/stefnur-og-reglur>

⁶ <https://skel.is/um-skel/undirnefndir>⁷ <http://skel.is/stjornarhaettir/stefnur-og-reglur>

SKEL hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn eða stjórnendur, en gildandi sjálfbærnisstefna lýsir áherslum félagsins í jafnréttismálum. Félagið leggur áherslu á fjölbreytileika í hæfni og sjónarmiðum stjórnenda og starfsmanna. Með þeim hætti er mótað eftirsóknarvert og sanngjarnt starfsumhverfi sem styður við velferð alls starfsfólks.

Í sjálfbærnisstefnu SKEL segir um stefnu félagsins vegna fjölbreytileika:

„Félagið fagnar fjölbreytileika í samfélaginu og á meðal starfsfólksins og samþykkir ekki mismunun, áreiti eða einelti af nokkru tagi. Metnaður félagsins er fyrir því að vinnustaðurinn sé öruggur í öllum skilningi. SKEL leggur áherslu á að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallargildum og leitast við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.“

Í sjálfbærnisstefnu hefur félagið sömuleiðis markað sér jafnréttis- og eineltisstefnu:

„Jafnrétti, þar sem hæfni og frammistaða ræður för, er órofa hluti af menningu fyrirtækisins.

Allt starfsfólk SKEL á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu. Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni verður ekki liðin. Stjórnendum ber skylda að taka rétt á málum ef þau koma upp og fylgja verklagsreglum um úrvinnslu slíkra mála í einu og öllu.

Starfstengdar ákvarðanir skulu byggðar á viðeigandi hæfni, verðleikum, frammistöðu og öðrum starfstengdum þáttum. Við ákvörðun launa skal gæta þess að ekki sé mismunað vegna kyns. Starfsmönnum á að greiða jöfn laun fyrir sömu störf og jafnverðmæt störf.“

SKEL starfrækir sömuleiðis tilnefningarnefnd, en hlutverk og starf nefndarinnar er að tryggja að stjórn félagsins hafi yfir að búa breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Meðal þeirra sjónarmiða sem nefndinni ber að líta til við mat á tillögu að stjórnarkjöri er að þar komi saman stjórnarmenn með mismunandi áherslur og sjónarmið.

Að lokum segir í starfsreglum stjórnar að hún framkvæmi árangursmat sem meðal annars nær til mats á samsetningu hennar og framkvæmdir stjórnar í desember 2023 ítarlegt árangursmat með ráðgjafa þar sem samsetning hennar var meðal annars rýnd.

Sjá nánar hvernig félagið styður við fjölbreytileika í upplýsingagjöf um sjálfbærni (ófjárhagslega upplýsingagjöf) í ársreikningi félagsins, en innri stefnur og starfsreglur stjórnar er að finna á heimasíðu félagsins.⁷

5. Úrskurðir og dómar tengdir SKEL

Á síðasta fimm ára tímabili hefur félagið komið við sögu í tveimur dómsmálum og tveimur stjórnsýsluákvörðunum:

Þann 15. desember 2020 kvað Persónuvernd upp úrskurð, í máli nr. 2020010702, þess efnis að meðferð SKEL á tölvupósthólfri við starfslok hjá félaginu samrýmdist ekki lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglum nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.


Þann 19. nóvember 2021 var kveðinn upp héraðsdómur í Tromsø í Noregi upp dóm þar sem fallist var á kröfu Marine Supply AS um sameiginlega bótaskyldu fyrrum stjórnenda, P/F Magn og SKEL og félaganna sjálfra vegna meintra brota á trúnaðaryfirlýsingu. Dóminum var áfrýjað. Áfrýjunardómstóll vísaði málinu frá og sendi það aftur til héraðsdóms til lögmatrar málsmeðferðar. Í janúar 2024 var kveðinn upp dómur um að fyrrum stjórnendur, P/F Magn og SKEL skyldi greiða Marine Supply AS 2.660.132 NOK. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort dóminum verði áfrýjað. Stjórnendatrygging SKEL nær til kostnaðar félagsins vegna málsins.

⁷ <http://skel.is/stjornarhaettir/stefnur-og-reglur>

Þann 15. september var birt ákvörðun neytendastofu nr. 30/2021 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að SKEL hafi gerst brotlegt gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með birtingu fullyrðinga „lægsta verðið og ódýrasta eldsneytisverðið.“ SKEL hefur brugðist við ákvörðun neytendastofu og málinu hefur verið lokað í málaskrá stofnunarinnar.

Þann 20. maí 2022 kvað Landsréttur upp dóm í máli nr. 189/2021 þess efnis að íslenska ríkinu bæri að endurgreiða SKEL ofgreidd flutningsjöfnunargjöld fyrir árin 2016-2019.

Þannig samþykkt af stjórn SKEL hf. 8. febrúar 2024



Sjálfbærniskýrsla
2023

1. Sjálfbærniskýrsla

1.1 Um SKEL

SKEL fjárfestingafélag hf. er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Kalkofnsvegur 2, 101, Reykjavík. Tilgangur félagsins er að starfa sem fjárfestingafélag, þ.e. að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með fjárfestingum. SKEL er skráð á Nasdaq Nordic Iceland. Stefna SKEL í fjárfestingum er að þróa tækifæri og eignir með langtíma verðmætasköpun að leiðarljósi og enn fremur að minnka vægi jarðefnaeldsneytis í eignasafni. Sameiginlegir mælikvarðar fyrir félögin í eignasafninu eru að gera sífellt betur frá ári til árs.

Árið 2023 fól í sér áframhaldandi áherslur á sjálfbærnistefnu og viðmið félagsins. Í upphafi árs voru eignir SKEL, þar sem félagið fer með yfir 50% hlutafjár, Styrkás, Orkan og Löður ásamt Heimkaupum og Lyfjavalí. Tíðindi ársins voru samkomulag sem var gert við Horn IV slf., sem er framtakssjóður í stýringu Landsbréfa, um þátttöku í hlutafjárukningu í Styrkási ehf. félagi um allt hlutafé í Skeljungi ehf. og Kletti – sölu og þjónustu ehf. Ásmundur Tryggvason var ráðinn forstjóri Styrkáss. Stjórnendur SKEL telja að mikil tækifæri felist í þeim áskorunum sem atvinnulífið stendur frammi fyrir í uppbyggingu innviða, orkuskipta, nýrra atvinnuvega og fjölgun þjóðarinnar.

Sömuleiðis átti sér stað endurskipulagning á Heimkaupum sem varð eignarhaldsfélags utan um Lyfjaval ehf., 10-11, EXTRA og eignarhluti í veitingastöðum og Brauð og co. Gréta María Grétarsdóttir hefur tekið við sem forstjóri Heimkaupa og mun leiða verkefnið. Markmiðið er að byggja upp áskoranda á smásölumarkaði, til hagsbóta fyrir neytendur og hluthafa.

Sérstakur liður í að minnka vægi jarðefnaeldsneytis í fjárfestingum var að gengið var frá uppgjöri vegna sölu á 48,3% eignarhlut SKEL í Orkufélaginu, móðurfélagi P/F Magn í Færeyjum í lok árs. Á fyrri árshelmingi setti SKEL fasteignafélagið Klettagarða 8-10 ehf. í sölumeðferð og lauk sölunni fyrir áramót.

SKEL undirritaði á árinu samning um kaup á 55 íbúðum við Stefnisvog og kauprétt á 35 íbúðum til viðbótar við Stefnisvog en ætlunin er að leigja íbúðirnar út. Stjórnendur SKEL telja að gerjun sé framundan á fasteignamarkaði, m.a. vegna fólksfjölgunnar og breytinga hjá stórum leigufélögum.

SKEL hefur sem stærsti hluthafi Kaldalóns gengt stefnumarkandi hlutverki við uppbyggingu á Kaldalóni hf. á árinu. Í nóvember var gengið frá skráningu hlutabréfa Kaldalóns á aðalmarkað. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á mörkuðum sýndu íslenskir og erlendir fjárfestar félaginu mikinn áhuga. SKEL trúir því að til lengri tíma muni tilfærsla Kaldalóns frá First North yfir á Aðalmarkað styrkja stöðu félagsins.

SKEL hefur sem næststærsti hluthafi VÍS og íá hluthafafundum stutt umbreytingu félagsins og aukningu tekjustofna sem markast aðallega af sameiningu við Fossa fjárfestingabanka en kaupin voru formlega frágengin í október sl. Sameinað félag verður öflugt fyrirtæki á fjármálamarkaði með viðtækar starfsheimildir til fjármálaþjónustu. Horft er til þess að áhrif af sameiningu felist fyrst og fremst í tækifærum til vaxtar og sóknar.

1.2 Gildi SKEL fjárfestingafélags

Samvinna	Gagnsæi	Ábyrgð
Styrkur teymisins felst samanlagðri reynslu, sérfræðiþekkingu og getu til að treysta hvert öðru. Þessi teymishugsun nær einnig til fjárfestingaeigna og annarra samstarfsaðila þar sem allir aðilar vinna saman til að ná markmiðum.	Með gagnsæi er lögð áhersla á upplýsingagjöf og umfjöllun um SKEL, fjárfestingar og framtíðarplön. SKEL leggur áherslu á gagnsæi í öllum samskiptum á milli starfsfólks, samstarfsaðila, eftirlitsaðila og fjölmiðla.	Með ábyrgð er lögð áhersla á fagmennsku stjórnenda og starfsfólks sem bera ábyrgð á sínum gjörðum, orðum og árangri. Stjórnendur fjárfestingaeigna bera ábyrgð á sínum rekstri.


1.3 Stefna og viðskiptalíkan

SKEL fjárfestingafélag leggur áherslu á að þróa ný viðskiptatækifæri með langtíma verðmætasköpun að leiðarljósi. Stefna SKEL er að vera umbreytingafjárfestir og þannig veita stuðning og aðstoð við þau félög, stjórnendateymi og frumkvöðla sem fjárfest er í hverju sinni. Stjórnendur og starfsfólk SKEL styður samstarfsaðila sína við að fullnýta alla möguleika fyrirtækjanna sem þau stýra, hvort sem um er að ræða rótgróin rekstrarfélög eða góða viðskiptahugmynd.

Áherslur	Stuðningur við heimsmarkmiðin
Góð atvinna og nýsköpun SKEL einsetur sér að viðhafa heiðarleika í viðskiptum, gagnsæi í allri upplýsingagjöf og að siðareglum félagsins sé fylgt í starfemi þess. Áhersla á að eignast fyrirtæki sem eru mikilvæg fyrir starfsemi hagkerfisins, leitast við að vernda fjármagn á sama tíma og þau vaxa og bæta fyrirtækin til að skila aðlaðandi ávöxtun. Áhersla á að taka þátt í innviðauppbýggingu sem er þörf á næstu árum.	 8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR  9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING
Sjálfbær orka og aðgerðir í loftslagsmálum Áhersla á að leita að fjárfestingakostum í sjálfbærum orkugjöfum sem passa núverandi eignarsafni og einnig nýjum tækifærum í slíkum fjárfestingum. Áhersla á að draga úr kolefnisfótspori fjárfestingaeigna.	 7 SJÁLFBÆR ORKA  13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

SKEL vinnur markvisst að því að þróa valkosti innan eignasafns síns þannig að viðskiptavinum standi til boða umhverfisvænni vörur. Á sama tíma leitast félagið við að auka jákvæð áhrif sín í samfélaginu og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið, starfsfólk þess, samfélagið og umhverfið. Áherslur SKEL byggja á flokkum sem tengja starfsemina við nokkur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Lögð er áhersla á auðlindir, starfsemina, virðisaukann og á þann hátt stutt við fjögur heimsmarkmið, heimsmarkmið 8, góða atvinna og hagvöxt, heimsmarkmið 9, nýsköpun og uppbyggingu, heimsmarkmið 7 sjálfbæra orku og heimsmarkmið 13, aðgerðir í loftslagsmálum.

Félagið skapar umtalsvert virði fyrir samfélagið þar má nefna góða ávöxtun þeirra fjárfestingaeigna ásamt innri og ytri vexti félaga í eigu SKEL. Fjárfestingar félagsins eru í takti við stefnuna þ.e. að minnka vægi jarðefnaeldsneytis í eignasafninu. Vægi jarðefnaeldsneytis er nú 37% af eignasafninu og er það 12% lækkun frá 2022. Félagið sér mikil tækifæri í orkuskiptunum og áformar að þjóna atvinnulífinu vel og leggur jafnframt áherslu á að félögin í eignasafninu þekki áhrif sín á samfélagið. Það er gert m.a. með því að stærri félög mæli sína sjálfbærniþætti. Það skiptir miklu máli fyrir SKEL að fyrirtækin séu vel upplýst og hafa félög í meirihlutaeigu SKEL unnið í því að auka öryggi og byggja upp góða stjórnarhætti auk þess að bjóða umhverfisvænna vöruframboð.



1.4 Sjálfbærnistjórnun og skipulag


Sjálfbærnirammi - fjárfestingaeignir		
Fjárfestingaeignir sem teljast stórt félag í skilningi ársreikningslaga falla undir þennan ramma.		
Umhverfisþættir	Félagsþættir	Stjórnarhættir
Innleiða stefnur: - Umhverfisstefna - Sjálfbærnistefna Minnka vægi jarðefnaeldsneytis í vöruframboði Auka endurnýjanlega orkugjafa í vöruframboði Auka umhverfisvænt vöruframboð	Innleiða stefnur: - Mannauðsstefna - Jafnréttisstefna - Eineltisstefna - Mannréttindastefna - Stefna um fjölbreytileika Óútskýrður kyndbundinn launamunur +/- 4% Setja markmið um kynjahlutföll starfsmanna Stafsánægja mæld	Innleiða stefnur: - Aðgerðir gegn spillingar- og mútumálum - Starfskjarastefna - Stefna um birgja og birgjamat - Öryggisstefna - Siðareglur Innleiða góða stjórnarhætti skv. Leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Nasdaq og Samtökum atvinnulífsins

Stjórn SKEL samþykkti sjálfbærnistefnu og siðareglur á árinu 2022 og var sjálfbærnistefnan uppfærð á árinu 2023. Markmið hennar er að skilgreina megináherslur SKEL um sjálfbærni og viðmið um siðferði til leiðbeiningar fyrir starfsfólk og aðra sem starfa eða koma fram undir merkjum félagsins. Með stefnunni samtvinnar SKEL efnahags-, samfélags- og umhverfismál við almenna starfshætti og tryggir að starfsemi félagsins sé stunduð af heilindum ásamt því að hagsmunir hagaðila og orðspor félagsins sé í heiðri haft.

SKEL hefur mótað sjálfbærniramma fyrir fjárfestingaeignir sínar. Þær eignir sem teljast stór félög í skilningi ársreikningslaga falla undir þennan ramma. Félagið leggur áherslu á að sýna ábyrgð sem þátttakandi í samfélaginu og að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi. SKEL hefur tekið saman yfirlit um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, auk þess að fjalla um stefnu félagsins í sjálfbærnimálum og hvernig félagið spornar við spillingar og mútumálum.

1.5 Eignasafnið

SKEL fjárfestir bæði í skráðum og óskráðum félögum og vinnur markvisst að því að þróa valkosti innan eignasafns síns þannig að viðskiptavinum standi til boða umhverfisvænni lausnir. Með góðum stjórnarháttum leitast SKEL við að hafa áhrif á og breyta félögunum í eignasafninu. SKEL hefur jafnframt reiknað út losun í umfangi 1 og 2 hjá stærstu eignum í eignasafninu fyrir árið 2022 sem og fjármagnaða losun.



Mynd sýnir eignasafn SKEL.

1.6 Sjálfbærni í eignasafninu

Orkan og Löður (100%)


Orkan er fjölorkufélag sem mætir orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman hátt í sátt við umhverfið. Orkan rekur 72 sjálfsafgreiðslustöðvar, 540 eldsneytisstúta og 34 hraðhleðslutengi. Félagið er jafnfram með 73 leigusamninga í 18 fasteignum. Orkan á Löður (100%), Blæ Íslenska Vetrnisfélagið (50%) og Straumlind (34%). Löður rekur 14 þvottastöðvar, 12 á höfuðborgarsvæðinu, 1 á Akureyri og 1 í Reykjanesbæ. Forstjóri Orkunnar er Auður Daníelsdóttir.

Neytendamarkaður	
100% eignarhluti	

Umhverfisþættir	
Sjálfbærniskýrsla	✓
www.orkan.is	
Auka umhverfisvænt vöruframboð/fjárfestingar	
Breyting '22-'23	11.567%
Sjálfbærnibókhalð	✓
Þróun á kolefnisfótspori	
Breyting '22-'23	0.09%
Kolefnisfótspor á stöðugildi	1.3
Mótvægisadðgerðir:	
Votlendissjóður	✓

Félagsþættir	
Stöðugildi	21
Jafnlaunavottun	✓
Starfsánægja mæld	✓
Setja markmið um kynjahlutföll starfsmanna	✓

Kynjahlutfall



Heimsmarkmið	
3	HAÐGÆÐU VILLIBAR
5	HAÐGÆÐU VILLIBAR
7	HAÐGÆÐU VILLIBAR

Stjórnarhættir	
Góðir stjórnarhættir innleiddir með stefnum	
Mannauðsstefna	✓
Jafnréttisstefna	✓
Eineltisstefna	✓
Mannréttingastefna	✓
Stefna um fjölbreytileika	✓
Sjálfbærnistefna	✓
Spillingar- og mútumálastefna	✓
Starfskjarastefna	✓
Stefna um birgja og birgjamat	✓
Öryggisstefna	✓
Siðareglur	✓
Umhverfisstefna	✓
Persónuverndarstefna	✓

Heildarlosun 2022: 216.284 CO₂

Fjármögnuð losun: 64.641 CO₂


Helstu aðgerðir ársins

Hraðhleðslustöðvar á Birkimel, Vesturlandsvegi, Laugarvegi, Akureyri, Suðurfelli og Miklubraut.

Viðskiptavinir Orkunnar geta nýtt orkulykillinn í snjallsímanum.

Orkan býður viðskiptavinum umhverfisvænna eldsneyti E10.

Umbúðalaus rúðuvökvi á dælu á fimm stöðvum.





Klettur – sala og þjónusta (69,4%)


Klettur er sölu- og þjónustufyrirtæki sem byggt er upp utan um alþjóðleg vörumerki á sviði vinnu- véla, vörubíla, hóp bifreiða, tækja, skipavéla, varaafsstöðva og hjólbarða. Klettur er umboðsaðili Scania, Caterpillar, Ingersol Rand, Goodyear, Hankook og Nexen á Íslandi auk ýmissa annarra vöru- merkja. Forstjóri Kletts er Kristján Már Atlason.

Neytendamarkaður	
69,4% eignarhluti í Styrkás sem á 100% í Kletti	

Umhverfisþættir	
Sjálfbærniskýrsla	-
Auka umhverfisvænt vöruframboð/fjárfestingar	
Breyting '22-'23	-
Sjálfbærnibókhalld	✓
Þróun á kolefnisfótspori	
Breyting '22-'23	-
Kolefnisfótspor á starfsmann	4,8

Félagsþættir	
Stöðugildi	110
Jafnlaunavottun	-
Starfsánægja mæld	✓
Setja markmið um kynjahlutföll starfsmanna	-

Kynjahlutfall



Heimsmarkmið

Stjórnarhættir		
Góðir stjórnarhættir innleiddir með stefnum		
Mannauðsstefna		✓
Jafnréttisstefna		✓
Eineltisstefna		✓
Mannréttینگastefna		✓
Stefna um fjölbreytileika		✓
Sjálfbærnistefna		✓
Spillingar- og mútumálastefna		✓
Starfskjarastefna		✓
Stefna um birgja og birgjamat		✓
Öryggisstefna		-
Siðareglur		-
Umhverfisstefna		✓
Persónuverndarstefna		-

Heildarlosun 2022: 29 CO2

Fjármögnuð losun: 25 CO2

Helstu aðgerðir ársins

Klettur býður viðskiptavinum sínum upp á fjarniðurhal af ökuritum og ökumannskortum.

Scania var mest seldi vörubíllinn á Íslandi árið 2023.

Scania verðlaunuð fyrir sjálfbæra, rafknúna vörubíla.



Gallon 100%

Gallon er innviðafélag með aðsetur á Íslandi. Meginstarfsemi þess er móttaka, geymsla og afhending eldsneytis frá birgðastöðvum um allt land. Birgðastöðvar Gallons eru samtals sex og eru geymarymin öll vel staðsett við sjávarsíðuna. Samtals á Gallon 36 birgðatanka. Birgðastöðin í Örfirisey (Reykjavík) er langstærst þeirra en auk þess eru birgðastöðvar á Akureyri, Eskifirði, Reyðarfirði, Keflavík og í Vestmannaeyjum. Framkvæmdastjóri Gallon er Már Erlingsson.

Neytendamarkaður	
100% eignarhluti	

Umhverfisþættir	
Sjálfbærniskýrsla	✓
www.skeljungur.is	
Auka umhverfisvænt vöruframboð/fjárfestingar	
Breyting '22-'23	
Sjálfbærnibókhalld	✓
Þróun á kolefnisfótspori	
Breyting '22-'23	
Kolefnisfótspor á starfsmann	4,8

Félagsþættir	
Stöðugildi	6
Jafnlaunavottun	-
Starfsánægja mæld	✓
Setja markmið um kynjahlutföll starfsmanna	-

Kynjahlutfall



Heimsmarkmið

Stjórnarhættir		
Góðir stjórnarhættir innleiddir með stefnum		
Mannauðsstefna		✓
Jafnréttisstefna		✓
Eineltisstefna		✓
Mannréttینگastefna		✓
Stefna um fjölbreytileika		✓
Sjálfbærnistefna		✓
Spillingar- og mútumálastefna		✓
Starfskjarastefna		✓
Stefna um birgja og birgjamat		-
Öryggisstefna		✓
Siðareglur		-
Umhverfisstefna		✓
Persónuverndarstefna		-

Heildarlosun 2022: 1092 CO2

Fjármögnuð losun: 193 CO2


Kaldalón er vaxandi fasteignafélag á Íslandi. Félagið á dreift eignasafn fasteigna víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Kaldalón er skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Forstjóri Kaldalóns er Jón Þór Gunnarsson.

Neytendamarkaður	
15,37% eignarhluti	

Umhverfisþættir	
Sjálfbærniskýrsla	-
Auka umhverfisvænt vöruframboð/fjárfestingar	
Breyting '22-'23	
Sjálfbærnibókhalð	✓
Þróun á kolefnisfótspori	
Breyting '22-'23	
Kolefnisfótspor á starfsmann	12

Félagsþættir	
Stöðugildi	5
Jafnlaunavottun	-
Starfsánægja mæld	-
Setja markmið um kynjahlutföll starfsmanna	-

Kynjahlutfall



Heimsmarkmið	
--------------	--

Stjórnarhættir	
Góðir stjórnarhættir innleiddir með stefnum	
Mannauðsstefna	✓
Jafnréttisstefna	✓
Eineltisstefna	✓
Mannréttingastefna	✓
Stefna um fjölbreytileika	✓
Sjálfbærnistefna	✓
Spillingar- og mútumálastefna	✓
Starfskjarastefna	✓
Stefna um birgja og birgjamat	-
Öryggisstefna	✓
Siðareglur	-
Umhverfissefna	✓
Persónuverndarstefna	✓

Heildarlosun 2022: 60 CO₂

Fjármögnuð losun: 3 CO₂




VÍS er eitt stærsta tryggingafélag landsins og á djúpar rætur í íslensku samfélagi. Mikil verðmæti eru í sterku vörumerki, góðri sögu og fjölmönnum viðskiptavinagrunni. VÍS býður upp á fjölbreyttar tryggingar og góða þjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. VÍS sameinaðist Fossum fjárfestingabanka á árinu. Forstjóri VÍS er Guðný Helga Herbertsdót tir. Hér er tengill á sjálfbærnisíðu VÍS.

Fjármálamarkaður	
8,23 % eignarhluti	

Umhverfisþættir	
Sjálfbærniskýrsla	✓
www.vis.is	
Auka umhverfisvænt vöruframboð/fjárfestingar	
Breyting '22-'23	
Sjálfbærnibókhalð	✓
Þróun á kolefnisfótspori	
Breyting '22-'23	-16%
Kolefnisfótspor á starfsmann	0,9
Mótvægisaðgerðir:	
Vottaðar einingar	✓

Félagsþættir	
Ársverk	186
Jafnlaunavottun	✓
Starfsánægja mæld	✓
Setja markmið um kynjahlutföll starfsmanna	✓

Kynjahlutfall



Heimsmarkmið	
--------------	--



Stjórnarhættir	
Góðir stjórnarhættir innleiddir með stefnum	
Mannauðsstefna	✓
Jafnréttisstefna	✓
Eineltisstefna	✓
Mannréttingastefna	✓
Stefna um fjölbreytileika	✓
Sjálfbærnistefna	✓
Spillingar- og mútumálastefna	✓
Starfskjarastefna	✓
Stefna um birgja og birgjamat	✓
Öryggisstefna	✓
Siðareglur	✓
Umhverfisstefna	✓
Persónuverndarstefna	✓

Heildarlosun 2022: 60 CO₂


Fjármögnuð losun: 3 CO₂

2. Mikilvæg málefni

SKEL hóf vinnu við innleiðingu CSRS löggjafar Evrópusambandsins á árinu en eitt verkefna sem fylgir þeirri innleiðingu er að fyrirtæki geri tvöfalda mikilvægisgreiningu. Það þýðir að fyrirtækið skal birta, í samræmi við viðeigandi evrópska sjálfbærniskýrslustaðla, ESRS, allar mikilvægar upplýsingar um áhrif, áhættu og tækifæri í tengslum við umhverfis-, félags- og stjórnaðhætti. Tvöföld mikilvægisgreining hefur tvær víddir: áhrifamikilvægi og fjárhagslegt mikilvægi. Áhrif eru meðal annars þau sem fyrirtækið veldur eða stuðlar að og þau sem tengjast beint eigin starfsemi, vörum eða þjónustu fyrirtækisins í gegnum viðskiptasambönd þess. Mikilvægisgreiningin var gerð í 8 skrefum; farið var yfir viðskiptaáætlun félagsins, sjálfbærnistjórnun og skipulag, hagaðilagreiningu, viðtöl við starfsfólk, ytri og innri ufs þætti, gerð var ufs handbók. Einnig var rætt við hagaðila félagsins sem staðfestu niðurstöður mikilvægisgreiningar.

1.7 Hagaðilar

Hagaðilar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi og geta haft áhrif á starfsemi skipulagsheilda. SKEL hefur gert ítarlega hagaðilagreiningu sem felur í sér greiningu á þörfum þeirra og væntingum og hvenær samskiptin eigi sér stað og hvort til séu mælingar. Félagið ætlar sér að halda vel utan um samskipti sín við hagaðila í framtíðinni.



Mynd sýnir helstu haghaifa SKEL, bæði innri og ytri.

Ytri hagaðilar

Hluthaifar: Lögð er áhersla á ítarlega og tímanlega upplýsingagjöf til að gera hluthöfum og markaðsaðilum kleift að öðlast djúpan skilning á rekstri og árangri fyrirtækisins. SKEL leggur sig jafnframt fram um að skýra stefnu og framtíðarsýn SKEL, áskoranir og tækifæri og þróun félagsins í heild. Félagið ber ábyrgð gagnvart öðrum hluthöfum fjárfestingaeigna, þar sem SKEL fer með virkan eignarhlut.

Starfsfólk og stjórnendur fjárfestingaeigna: SKEL leggur áherslu á að styðja við bakið á stjórnendum þeirra félaga sem félagið fjárfestir í og hjálpa þeim að búa til samkeppnishæf félög sem eru í góðri stöðu til að ná árangri á sínu sviði. SKEL beitir sér fyrir því að félögin bjóði upp á gott og hvetjandi vinnuumhverfi þar sem vel unnin störf eru verðlaunuð.

Samstarfsaðilar: Helstu samstarfsaðilar eru bankar, miðlarar og greiningaraðilar. Góðir stjórnarhættir eru lagðir til grundvallar, starfsreglur stjórnar taka mið af lögum um hlutafélög og leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti.

Fjölmiðlar og eftirlitsaðilar: Fjölmiðlar sjá um upplýsingagjöf um félagið til almennings og geta því haft mikil áhrif á orðspor og ásýnd félagsins. Eftirlitsaðilar gegna veigamiklu hlutverki fyrir samfélagið og er það stefna SKEL að svara öllum fyrirspurnum eftirlitsaðila innan tilsettra tímamarka með skýrum og greinargóðum hætti.

Innri hagaðilar

Starfsfólk: Samskipti á vinnustaðnum eru opin og heiðarleg. SKEL býður upp á samkeppnishæft og sveigjanlegt starfsumhverfi sem styður við þróun í starfi.

Stjórn: Stjórnin tekur stefnumótandi ákvarðanir fyrir félagið og ber endanlega ábyrgð á rekstri þess. Stjórn stuðlar að opnum og heiðarlegum samskiptum á vinnustaðnum. Upplýsingum úr rekstrinum er miðlað til samstarfsfólks eins fljótt og lög leyfa. Lögð er áhersla á að ávinningur starfsmanna verði fléttaður saman við ávinning félagsins.

Samskipti við hlutaðeigandi hagaðila eru lykilatriði í áreiðanleikakönnun fyrirtækisins. Þetta felur í sér ferla til þess að bera kennsl á og meta raunveruleg og hugsanleg neikvæð áhrif, sem síðan upplýsa matsferlið til að bera kennsl á mikilvæg áhrif á hagaðilana. SKEL hefur kortlagt samskipti sín við helstu hagaðila og ætlar að halda vel utanum þau í framtíðinni.


Haghaifar	Innri/Ytri	Hvar/hvenær eru samskiptin	Mælingar
Innri haghaifar			
Stjórn	Innri	Stjórnarfundur og uppgjör	Stjórnarfundur SKEL eru haldnir einu sinni í mánuði.
Starfsfólk SKEL	Innri	Gerð er grein fyrir árangri á starfsmannafundum og fræðslufundum þegar tilefni gefst.	Gerð er grein fyrir árangri á starfsmannafundum og fræðslufundum þegar tilefni gefst.
Ytri haghaifar			
Hluthaifar	Ytri	Gerð er grein fyrir árangri á hluthafafundum, ytri vef og í fréttum á vef Kauphallar og í fjölmiðlum.	Fjárfestakynningar eru haldnar tvisvar á ári. Ef tilefni er til eru haldnar kynningar. Upplýsingagjöf ársfjórðungslega um árangur eigna. Hluthafa/aðalfundur einu sinni ári. Farið að lögum um hlutafélög.
Starfsfólk og stjórnendur	Ytri	Stjórnarfundir, samtöl og fundir eftir því sem þurfa þykir.	Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Samtöl og fundir eftir því sem þurfa þykir. Stjórnendur fjárfestingaeigna koma á stjórnarfundir SKEL einu sinni á ársfjórðungi.
Samstarfsaðilar	Ytri	Með fjölbreyttum leiðum.	Verkefnamiðuð samskipti. Alla daga eru samskipti við miðlara.
Fjölmiðlar	Ytri	Fréttaflutningur, fjárfestakynningar eru haldnar ársfjórðugslega. Farið að lögum um hlutafélög.	Fjöldi umfjallana/frétta/þáttaka í viðburðum og fl.
Eftirlitsaðilar	Ytri	Vefur Alþingis reglugerd.is	Atvik þar sem ekki er farið að lögum/afskipti eftirlitsaðila.

Mynd sýnir samskipti SKEL við helstu hagaðila, málefni og hvernig samskiptin eru mæld.

1.8 Tvöfalt mikilvægi

Með því að skoða niðurstöðurnar með gleraugum fjármála til viðbótar við umhverfi og samfélag var niðurstaðan sú að leggja áherslu á 10 atriði sem sýnd eru á eftirfarandi fylki (e.matrix). Eftir viðtöl við hagaðila og aðlögun og ábendingar þeirra er eftirfarandi mikilvægisgreining niðurstaða SKEL.

Þessar áherslur ríma vel við upphaflegar sjálfbærniáherslur félagsins. SKEL setti í framhaldinu fram mælikvarðana fyrir stærri félög í eignasafninu sem sjá má í kaflanum Sjálfbærni í eignasafninu en þar er einnig að finna losun í eignasafninu frá árinu 2022. SKEL leggur áherslu á að ná utan um áhrif sín á samfélagið og hefur innleitt kerfi Klappa m.a. til þess að mæla frammistöðu. Mikil áhersla er lögð á að auka fjárfestingar í grænum orkugjöfum og auka umhverfisvænt vöru-framboð í félögum í eigu SKEL. Áherslur SKEL í sjálfbærnimálum munu taka mið af mikilvægisgreiningu félagsins til framtíðar.



3. Kaflí

1.9 Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti SKEL er ítarlega fjallað í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins hér að framan. Stjórnarhættir SKEL eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins, s.s. ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög, markaðssvikareglugerð ESB, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.

Stjórnarhættir félagsins eru sömuleiðis í samræmi við innri reglur félagsins sem má finna á heimasíðu félagsins www.skel.is.¹ Stjórn í samráði við stjórnendur hélt áfram að rýna innri reglur félagsins á árinu og uppfæra þar sem við á. Á árinu voru eftirfarandi stefnur og reglur félagsins endurskoðaðar: Upplýsingastefna félagsins var endurskoðuð til að endurspeglar ákvörðunar stjórnar um birtingu uppgjors SKEL tvisvar á ári í stað ársfjórðungslega. Minniháttar breytingar voru gerðar á sjálfbærnistefnu félagsins. Þá var ný áhættustefna og ný skattastefna samþykkt af stjórn félagsins.

1.10 Viðskiptahegðun

Innan [sjálfbærnistefnu](#) SKEL er að finna siðareglur sem gilda um stjórn og undirnefndir stjórnar, stjórnendur og allt starfsfólk. Siðareglurnar eru ennfreður hafðar til hliðsjónar við val á og endurnýjun samninga við samstarfsaðila félagsins. Það er á ábyrgð stjórnar og forstjóra SKEL að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum. Hverjum og einum sem undir siðareglurnar fellur ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

Markmið siðareglanna er að tryggja stefnuna og að starfsemi félagsins sé stunduð af heilindum og að orðspor félagsins og hagaðila þess sé í heiðri haft. Starfsfólk einsetur sér að þekkja, skilja og fara eftir hvers konar lögum, reglum, stefnum, starfsreglum og siðareglum sem gilda um störf þess. Starfsfólk leitar sér aðstoðar ef það telur sig skorta nauðsynlegan skilning eða ef það telur að lög eða siðareglur hafi verið brotin.

1.11 Skattastefna

SKEL hefur svarað spurningalista endurskoðenda um lágmarks verndarráðstafanir sem er hluti af flokkunarreglugerð Evrópusambandsins. SKEL er fjárfestingafélag og starfar því ekki beint á samkeppnismarkaði. Félagið beitir áhrifum sínum í þeim félögum sem það á ráðandi hlut í og er það markmiðið að félög í eignasafninu setji sér sínar eigin stefnur og verkferla.

Félagið hefur birt skattastefnu sína opinberlega á heimasíðu félagsins. Stefna SKEL í skattamálum lýtur að verklagi vegna eftirlits og framkvæmdar skattamála. Markmiðið með skattastefnu er að formfesta vinnulag til greiningar, mats og stýringar og þar með að takmarka skattaáhættu eins og kostur er. Í starfsemi SKEL er farið eftir þeim lögum, reglum og alþjóðlegum leiðbeiningum sem gilda um skattamál félagsins hverju sinni.

1.12 Samskipti við birgja

Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál og sjálfbærni eru lykilatriði í stefnu SKEL og ríkar kröfur eru gerðar til starfsfólks og samstarfsaðila þeirra þegar kemur að þeim málaflokkum. Lögð er áhersla á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum. Farið er að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerð krafa um það sama af þeim sem SKEL skiptir við. Skrifstofa SKEL hefur lítil bein samskipti við aðra birgja en þá sem tengjast rekstri skrifstofu. SKEL hefur ekki krafist þess að helstu birgjar fari í gegnum birgjamat. Áfram verður þó unnið að málaflokknum á árinu hjá stærri félögum í eignasafninu.

SKEL hefur haldið utan um samskipti við hluta virðiskeðju sinnar í kerfi Klappa. Þar er yfirlit yfir umfang 1 og 2 ásamt því að vinna er hafin við að bæta við upplýsingum í umfangi 3. Sem dæmi má nefna að Skeljungur hóf á árinu innleiðingu á birgjamati auk þess sem félagið hóf að birta kolefnisfótspor seldra vara, fyrst félaga á olíumarkaði. Eignasafn félagsins er þar sem mestra áhrifa gætir og þar beitir félagið sér í gegnum stjórnarsetu. Félagið mun áfram fylgja stefnu sinni og markmiðum í sjálfbærni.

¹ <http://skel.is/stjornarhaettir/stefnur-og-reglur>

3. Kaffi

1.9 Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti SKEL er ítarlega fjallað í stjórnarháttafyrirlýsingu félagsins hér að framan. Stjórnarhættir SKEL eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins, s.s. ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög, markaðssvikareglugerð ESB, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Stjórnarhættir félagsins eru sömuleiðis í samræmi við innri reglur félagsins sem má finna á heimasíðu félagsins www.skel.is.¹ Stjórn í samráði við stjórnendur hélt áfram að rýna innri reglur félagsins á árinu og uppfæra þar sem við á. Á árinu voru eftirfarandi stefnur og reglur félagsins endurskoðaðar: Upplýsingastefna félagsins var endurskoðuð til að endurspeglar ákvörðunar stjórnar um birtingu uppgjors SKEL tvisvar á ári í stað ársfjórðungslega. Minniháttar breytingar voru gerðar á sjálfbærnistefnu félagsins. Þá var ný áhættustefna og ný skattastefna samþykkt af stjórn félagsins.

1.10 Viðskiptahegðun

Innan [sjálfbærnistefnu](#) SKEL er að finna siðareglur sem gilda um stjórn og undirnefndir stjórnar, stjórnendur og allt starfsfólk. Siðareglurnar eru enn fremur hafðar til hliðsjónar við val á og endurnýjun samninga við samstarfsaðila félagsins. Það er á ábyrgð stjórnar og forstjóra SKEL að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum. Hverjum og einum sem undir siðareglurnar fellur ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum. Markmið siðareglunnar er að tryggja stefnuna og að starfsemi félagsins sé stunduð af heilindum og að orðspor félagsins og hagaðila þess sé í heiðri haft. Starfsfólk einsetur sér að þekkja, skilja og fara eftir hvers konar lögum, reglum, stefnum, starfsreglum og siðareglum sem gilda um störf þess. Starfsfólk leitar sér aðstoðar ef það telur sig skorta nauðsynlegan skilning eða ef það telur að lög eða siðareglur hafi verið brotin.

1.11 Skattastefna

SKEL hefur svarað spurningalista endurskoðenda um lágmarks verndarráðstafanir sem er hluti af flokkunarreglugerð Evrópusambandsins. SKEL er fjárfestingafélag og starfar því ekki beint á samkeppnismarkaði. Félagið beitir áhrifum sínum í þeim félögum sem það á ráðandi hlut í og er það markmiðið að félög í eignasafninu setji sér sínar eigin stefnur og verkferla. Félagið hefur birt skattastefnu sína opinberlega á heimasíðu félagsins. Stefna SKEL í skattamálum lýtur að verklagi vegna eftirlits og framkvæmdar skattamála. Markmiðið með skattastefnu er að formfesta vinnulag til greiningar, mats og stýringar og þar með að takmarka skattaáhættu eins og kostur er. Í starfsemi SKEL er farið eftir þeim lögum, reglum og alþjóðlegum leiðbeiningum sem gilda um skattamál félagsins hverju sinni.

1.12 Samskipti við birgja

Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál og sjálfbærni eru lykilatriði í stefnu SKEL og ríkar kröfur eru gerðar til starfsfólks og samstarfsaðila þeirra þegar kemur að þeim málaflokkum. Lögð er áhersla á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum. Farið er að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerð krafa um það sama af þeim sem SKEL skiptir við. Skrifstofa SKEL hefur lítil bein samskipti við aðra birgja en þá sem tengjast rekstri skrifstofu. SKEL hefur ekki krafist þess að helstu birgjar fari í gegnum birgjamat. Áfram verður þó unnið að málaflokknum á árinu hjá stærri félögum í eignasafninu. SKEL hefur haldið utan um samskipti við hluta virðiskeðju sinnar í kerfi Klappa. Þar er yfirlit yfir umfang 1 og 2 ásamt því að vinna er hafin við að bæta við upplýsingum í umfangi 3. Sem dæmi má nefna að Skeljungur hóf á árinu innleiðingu á birgjamati auk þess sem félagið hóf að birta kolefnisfótspor seldra vara, fyrst félaga á olíumarkaði. Eignasafn félagsins er þar sem mestra áhrifa gætir og þar beitir félagið sér í gegnum stjórnarsetu. Félagið mun áfram fylgja stefnu sinni og markmiðum í sjálfbærni.

1.13 Mannréttindi

SKEL leggur áherslu á að samstarfsaðilar deili með því grundvallargildum og leitast við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi. Félagið hefur metið hvort mannréttindi séu virt í starfseminni sem um ræðir, gagnvart starfsfólki og öðrum hagaðilum svo sem samfélagi og neytendum. Áhersla er lögð á að sneiða hjá neikvæðum áhrifum og er gipið til mótvægisáðgerða gegn slíkum áhrifum ef við á. Stjórnendur félagsins bera ábyrgð á að stefnum félagsins sé fylgt. Félagið hefur ekki þurft að grípa til neinna aðgerða enda starfsemi félagsins að mestu leiti bundin við Ísland. Vísað er til sjálfbærnistefnu, sérstaklega þeim hluta sem snýr að mannréttindum.

1.14 Spillingar- og mútumál

Félagið hefur innleitt verklag í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Auk þess hefur félagið innleitt og tryggt fylgni við lög um persónuvernd (GDPR). SKEL hefur sett upp og innleitt fullnægjandi innri ferla, siðareglur og verklag á sviði hlítingar en ekki hafa nein atvik verið til staðar þar sem aðgerða var þörf til að koma í veg fyrir mútubægni. Félagið stundar viðskipti af heiðarleika og einsetur sér að fara að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgja þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Félagið á ekki viðskipti við aðila sem grunur leikur á að stundi peningabætti. Öll viðskipti SKEL skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og skulu háð endurskoðun. SKEL forðast árekstra á milli hagsmuna starfsmanna og félagsins. Í sjálfbærnistefnu félagsins er að finna reglur um viðbrögð við tilkynningu um brot. Brot gegn sjálfbærni- og siðareglum geta varðað áminningu og jafnvel brottrekstur, í samræmi við viðeigandi vinnulöggjöf hverju sinni.

1.15 Pólitísk áhrif og hagsmunagæsla

Í sjálfbærnistefnu SKEL kemur fram að einkahagsmunir starfsfólks skuli ekki hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Starfsfólk kemur ekki að ákvörðunum sem það eða aðilar tengdir kunna að hafa persónulegan hag af, né sinnir öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við félagið. Lögð er áhersla á hreinskilin samskipti og mikill vilji er til þess að viðhafa opna og frjálsa miðlun upplýsinga um félagið að teknu tilliti til þess umhverfis er fylgir skráðum félögum og þeirri formfestu í upplýsingagjöf er þar ríkir. Áhersla er lögð á að öll upplýsingagjöf SKEL til hagaðila sé á hverjum tíma rétt, gagnorð og nákvæm. Starfsfólk SKEL hefur jafnframt heitið því að stunda ekki ólögmat innherjaviðskipti.

1.16 Stjórnun áhrifa, áhættu og tækifæra

Stjórn og stjórnendur SKEL leitast við að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og verklagsferlum. Með þeim hætti er tryggt skilvirkni í starfsemi félagsins, áreiðanleiki upplýsinga og hlítni við lög. Forstjóri og fjármálastjóri bera ábyrgð á greiningu og mati á fjárhagslegum og rekstrarlegum áhættum félagsins. Þeir taka enn fremur virkan þátt í mótun áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Hjá félaginu starfar ekki sérstakur áhættustjóri. Í nóvember 2023 samþykkti stjórn SKEL formlega sérstaka áhættustefnu fyrir félagið. Í áhættustefnu er fjallað um helstu efnisþætti og framkvæmd áhættustýringar félagsins. Áhættustefna SKEL byggir á lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins sem og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu úr. Ítarlega er fjallað um áhættustjórnun í stjórnarháttafyrirlýsingu og í áhættustefnu félagsins.

¹ <http://skel.is/stjornarhaettir/stefnur-og-reglur>

1.17 Úttekt Reitunar

SKEL hf. fékk 64 stig í UFS mati Reitunar en þetta er í fyrsta skiptið sem Reitun metur SKEL. SKEL fékk 61 punkt fyrir umhverfispætti í þessari greiningu þar sem ekki er mikil umhverfisleg áhætta frá beinum rekstri félagsins. Markmið og aðgerðir SKEL snúa fyrst og fremst að þeim félögum sem SKEL fjárfestir í en einnig er horft á eignasafnið í heild sinni með tilliti til markmiða. Eitt af markmiðum félagsins er að draga saman hlutdeild jarðefnaeldsneytis í eignasafninu. Tækifæri félagsins felast að mati Reitunar helst í því að átta sig enn betur á umhverfisáhættu í eignasafninu og framfylgja aðgerðaáætlun til þess að ná árangri í gegnum fjárfestingar sínar.

Í félagsþáttum fær SKEL 65 punkta þar sem félagið hefur mótað ágætis umgjörð fyrir mannauðsmál. Áskoranir félagsins snúa að því að tryggja starfsánægju þar sem mikil sérþekking getur skapast hjá hverjum starfsmanni og áhætta að missa fólk. Tækifæri félagsins snúa helst að því að tryggja ferla fyrir starfsfólk þar sem það getur komið ábendingum á framfæri nafnlaust og huga að starfsánægju þar sem mikilvægt er að halda starfsfólki. Ákveðnir þættir eins og jafnlaunavottun eiga ekki við sökum fæðar starfsfólks.

SKEL fékk 64 punkta fyrir stjórnarhætti en umgjörð með stjórnarháttum uppfyllir kröfur sem gerðar eru hjá Reitun. Félagið starfar eftir siðareglum og er aðfangakeðjan lítil í sniðum. Eignasafnið er þar sem raunverulegu áhrifin eru möguleg og beitir félagið sér með virkum hætti í gegnum stjórnarsetu. Félagið fylgir stefnu og markmiðum um að félög í eignasafni sínu taki skref í átt að aukinni sjálfbærni og hafa skilgreint ákveðna áherslupætti. SKEL þarf að mati Reitunar að halda áfram að beita sér með virkum hætti og framfylgja áherslum í sjálfbærni.

Punktar	Grunneinkunn	Aðlögunarþáttur	Lokaeinkunn
64	B3	-	B3

Niðurstöður	Hámarksstig	Stig	Punktar	Einkunn
Stig	100%	64%	64	B3

Umhverfisættir	9.5%	5.8%	61	B3
E.1 Visthagkvæmni	4.5%	2.5%	55	C1
E.2 Umhverfisstjórnun	5%	3.3%	66	B3
Félagsþættir	24%	15.6%	65	B3
S.1 Vinnuumhverfi	7%	4.2%	60	B3
S.2 Velferð starfsfólks viðskiptaánægja	17%	11.4%	67	B3
Stjórnarhættir	66.5%	42.2%	64	B3
G.1 Almennir stjórnarhættir	10%	6.9%	69	B3
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	21.5%	14.3%	66	B3
G.3 Vörur og þjónusta	35%	21.1%	60	B3


Myndin sýnir UFS mat Reitunar á SKEL fjárfestingafélagi.

Eignasafn SKEL samanstóð af 12 mismunandi eignum þegar mat Reitunar fór fram haustið 2023. Reitun gaf 45% af safni félagsins einkunn. Hlutfall fyrirtækja í eignasafni SKEL var 64% og af þeim voru 71% metin út frá UFS þáttum. Vegin einkunn eignasafns SKEL var 58 punktar af 100 mögulegum, flokkur C1. Til samanburðar við útgefendur með útgefin hlutabréf og skuldabréf á innlendum markaði, var meðaltal þeirra við matið 73 punktar. Félögin í eignasafninu eru komin misjafnlega langt í sínum aðgerðum varðandi sjálfbærnimál líkt og einkunnir endurspeгла. Félögin í eignasafni SKEL eru bæði skráð og óskráð og er almennt greinamunur á þeim.

UFS einkunnatafla						2023
Fyrirtæki	Eignasafn SKEL	Orkan ehf.	Skeljungur ehf.	Vátryggingafélag Íslands	Kaldalón hf.	Klettur ehf.
UFS heildareinkunn	58	54	62	80	54	37
Umhverfispættir	44	39	48	87	32	15
Félagsþættir	74	75	73	90	78	52
Stjórnarhættir	59	52	66	75	55	46


Mynd sýnir UFS einkunnatöflu fyrir eignasafn SKEL og fyrir hvert félag.

UFS einkunn




Mynd sýnir samanburð UFS einkunn eignasafns SKEL og meðaltal skráðra félaga.

UFS einkunnardreifing



UFS mat á eignasafni er unnið út frá hlutfallslegri samsetningu safnsins og einkunn sem fengin er úr UFS sjálfbærnimati Reitunar á undirliggjandi eignum sem eru metin. UFS matið tekur á umhverfispáttum, félagsþáttum og stjórnarháttum. Mat var lagt á frammistöðu og áhættu undirliggjandi eigna í eignasafni út frá aðferðafræði Reitunar um UFS mót. Einkunnadreifingu félaganna má sjá á mynd 5.

Mynd sýnir einkunnadreifingu félaganna í eignasafninu.



Mynd sýnir UFS metnar eignir í eignasafninu en Reitun gaf 45% af safni SKEL einkunn.

Reitun fór og hitti forsvarsmenn allra fimm fyrirtækjanna sem voru metin og hafa þau staðfest efnistöð. Opinberupplýsingagjöf fyrir-tækjanna er misjöfn m.t.t. sjálfbærnimála, því nýttust fundir og samskipti vel í gegnum greiningarferlið.

4. Umhverfið

Með sjálfbærnistefnu sinni leitast SKEL við að samþætta áherslur á efnahags-, samfélags- og umhverfismál við almenna starfshætti félagsins. SKEL vinnur að því að draga úr umhverfisáhrifum sem rekstur félagsins og eignasafnsins kann að hafa í för með sér, meðal annars með því að fylgjast með þróun í umhverfismálum og innleiða nýjungar í reksturinn. Félagið hlítir lagalegum kröfum og reglugerðum er varða umhverfismál.

1.18 Áhrif loftslagsbreytinga

Loftslagsáhætta er ný og flókin tegund áhættu. Áhersla hefur verið mikil á að dreifa áhættu SKEL með fjárfestingum sem miða að betri tekjudreifingu í eignasafninu og minnka vægi jarðefnaeldsneytis í eignasafninu. Vegna loftslagsbreytinga í heiminum og markmiða stjórnvalda um orkuskipti er fyrirséð að sala á jarðefnaeldsneyti verður ekki eins umfangsmikil til lengri framtíðar. SKEL leggur því mikla áherslu á að félögin þrói starfsemi sína í takt við breytta tíma.

Sjávarútvegsfélögin eru stórir viðskiptavinir fjárfestingaeigna SKEL en lífkerfi hafsins er samofið hagsmunum sjávarútvegsfélaganna. Súrnun sjávar er því umhverfisbreyting sem getur haft mikil áhrif á rekstur félaganna til lengri tíma. Til þess að mæta þessari áhættu leitast félögin sífellt við að minnka umhverfisáhrif og styðja við markmið stjórnvalda um orkuskipti. Til dæmis hafa Skeljungur og Gallon skrifað undir fyrstu viljayfirlýsinguna um sölu og dreifingu á rafeldsneyti á Íslandi sem mun vera mikilvægur liður í orkuskiptum í sjávarútvegi og skipaflutningum. Orkan hefur varið um 70% allra fjárfestinga sinna til grænna innviða á árinu, aðallega til rafhleðslustöðva.

Eigendur og stjórnendur SKEL sjá jafnframt mikil tækifæri í orkuskiptunum. Samhliða þeim umhverfisbreytingum sem eiga sér þá eiga sér einnig stað miklar samfélags- og tæknibreytingar þar sem meiri áhersla verður lögð á græna orkugjafa. Einnig eru tækifæri í bættum rekstri auk þess sem minni urðun lækkar kostnað.

Ljóst er að orðsporsáhætta er einn af áhættuþáttunum í starfsemi félaga sem selja jarðefnaeldsneyti, sér í lagi ef öryggi er ábótavant. Félögin í eignasafninu leggja því mikla áherslu á öryggis- og gæðamál og hafa til þess bærar vottanir eða áform þar um. Auk þess til þess að mæta þessari áhættu hafa félög í eigu SKEL sem selja jarðefnaeldsneyti verið að bæta við grænum orkugjöfum í vöruframboð sitt svo sem sölu á vetni, rafmagni, lífdísli (e.bio-diesel), umhverfisvænni smurólíum og tjöruhreinsi.

SKEL einsetur sér að innleiða í sína starfsemi það regluverk sem um ræðir hverju sinni og hvetur félögin í eignasafninu til hins sama. Mælingar eru mjög mikilvægar og verður árið 2023 notað sem viðmiðunarár fyrir eignasafnið um losun gróðurhúsalofttegunda og orkunotkun. Öll stærri félög nota kerfi Klappa til þess að halda utan um sína sjálfbærnimál og sína losun og hefur SKEL beint því til félaganna að þau setji sér markmið um minni losun. Auk þess hefur SKEL látið Reitun meta stöðu stærstu félaganna auk móðurfélagsins sjálfs.

1.19 Stefna og áætlun til að draga úr loftslagsbreytingum

SKEL hefur mótað sjálfbærnistefnu, gert mikilvægisgreiningu og sett fram markmið fyrir stærstu félögin að fylgja til framtíðar. Þannig ætlar félagið að hafa sem mest áhrif á eignasafnið með stefnum og öðrum mikilvægum áhrifum. SKEL birtir markmiðin og árangur nokkurra félaga í sínu sjálfbærniuppgjöri og hefur tekið fyrstu skrefin með stóru félögunum. Starfsfólk félagsins stefnir að bættum árangri á sviði umhverfisverndar.


SKEL kappkostar að:

- ✓ Auka umhverfisvitund starfsfólks.
- ✓ Vernda og hlúa að umhverfinu.
- ✓ Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- ✓ Nýta efni og orku skynsamlega.
- ✓ Minnka myndun úrgangs.
- ✓ Auka notkun og framboð á umhverfisvænum vörum, þ.m.t. endurnýjanlegum orkugjöfum.

Hluti þeirra aðgerða sem SKEL hefur þegar hrint af stað er breyting í áherslum fjárfestinga. Félagið hefur í skýrslunni jafnframt birt áætlaða losun í eignasafni sínu fyrir árið 2022. Skeljungur hefur jafnframt náð umtalsverðum árangri í að ná utanum virðiskeðju sína, sérlega í umfangi 3.

1.20 Umhverfisvænt vöruframboð

Flokkunarreglugerð ESB (e.EU Taxonomy) er mikilvægur hluti af sjálfbærnireglugerðum Evrópusambandsins, sem settar voru á fót sem hluti af Green Deal sáttmála sambandsins árið 2019. Íslensk fyrirtæki sem flokkast sem stór fyrirtæki samkvæmt ársreikningalögum, eru með verðbréf sín skráð á markað eða starfa í tilteknum atvinnugreinum ber að greina árlega frá því hversu stórt hlutfall af veltu þeirra, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarútgjöldum falla undir flokkunarkerfið (eru taxonomy eligible). Atvinnustarfsemi er umhverfissjálfbær í skilningi flokkunarreglugerðarinnar þegar hún samræmist ferns konar viðmiðum.



Flokkunarreglugerðin	
1. Í fyrsta lagi þarf hún að styðja verulega við eitt eða fleiri af sex sérstaklega skilgreindum umhverfismarkmiðum:	2. Í öðru lagi þarf hún að bera í sér verulegt framlag til a.m.k. eins af umhverfismarkmiðunum.
a. Mildun loftslagsbreytinga.	3. Í þriðja lagi er skilyrði um að starfsemin skaði ekki verulega neitt af öðrum markmiðum.
b. Aðlögun að lofstlagsbreytingum.	
c. Sjálfbærri nýtingu og verndun vatns og sjávar-auðlinda.	4. Í fjórða lagi að lágmarksverndarráðstöfunum sé fullnægt. (e. Minimum safeguards) sem fela í sér kröfur um lágmarksmannréttindi í starfseminni, líka í virðiskeðjunni og góða stjórnarhætti.
d. Umbreytingu í hringrásarhagkerfi.	
e. Mengunarvörnum og eftirliti með mengun.	
f. Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.	

Mildun og aðlögun að lofstlagsbreytingum	Orkan	Skeljungur
Hlutfall fjárfestinga í umhverfisvæna vöruframboði	Rafhleðslustöðvar 70%	Á ekki við
Hlutfall heildarveltu	Óveruleg	Óveruleg
Hlutfall rekstrar	Óveruleg	Óveruleg
Fjárfesting í félögum	34% Straumlind	Á ekki við

Vöruframboð er einn lykillinn í því að aðstoða viðskiptavini eignasafnsins. Hjá fyrirtækjunum í eigu SKEL er unnið markvisst að því að auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa, sem og annarra umhverfisvænna vara í vöruframboði, með það að markmiði að valda minni losun. Þau verkefni sem að mati SKEL heyra undir flokkunarreglugerðina verða vonandi vaxandi í framtíðinni eftir því sem starfsgreinaflokkum fjölgar en ESB hefur gefið út tæknileg matsviðmið fyrir tvö af markmiðunum hér að ofan. Viðmið þar sem allar starfsgreinar geta mátað sig við flokkunarreglugerðina eru ekki komin fram.

Starfsemi Skeljungs er t.d. ekki talin flokkunarhæf að svo stöddu en félagið heldur ótrautt áfram sinni sjálfbærnivegferð og hefur sett sér markmið um minni losun með aðgerðabindingu. Rafhleðslustöðvar Orkunnar eru taldar eiga heima undir tæknilegum skilmálum um uppbyggingar og rekstur á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki en þó með ákveðnum fyrirvara um flutninga á vegum og hringrásarhagkerfið. Vegferðin er hafin og 70% fjárfestinga Orkunnar hafa verið í umhverfisvænum innviðum. Heimkaup hefur hafið vinnu við val á tækjum með minni orkunotkun ásamt nýtingu á umframvarama vegna kæla og frysta. Kaldalón vinnur að BREEAM in-use vottun sem talið er að ljúki á árinu 2024. Töluverð vinna er framundan við að meta hæfa starfsemi innan samstæðunnar.

1.21 Mengun

Félögin í eignasafninu eru hvött til þess að setja eigin stefnur og vottanir þar sem það á við en þau eru komin mislangt. Öryggis- og gæðamál eru mikilvæg í eignasafninu og sérlega mikilvæg hjá þeim félögum er stunda

starfsemi tengda jarðefnaeldsneyti. Þess vegna leggur SKEL áherslu á að þekkja vel áhrif félaganna á samfélag og umhverfi og leggur línurnar um að félögin skuli setja sér sínar eigin stefnur. Skeljungur hefur verið í fararbroddi í eignasafninu við að bæta öryggi en félagið starfrækir gæðastjórnunarkefi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í staðlinum ÍST EN ISO 9001:2015. Skeljungur starfrækir einnig umhverfissjórnunarkerfi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í staðlinum ÍST EN ISO 14001:2015. Orkan hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem fram koma stefnumál félagsins í umhverfis- og mengunarmálum og hyggst vinna enn frekar í málaflokknum. Öryggis- og gæðamál eru jafnframt mjög mikilvægur þáttur hjá Kletti.

5. Mannauðurinn

Markmið SKEL er að hafa innanborðs áhugasamt, hæft starfsfólk sem sýnir frumkvæði og metnað í starfi og tekur virkan þátt í að gera félagið sífellt betra. Starfsfólk SKEL tekur þátt í að móta og bæta starfsemina. Þess vegna er lögð áhersla á að hagsmunir starfsfólks fari saman við hagsmuni félagsins. Er þess krafist að Tfélög í eignasafninu starfi eftir góðum stjórnarháttum og lögum í landinu.

Mannauðsstefna SKEL rúmast innan sjálfbærnistefnu félagsins. Þar kemur fram að SKEL beri hag starfsfólks fyrir brjósti og virði hvers konar starfstengd réttindi starfsfólks í samræmi við lögboðin réttindi. SKEL stuðlar að jafnrétti á vinnustað og málefnalegum og sanngjörnum samskiptum. Einelti eða önnur áreitni er ekki liðin. Stefnan tekur á starfsfólki, starfsumhverfi og jafnrétti. SKEL einsetur sér að stuðla að tækifærum fyrir starfsfólk til að sækja sér aukna þekkingu og fræðslu sem stuðla skal að framförum í starfi.

Stjórnendum ber skylda til þess að taka rétt á málum ef þau koma upp og fylgja verklagsreglum um úrvinnslu atvika og mála í einu og öllu. Starfstengdar ákvarðanir eru byggðar á viðeigandi hæfni, verðleikum, frammistöðu og öðrum starfstengdum þáttum. Við ákvörðun launa skal gæta þess að ekki sé mismunað vegna kyns. Starfsfólki á að greiða jöfn laun fyrir sömu störf og jafnverðmæt störf. Móðurfélagið er of lítil eining til þess að fara í gegnum jafnlaunavottun.

Hjá félaginu eru sex fastir starfsmenn í mjög mismunandi störfum. Ein kona og fimm karlar á aldursbilinu 33 til 54. Einnig er starfað með ýmsum ráðgjöfum og öðrum sérfræðingum sem tengjast hverju verkefni fyrir sig. Ekki er haldið sérstaklega utan um upplýsingar um kyn þeirra þar sem samstarfsaðilar eru mismunandi lögaðilar og leitað er til þeirra á grundvelli þekkingar og reynslu á hverju verkefni fyrir sig. Gildandi sjálfbærnisstefna lýsir áherslum félagsins í jafnréttismálum en félagið leggur áherslu á fjölbreytileika í hæfni og sjónarmiðum stjórnenda og starfsmanna. Með þeim hætti sé mótað eftirsóknarvert og sanngjarnt starfsumhverfi sem styður við velferð alls starfsfólks.

Í sjálfbærnisstefnu SKEL segir um stefnu félagsins vegna fjölbreytileika:

„Félagið fagnar fjölbreytileika í samfélaginu og á meðal starfsfólksins og samþykkir ekki mismunun, áreiti eða einelti af nokkru tagi. Metnaður félagsins er fyrir því að vinnustaðurinn sé öruggur í öllum skilningi. SKEL leggur áherslu á að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallargildum og leitast við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.“

1.22 Starfskjör

SKEL hefur sett sér starfskjarastefnu í samræmi við samþykktir félagsins og þær meginreglur sem liggja til grundvallar 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera störf hjá Skel fjárfestingarfélagi hf. að eftirsóknarverðum valkosti fyrir fyrsta flokks starfsfólk og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð. Starfskjarastefnan er birt í heild sinni á heimasíðu félagsins. Allir starfsmenn sem það kjósa eru í stéttarfélagi.

Laun og aðrar greiðslur taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum og hún ávallt samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar á. Önnur starfskjör eru líkt og hjá sambærilegum félögum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof og fleira. Forstjóra er heimilt að greiða starfsfólki sérstaka kaupauka við sérstakar aðstæður. Umbun til forstjóra og annarra stjórnenda samræmist tilgangi og hagsmunum félagsins til lengri tíma.

Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við forstjóra en samningurinn kveður á um alla ráðningarskilmála, þar með talið grunnlaun, árangurstengdar greiðslur, greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, orlofsgreiðslur og uppsagnarfrest. Starfskjarastefnan er í heild sinni á heimasíðu félagsins.

1.23 Félagsleg vernd og heilbrigði

SKEL leitast við að tryggja öryggi á vinnustaðnum með því að leggja áherslu á fylgni við lög og reglur sem varða starfsemina, fullnægjandi leiðsögn og þjálfun starfsmanna og upplýsingagjöf til starfsmanna um öryggis- og umhverfismál. SKEL hvetur starfsfólk sitt til heilsusamlegs lífennis, jafnt líkamlegs sem andlegs. Starfsfólk getur sótt sér fjárstyrk vegna íþrótta eða annars er tengist heilsuefingu og boðið er upp á heilsufarsmælingar og sjúkdómavarnir.

Um veikindarétt, orlofsrétt, slysabætur og atvinnuleysisbætur gilda íslensk lög hverju sinni og réttindi samkvæmt kjarasamningum. Lög og kjarasamningar kveða á um útfærslu veikindaréttar; fjölda veikindadaga, skilyrði fyrir launuðu veikindaleyfi og fleira.

Í siðareglum SKEL kemur fram að félagið leitist við að bjóða starfsfólki gott starfsumhverfi, jafnvægi á milli vinnu og einkalífs og virðing sé borin fyrir fjölskylduaðstæðum starfsfólks og stjórnenda. SKEL ber hag starfsfólks fyrir brjósti og virðir hvers konar starfstengd réttindi starfsfólks í samræmi við lögboðin réttindi launafólks. Stuðlað er að jafnrétti á vinnustað og málefnalegum og sanngjörnum samskiptum og einelti eða önnur áreitni er ekki liðin.

1.24 Starfsfólk í virðiskeðjunni

Í sjálfbærnistefnu SKEL kemur fram að félagið einsetji sér að uppfylla kröfur laga, reglna og siðferðisviðmiða er snúa að mannréttindamálum. Félagið fagnar fjölbreytileika í samfélaginu og samþykkir ekki mismunun, áreiti eða einelti . Lögð er áhersla á að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallargildum og leitast er við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.

Farið er að einu og öllu eftir gildandi lögum um persónuvernd og upplýsingamiðlun skráðra hlutafélaga. Í siðareglum félagsins kemur fram að lögð sé áhersla á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og farið að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum. Sömu kröfur eru gerðar til þeirra sem SKEL skiptir við.

SKEL lætur ekki óréttmæta viðskiptahætti viðgangast og það er skylda starfsfólks að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á sjálfbærnisstefnu félagsins, siðareglum eða brot á annars konar stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum innan félagsins.

Samskipti við hagaðila eru afar dýrmæt og lögð er áhersla á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir á stefnu og starfsemi félagsins. Haldið verður vel utan um samskipti við hagaðila og brugðist vel við ábendingum.

6. Samfélög

Þar sem SKEL er fjárfestingafélag hefur það ekki sömu beinu áhrifin á samfélagið eins og félög sem eru í beinum samskiptum við neytendur. Aftur á móti þarf að líta til þess að meðal almennings eru eru mögulegir fjárfestar í félaginu svo það skiptir miklu máli að upplýsingar félagsins og ímynd séu rétt og ekki villandi. Samfélagið gerir kröfu til félaga á markaði að þau iðki góða viðskiptahætti sem aftur skilar sér í góðri ímynd sem þá getur haft áhrif á hluthafa og verðbréf. Með því að gera kröfur til félaga í eignasafninu leitast SKEL við að hafa góð áhrif á samfélagið líkt og ritað hefur verið um í skýrslu þessari. Fréttaflutningur og almenn ímynd eignasafnsins skiptir hér miklu máli.

7. Um skýrsluna

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga, þ.m.t. upplýsingum um umhverfispætti, samfélagspætti, og stjórnarhætti, samkvæmt 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

SKEL hefur hafið undirbúning að innleiðingu á sjálfbærnireglugerðum Evrópusambandsins. Flokkunarreglugerð ESB (e.EU Taxonomy). Flokkunarreglugerðin er mikilvægur hluti af sjálfbærnireglugerðum Evrópusambandsins, sem settar voru á fót sem hluti af Green Deal sáttmála sambandsins árið 2019. Fyrirtæki utan fjármálamarkaðar þurfa að birta hlutfall tekna og gjalda sem eru til komin vegna afurða eða þjónustu sem tengist atvinnustarfsemi sem uppfyllir skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær. Einnig þurfa þau að birta hlutfall fjárfestingarútgjalda sinna

sem tengjast eignum eða ferlum sem tengjast atvinnustarfsemi sem uppfyllir skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær. Vinna við það er hafin hjá tveimur félögum í eignasafninu. SKEL hefur jafnframt svarað spurningalista er varðar lágmarksverndarráðstafanir.

Tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD) tekur við af núverandi kröfum í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (grein 66.d). Tilskipuninni fylgir nýr staðall (European Sustainability Reporting Standards (ESRS) sem byggir á tveimur almennum viðmiðum og tíu viðmiðum um umhverfis-, félagslega þætti og stjórnarhætti. SKEL hefur tekið mið af ESRS staðlinum að hluta eða að svo miklu leyti sem gögn leyfa. Skýrslan gildir fyrir fjárhagsárið 2023 og er sett upp að hluta sem ESRS skýrsla.

Gögn er varða sjálfbærniupplýsingagjöf eru sett inn í umhverfisstjórnunarkerfi Klappa sem hafa skipulagt og hagað vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar sem kveða á um að framsetning upplýsinga um losun gróðurhúsalofttegunda verði að vera lýsandi, nákvæm, heilleg, samræmd og gagnsæ. Um er því að ræða ítrun upplýsingar í kerfi Klappa og breytingu frá árs- og sjálfbærniskýrslu SKEL fyrir fjárhagsárið 2022 en þeirri skýrslu var að mati Klappa hagað í samræmi við UNGC, Nasdaq, ESG, SDG og GRI og var tenging við þessa staðla dregin fram í uppgjörinu. Í ár er auk þess einnig horft til ESRS E-1 Climate Change sem er hluti af nýja staðlinum. Losun gróðurhúsalofttegunda og mælingar ná að einhverju leyti einnig yfir losun í eignasafninu. Sérstök tafla fylgir með yfirlokkum ESRS staðalsins. Formleg þýðing liggur ekki fyrir en um er að ræða þýðingu ráðgjafa.

Tengiliðir vegna upplýsinga er varða skýrsluna og efni hennar eru Guðrún Nielsen, forstöðumaður fjármála- og rekstrar og Stefán Ingi Þórisson, fjármálasérfræðingur hjá SKEL og löggiltur endurskoðandi. Leiðsögn við gerð og ritun skýrslunnar var í höndum Evu Magnúsdóttur, ráðgjafa og framkvæmdastjóra hjá Podium ehf.

8. ESRS tafla


ESRS 1 Almennar kröfur		Sjórnarháttayfirlýsing/stjórnarhættir	
ESRS 2 Almennar upplýsingar			
Umhverfi		ESG Nasdaq guidelines	Umfjöllun SKEL
ESRS E1	Loftslagsbreytingar		
	E1-1 Breytingaaáætlun til að draga úr loftslagsbreytingum		Stefna og áætlun til að draga úr loftslagsbreytingum
	E1-2 Stefna sem tengjast loftslagsbreytingum	E7.1,E7.3,E8,E9	Stefna og áætlun til að draga úr loftslagsbreytingum
	E1-3 Aðgerðir og úrræði í tengslum við stefnu í loftslags-breytingum		Stefna og áætlun til að draga úr loftslagsbreytingum
	E1-4 Markmið tengd loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim	E3.1,E3.2,E4,E5	Stefna og áætlun til að draga úr lofslagsbreytingum
	E1-5 Orkunotkun og hlutfall	E1.1,E1.2,E1.3	Umhverfisuppgjör
	E1-6 Brúttó umfang 1,2,3. og heildar losun gróðurhúsa-lofttegunda		Umhverfisuppgjör
	E1-7 Flutningur gróðurhúsalofttegunda og verkefni til að draga úr gróðurhúsaloft-tegundum fjármögnuð með kolefnislánum		Á ekki við
	E1-8 Innri kolefnisverðlagning		Á ekki við
	E1-9 Fjárhagsleg áhrif af efnislegri áhættu og umbreyt-ingaráhættu og mögulegum loftslagstengdum tækifærum		Stjórnun áhrifa, áhættu og tækifæra

ESRS E2	Mengun		
	E2-1 Stefna sem tengjast mengun	E7	Sjálfbærnistefna/mengun
	E2-2 Aðgerðir og auðlindir sem tengjast mengun		Á ekki við
	E2-3 Markmið sem tengjast mengun		Á ekki við
	E2-4 Mengun lofts, vatns og jarðvegs		Á ekki við
	E2-5 Áhyggjuefni og veruleg áhyggjuefni		Á ekki við
ESRS E3	Vatns- og sjávarauðlindir		
	E3-1 Stefna sem tengjast vatns- og sjávarauðlindum		Sjálfbærnistefna/mengun
	E3-2 Aðgerðir og auðlindir sem tengjast vatns- og sjá-varauðlindum		Á ekki við
	E3-3 Markmið sem tengjast vatni og sjávarauðlindum		Á ekki við
	E3-4 Vatnsneysla	E6.1,E6.2	Umhverfisuppgjör
	E3-5 Möguleg fjárhagsleg áhrif frá vatns- og sjávarauðlin-dum tengdum áhrifum, áhættum og tækifærum		Á ekki við
ESRS E4	Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi		
	E4-1 Aðlögunaráætlun um líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi		Á ekki við
	E4-2 Stefna sem tengjast líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum		Á ekki við
	E4-3 Aðgerðir og auðlindir sem tengjast líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum		Á ekki við
	E4-4 Markmið sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum		Á ekki við
	E4-5 Áhrifamælingar sem tengjast líffræðilegum fjöl-breytileikabog vistkerfi r eytast		Á ekki við
	E4-6 Möguleg fjárhagsleg áhrif frá líffræðilegum fjöl-breytileika og vistkerfum tengdum áhrifum, áhættum og tækifærum		Á ekki við
ESRS E5	Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi		Umhverfisuppgjör
	E5-1 Stefna sem tengjast auðlindanotkun og hringrásar -hagkerfi		Á ekki við
	E5-2 Aðgerðir og úrræði sem tengjast auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi		Á ekki við
	E5-3 Markmið sem tengjast auðlindanotkun og hrin grásarhagkerfinu		Á ekki við
	E5-4 Auðlindaflæði		Á ekki við
	E5-5 Auðlindaústreymi		Á ekki við
	E5-6 Möguleg fjárhagsleg áhrif af auðlindanotkun og áhrifum, áhættum og tækifærum sem tengjast hringrásar hagkerfi		Á ekki við

Félagslegir þættir				
ESRS S1	Starfsfólk			
	S1-1	Stefna sem tengjast starfsfólki/mannauðs Stefna	S6	Mannauðurinn, Sjálfbærnistefna
	S1-2	Ferli til að hafa samskipti við starfsfólk og fulltrúa þess um áhrif		Mannauðurinn, Sjálfbærnistefna
	S1-3	Ferli til að bæta úr neikvæðum áhrifum og ferli fyrir starfsfólk til að hafa áhrif		Mannauðurinn
	S1-4	Aðgerðir sem gripið var til vegna efnislegra áhrifa á starfsfólk og aðferðir við að draga úr áhættu og tækifæri sem tengjast starfsfólki		Mannauðurinn
	S1-5	Markmið sem tengjast stjórnun á verulegum neikvæðum áhrifum,- hvernig má eflajákv æð áhrif og stjórna verulegum áhættum og tækifærum		Mannauðurinn
	S1-6	Kynjahlutfall	S3.1,S3.2,S3.3, S5.1,S5.6	Mannauðurinn og sjálfbærniuppgjör
	S1-7	Kynjahlutfall starfsfólks annarra en fastráðinna		Mannauðurinn og sjálbærniuppg jör
	S1-8	Umfjöllun um kjarasamninga og félagslegar um-ræður	G4	Starfskjör, Starfskjarastefna
	S1-9	Vísar fyrir fjölbreytni	S4.1,S4.2,S4.3	Mannauðurinn, Starfskjarastefna
	S1-10	Viðunandi laun		Starfskjör, Starfskjarastefna
	S1-11	Félagsleg vernd	S7	Félagsleg vernd og heilbrigði
	S1-12	Fatlað fólk		Á ekki við
	S1-13	Þjálfun og færniþróunarvísar		Einstaklingsmiðuð þjálfun
	S1-14	Heilsu- og öryggisvísar	S8	Félagsleg vernd og heilbrigði
	S1-15	Jafnvægisvísar		Félagsleg vernd og heilbrigði
	S1-16	Jafnlaunavísar	S1, S2	Félagið er of lítið fyrir jafn-launavottun.
	S1-17	Atvik, kvartanir og alvarleg mannréttindaáhrif og atvik		Engar kvartanir
ESRS S2	Starfsfólk í virðiskeðjunni			
	S2-1	Stefna sem tengjast virðiskeðjustarfsmönnum		Starfsfólk í virðiskeðjunni
	S2-2	Ferli til að virðiskeðjustarfsmenn geti haft áhrif með samskiptum		Í gegnum eignasafnið
	S2-3	Ferli til að bæta úr neikvæðum áhrifum og leiðir fyrir starfsmenn virðiskeðju til að hafa áhrif		Í gegnum eignasafnið
	S2-4	Að grípa til aðgerða vegna efnislegra áhrifa á starfsmenn virðiskeðju og nálganir til að draga úr efnislegri áhættu og sækjast eftir mikilvægum tækifærum sem tengjast virðiskeðjustarfsmönnum og skilvirkni þessara aðgerða		Í gegnum eignasafnið
	S2-5	Markmið sem tengjast því að stjórna efnislegum neikvæðum áhrifum sem auka jákvæð áhrif og brjálæðisstjórnun á efnislegum áhættum og tækifærum		Í gegnum eignasafnið

ESRS S3	Samfélög sem verða fyrir áhrifum			
	S3-1	Stefna sem tengjast samfélögum sem verða fyrir áhrifum		Samfélög
	S3-2	Ferli til að eiga samskipti við samf élög sem verða fyrir áhrifum um áhrif		Samfélög
	S3-3	Aðferðir til að bæta úr neikvæðum áhrifum og leiðir samfélagsins sem verða fyrir áhrifum að vekja athy-gli á neikvæðum áhrifum		Á ekki við
	S3-4	Að grípa til aðgerða vegna efnislegra áhrifa á samfélög sem verða fyrir áhrifum og nálgunar til að draga úr efnislegri áhættu og benda á eða sækjast eftir efnislegum tækifærum		Á ekki við
	S3-5	Markmið sem tengjast stjórnun á verulegum neikvæðum áhrifum, efling jákvæðra áhrifa og stjórnun á verulegum áhættum og tækifærum		Á ekki við
ESRS S4	Neytendur og viðskiptavinir			
	S4-1	Stefna sem tengjast neytendum og viðskipta vinum		Á ekki við
	S4-2	Ferli til að hafa samskipti við neytendur og viðskiptavini		Á ekki við
	S4-3	Ferli til að bæta úr neikvæðum áhrifum og leiðir fyrir neytendur og viðskipta vini til að hafa áhrif		Á ekki við
	S4-4	Að grípa til aðgerða vegna efnislegra áhrifa á ney-tendur og viðskiptavini og nálganun sem dregur úr efnislegri áhættu og bendir á efnisleg tækifæri sem tengjast neytendum og viðskipta vinum		Á ekki við
	S4-5	Markmið sem tengjast stjórnun á verulegum neikvæðum áhrifum, efling á jákvæðum áhrifum og stjórnun á verulegum áhættum og tækifærum		Á ekki við
Stjórnarhættir				
ESRS G1	Viðskiptahegðun			
	G1-1	Stefna fyrirtækjamenningar og viðskiptahegðunar	G6.1, G6.2	Sjtórnarháttayfirlýsing, siðareglur, sjálfbærnistefna, viðskiptahegðun
	G1-2	Stjórnun samskipta við bir gja		Sjtórnarháttayfirlýsing, samskipti við birgja
	G1-3	Forvarnir og uppgötvun spillingar eða mútugreiðslna		Spillingar og mútumál
	G1-4	Staðfest atvik um spillingu eða mútur		Ekkert atvik
	G1-5	Pólitísk áhrif og hagsmunagæsla		Pólitísk áhrif og hagsmunagæsla
	G1-6	Greiðsluaðferðir		Á ekki við

*ESRS taflan er í samræmi við staðalinn og eru þó nokkrir hlutar hennar sem birtast jafnframt í sjálfbærniuppgjöri Klappa. Taflan birtist hér í grófri þýðingu. Staðallinn verður síðan formlega þýddur af til þess bærum yfirvöldum.



SKEL

Sími 444-3040
skel@skel.is

Kalkofnsvegur 2
101 Reykjavík